

SKOÐUN Eiríkur Smári Sigurðarson skrifar um afköst vísindamanna og ómarktækan samanburð. **15**



MENNING Sigurvegarar í street danskeppni vita fátt skemmtilegra en að dansa. **30**



SPORT Keflvíkingar tala nú um himnasendingu frá Bandaríkjunum þegar þeir lýsa Andy Johnston. **26**

LEIKHÚSFERÐ
TIL
LONDON
MEÐ MAGNÚSI GEIR ÞÓRDARSYNI

WOW
air

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
30. október 2013
255. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Uppbygging á Siglufirði

Athafnamaðurinn Róbert Guðfinnsson hefur fjárfest fyrir um þrjá milljarða króna á Siglufirði.

FRÉTTIR

Leiklistarnám í uppnámi Íslenskur leiklistarnemi í Danmörku lét ekki fjármálamisferli stöðva sig. **2**

Pólítísk bókaþól Stjórnmalameinu eru iðnir við að gefa út bækur fyrir jólin. Íslenskum barna- og unglingsbókum fjölga verulega milli ára. **4**

Vilja milljónir frá bænum Félag krefur Hafnarfjarðarbæ um 15 milljónir vegna kostnaðar við útboð. **6**



Bolungarvík	0°	A	13
Akureyri	-1°	A	7
Egilsstaðir	-1°	A	8
Kirkjubæjarkl.	2°	A	13
Reykjavík	2°	A	15

STORMUR eða hvassviðri víða á landinu í dag. Dregur úr vindi og úrkomu syðra er líður á daginn en hvessir NV til með ofankomu síðdegis. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Stöð 2 | Bílaleigur | Fólki



Gjöld á barnafólk hækkuð

Leikskólagjöld hækka um allt að 11,5 prósent samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár. Mesta hækka gjöldin á einstæða foreldra og öryrkja. Skólamáltíðir hækka um eitt þúsund krónur, 15,2 prósent.

REYKJAVÍKURBORG Allar gjaldskrár Reykjavíkurborgar hækka samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, en af sviðum borgarinnar hækka gjöld mest hjá skóla- og frístundasviði.

Flestar gjaldskrár eru sagðar munu hækka sem nemur verðbólgu, sem áætluð er 3,4 prósent. Foreldrar leikskólabarna munu hins vegar þurfa að taka á sig meiri hækkun. Þannig hækka mánaðargjald fyrir barn einstæðra foreldra eða barn öryrkja í átta tíma vistun um 1.675 krónur, eða sem nemur 10,9 prósentum. Hækkunin er 11,5 prósent fyrir barn í fimm tíma dagvistun.

Leikskólagjald fyrir barn hjóna og sambúðarfólks í átta tíma vistun hækka úr 25.800 krónum í 28.181 krónu. Hækkunin er 2.301 króna, eða 8,9 prósent.

Þá hækka gjald vegna barns hjá dagforeldri um 9 prósent. Máltíðir í grunnskólum hækka úr 6.600 krónum í 7.600 á mánuði. Sú hækkan, sem nemur 15,2 prósentum, er sögð vera til að bæta gæði matarins.

„Það varð ákveðin vísitölhækkan,“ segir S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra.

Í máli Jóns Gnarr á fundi borgarstjórnar í gær kom fram að þrátt fyrir hækkanir yrðu gjaldskrár fyrir skóla- og frístundaþjónustu áfram með þeim allra lægstu á landinu.

Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segir gjaldskrár- og skattahækkunir á núverandi kjörtímabili þýða að meðalfjölskyldan greiði 440 þúsund krónum meira á ári.

Sorphirðugjaldið hækkar um nær 10%

- Sorphirðugjald fyrir svarta tunnu við íbúðarhús í tíu daga hækkar úr 18.600 upp í 20.400 krónur. Hækkunin er 9,7 prósent.
- Gjöld hækka í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Stakt gjald fyrir börn 5-12 ára hækkar um 50 krónur, eða úr 550 krónum upp í 600. Það gera 9,1 prósent hækkan.
- Bókasafnskortið hækkar hjá Borgarbókasafninu um 200 krónur. Fer úr 1.700 krónum upp í 1.900. Hækkunin nemur 11,8 prósentum.



„Auðvitað finnur fólk fyrir þessu. Þetta kemur harðast niður á ungu fjölskyldufólki,“ segir Júlíus Vífill.

Í fjárhagsáætluninni kemur fram að í útkomuspá fyrir rekstur borgarinnar og fyrirtækja í eigu hennar er áætlað að staðan verði

neikvæð um tvo og hálfan milljarð króna í lok þessa árs. Gert er ráð fyrir að þessu verði snúið rækilega við og að rekstur borgarinnar verði jákvæður um rúma átta milljarða í lok næsta árs. Þar á Orkuveitan að spila lykilhlutverk.



MIKKIL VIÐBÚNAÐUR Eiturefnadeild slökkviliðsins fékk fót manna til meðhöndlunar á slökkvistöðinni í Skógarhlíð í gær og fór að öllu með gát eins og sjá má.

Fimm á bráðamóttöku eftir að amfetamínbasi slettist um allt við tolleftirlit: Öryggismál verða endurskoðuð

LÖGREGLUMÁL Öryggismál í Leifstöð verða endurskoðuð í kjölfar þess að flytja þurfti fjóra tollverði og rannsóknarlögreglumann á bráðamóttöku í gær með eitrunaráhrif vegna amfetamínbasu. „Það er gefið mál að það verður gert í framhaldinu af þessu atviki,“ segir Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður, sem var ekki einn þeirra sem þurftu að leita á spítala í gær.

Litháískur karlmaður sem var að koma frá Ósló hafði verið beðinn að koma inn á leitarstæði þar sem grunur lék á að eitthvað misjafnt væri að finna í raudvinsflösku sem hann hafði í farangrinum. Maðurinn grýtti flöskunni hins vegar í



KÁRI GUNNLAUGSSON

skoðaði það og hreinsaði,“ segir Kári. Fimm menningarnir voru fluttir í skyndi á bráðamóttöku þar sem vökvinn var skolaður af þeim. Þeir fengu höfuðverk, svima og köstuðu

upp, en reyndust þó ekki alvarlega veikir.

„Maður getur svo sem ekki útilokað neitt, en ég hefði nú ekki haldið að þetta væri neitt voðalega hættulegt,“ segir Kristín Ólafsdóttir, deildarstjóri hjá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturfnafræðum um amfetamínbasann. Hins vegar sé þung lykt af basa sem þessum og því sé ekki óeðlilegt að menn fái eitrunareinkenni þótt efnið sé ekki lífs-hættulegt.

Maðurinn er nú í haldi lögreglu. Ákveðið verður í dag hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir honum.

KSÍ seldi miða í nætursölu: Um helmingur miða til sölu

FÓTBOLTI Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), ákvað seint í fyrrkvöld að setja miða á landsleik Íslands og Króatíu í sölu klukkan fjögur í gærmorgun. Miðarnir voru uppseldir um klukkan átta í gær.

Alls voru 5.000 miðar seldir, en Laugardalsvöllur tekur 9.700 í sæti. Stuðningsmenn Króatíu fá 1.000 miða, samstarfsaðilar KSÍ 1.500 og boðgestir, stuðningsmannahópur landsliðsins og fleiri aðra 1.500. Ekki hefur fengist gefið upp hverjir fá 700 miða.

Mögulegt er að einhver miðakaup verði bakfærð sé grunur um að miðar hafi verið keyptir með endursölu í huga.



ÞÓRIR HÁKONARSON

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Paratabs®

Actavis

SPURNING DAGSINS



Tryggvi, mótmælti enginn sölu Gálgahrauns?

„Nei, álfarnir höfðu samband og lýstu velþóknun sinni á sölnni.“

Tryggvi Páll Friðriksson, uppboðshaldari hjá Gallerí Fold, seldi málverkíð Gálgahraun eftir Kjarval í fyrradag.

Rúmlega sextug kona gerði árangurslausa leit að málamyndamanni sínum: Fær að skilja við horfinn mann

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fallist á að veita rúmlega sextugri konu lögskilnað frá manni sínum, sem hún hefur ekki séð í 37 ár og gæti allt eins verið látinn. Konan giftist manningnum í Bretlandi í júní árið 1975, fluttist ein til Íslands árið eftir og hefur síðan gerst íslenskur ríkisborgari.

Síðan hefur hún ekkert spurt af manningnum. Hún reyndi að fá skilnað við íslensku utanríkisþjónustuna, Hjalpræðisherinn í Bretlandi og vefsíðu sem sérhæfir sig í að finna

Skilnaðarmál sárásjaldan fyrir dóm

Helga Vala Helgadóttir, lögmaður konunnar, segir skilnaðarmál sárásjaldan koma til kasta dómstóla. Hún muni aðeins eftir einu öðru og það hafi hún einnig séð um. Þá hafi íslensk kona viljað skilja við mann sem hafði flutt til útlanda en reyndist ómögulegt að hafa uppi á. Vitað var að sá var lífs.

Undanfarið ár hefur konan lagst í töluverða rannsóknarvinna til að hafa uppi á manningnum, án árangurs. Meðal annars var haft samband við íslensku utanríkisþjónustuna, Hjalpræðisherinn í Bretlandi og vefsíðu sem sérhæfir sig í að finna

horfna einstaklinga. Ekkert gekk og með hlíðsjón af framburði konunnar um að hjónabandið hafi aðeins verið til málamynda felst dómurinn á að konan mætti skilja við manningnum án þess að hann fengi nokkru um það ráðið.

Veigar við erfiðar aðstæður: Skip tók niðri í Breiðafirði

SIÁVARÚTVEGUR Lundey NS, fjölveiðiskip HB Granda, tók niðri í Breiðafirði síðastliðinn sunnudag. Smávægilegar skemmdir urðu á skipinu að því er segir á vef HB Granda. Skipið losnaði eftir að sjó var dælt úr kjölfestutönkum.

Atvikið átti sér stað er skipið var að síldveiðum á Hofsstadvogi. Aðstæður þar eru mjög erfiðar fyrir skip með stórar nætur.

Reiknað er með að Lundey komist aftur til veiða um næstu helgi.



SPENNTAR Stelpurnar voru ánægðar með að vera komnar með Airwaves-armbandið sem veitir aðgang að tónlistarhátíðinni.

MYND/DANIEL

Tónleikagestir hófu að sækja armbönd sín á Airwaves í gær: Örröð myndast fyrir alvöru í dag

FÓLK Vinkonurnar fimm, Anja, Antonia, Maritz, Charlotte og Kiki, fóru í gær að sækja armböndin sín á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves sem hefst í dag.

Stúlkurnar eru allar frá Þýskalandi fyrir utan Maritz sem er frá Hollandi. Þær komu til landsins í gær og fóru samstundis að sækja armböndin sín enda mjög spenntar fyrir hátíðinni. Að sögn Egils Tómassonar, starfsmanns hátíðarinnar, komu erlendir tónlistarmenn og gestir að sækja miðana sína í gær en hann telur að örtröðin muni myndast fyrir alvöru í dag.

- nej

Ekið á fólk í Peking:

Grunur beinist að Úígúrum

KÍNA, AP Kínverska lögreglan hefur rannskað tvo nafngreinda Úígúra í tengslum við rannsókn á atviki sem varð í gær á Torgi hins himneska friðar (Tiananmen-torgi) í Peking.

Þá var bifreið ekið inn í mannfjöldann með þeim afleiðingum að fimm manns létust og 38 slösuðust.

EKKI er vitað hvort lögreglan telur að Úígúrnarnir tveir hafi verið í bifreiðinni, sem ekið var á mannfjöldann, en þrír þeirra fimm sem létu lífið voru í bifreiðinni.

- gb

NÍGERÍA

Franskir gíslar frelsaðir

Fjórir franskir gíslar hafa verið frelsaðir í Nígeríu eftir að hafa verið í haldi hryðjuverkamanna frá september 2010. Þeir voru teknir höndum þegar árás var gerð á tvö frönsk fyrirtæki í Nígeríu.

SANDGERÐI

Meiri peningar í árshátíð

Bæjarráð Sandgerðis hefur samþykkt að hækka framlag til árshátíðar starfsmanna bæjarins úr 300.000 krónum í 500.000.

NEYTENDAMÁL

Auglýsing Nýherja í lagi

Neytendastofa mun ekki aðhafast vegna auglýsingar Nýherja þar sem sagði „Vertu með ALT undir CTRL“ þar sem þær fólu ekki í sér samanburð.

Fjársvik skólastjóra hefta leiklistarnám

Íslenskur leiklistarnemi í Danmörku stofnaði nýjan skóla ásamt kennurum sínum er fyrri skóli fór á hausinn vegna fjármálamisferlis. Hún er í fjórum störfum samhliða námi til að fjármagna það þar sem námið er ekki lánshæft hjá LÍN.

FÓLK Inga María Eyjólfadóttir hóf nám í dönskum leiklistarskóla haustið 2012 en neyddist til að hætta í skólanum þegar yfirmaður skólans varð uppvís að fjármálamisferli.

„Yfirmaður skólans rak skyndilega alla kennarana þegar hann sá í einkatölvupóstum þeirra að þau voru með hugmyndir um að stofna einhvern tíma í framtíðinni sinn eigin skóla,“ útskýrir Inga María.

„Við nemendurnir vorum ekki þar sáttrir við að vera án kennara og ákváðum í samstarfi við þá að stofna okkar eigin skóla. Þegar við fórum að rannsaka hvernig skólinn hafði verið fjármagnaður komumst við að því að nöfnin okkar höfðu verið nýtt til þess að svíkja peninga út úr kommúnni.“

Svindlið var með þeim hætti að yfirmaður skólans fékk styrki fyrir að vera með námskeið í nafni nemenda sem voru aldrei haldin. „Við vitum ekkert hvar þessir peningar eru núna,“ segir Inga. Málið var kært til lögreglu.

„Skólinn sem við stofnuðum svo heitir CISPA,“ segir Inga. CISPA stendur fyrir Copenhagen International School of Performing Arts. „Hann er áframhald af hinum skólanum, starfar á sama námsgrundvelli. Ég er eini Íslendingurinn sem ákvað að halda áfram. Hin sáu ekki fram á að geta haldið áfram af því að þau fengu ekki lán frá LÍN.“

Nú er hún í fjórum störfum til þess að fjármagna önnina. „Ég er að vinna á kaffihúsi, svo tek ég að mér heimilisþrif, ég passa börn og ég vinn á bar.“

Spurð að því hvar hún finni



FJÖLBREYTT NÁM „Parna erum við að vinna með erkitypur,“ útskýrir Inga en fjölbreytt nám er í skólanum sem er þegar kominn með góðan orðstír innan leiklistargeirans í Danmörku.

MYND/CISPA

tíma og orku til þess að sinna störfunum ásamt fullu námi segir hún: „Í viljanum til að gefast ekki upp. Ég sé ekki annað fyrir mér en að gera þetta sem ég er að gera.“

Hún viðurkennir þó að hún sé orðin mjög þreytt. „Ég veit að ég er að keyra mig út. Maður harkar samt áfram.“

Inga sótti um styrk til Hafnarfjarðarbæjar í sumar og biður nú eftir svörum. „Þeir gefa sig út fyrir að veita menningarstyrki. Ég er Hafnfirðingur, fædd og uppálin þar, og lít á mig sem menningarlegt fyrirbæri þannig séð,“ segir hún og hlær. Hún sendi

einnig menntamálaráðherra bréf í tvígang í því skyni að biðja um aðstoð til þess að fjármagna nám sitt.

„Ef ég næ ekki að klára að borga þarf ég að hætta og byrja að vinna til þess að borga fyrir það nám sem ég er þegar búin með. Þá missi ég líka heimili mitt af því að ég bý á stúdentagörðum.“

„Þetta er ömurlegt,“ viðurkennir Inga. „Það er verið að brjóta niður drauminn manns. Planið að koma til Danmerkur, fara í þennan skóla og hafa fengið lánað fyrir því til þess að mennta sig í því sem maður vill er allt í einu svo brothætt.“

nanna@frettabladid.is

ALLT FYRIR HALLOWEEN
Grímur, gervi og skraut **Þetta verði!**

Opið alla daga! **Meira úrval!**

Hokus Pokus

Allt okkar úrval á:
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Lítill hagvöxtur verður á árunum 2013 til 2015 samkvæmt hagspá ASÍ Óttast stöðnun í atvinnulífinu

VINNUMARKAÐUR „Það er ákveðin hætta á stöðnun í atvinnulífinu,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Samtökin hafa kynnt nýja hagspá fyrir árin 2013 til 2015. Samkvæmt henni verður hagvöxtur fremur lítill á tímabilinu eða 1,7 prósent í ár, 2,2 prósent á næsta ári og 2,5 prósent að tveimur árum liðnum. ASÍ segir að skýringarnar á litlum hagvexti séu meðal annars hversu erfiðlega gengur að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu og hversu lítið sé fjárfest.

Fjárfestingar minnka um 8,8 prósent í ár, vaxa í 14,1 prósent á næsta ári og verði orðnar 6,2 prósent árið 2015.

Ólafur Darri segir að skuldastaða heimilanna hafi heldur batnað. Útflutningshorfur hafi líka batnað sem skýrist af fjölgun ferðamanna og auknum aflaheimildum, innflutningur eykst á tímabilinu samhliða hóflegum vexti í fjárfestingu og einkaneyslu.

Þá segir Ólafur Darri að dregið hafi úr sveiflum á gengi krónunnar sem geti skýrt að einhverju leyti af aðgerðum Seðlabankans sem bодаði virkari aðgerðir á gjaldeyrismarkaði í maí með það að markmiði að auka gengisstöðugleikann. Þrátt fyrir það sé enn búist við mikilli verðbólgu þótt horfur hafi batnað.

-jme



DAUFT YFIR Lítill hagvöxtur verður á næstunni gangi hagspá ASÍ eftir. Ólafur Darri Andrason hagfræðingur segir að staðan á vinnumarkaði hafi batnað nokkuð. Atvinnuleysi mælist nú um 4,7 prósent en litlar líkur séu taldar á að það minnki mikið á spátímanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR
CARGO 

FAGUR FISKUR Í SKÓG

FRAKTFLUG MEÐ ICELANDAIR CARGO ER FRAMLAG ÞITT TIL SKÓGRÆKTAR OG UPPGRÆÐSLU

Jöfnunargjald fyrir hvert kíló af flugfrakt

Frá og með deginum í dag vinna Icelandair Cargo og Kolviður saman að kolefnisjöfnun vegna flugfraktar. Við höldum upp á þessi tímamót með því að greiða jöfnunargjald fyrir hvert kíló sem flutt verður með Icelandair Cargo í dag.

Íslenskar sjávarafurðir draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Við bjóðum viðskiptavinum okkar að kolefnisjafna alla flugfrakt frá og með deginum í dag. Með því komum við til móts við óskir markaðarins um bestu mögulegu gæði sjávarafurða sem flogið er með til neytenda á eins ábyrgan og umhverfisvænan hátt og kostur er. Í samstarfi við Kolvið leggjum við okkar af mörkum til að auka enn frekar forskot íslenskra sjávarafurða á erlendum markaði og gefum öllum viðskiptavinum með flugfrakt færi á að sýna ábyrga umhverfisstefnu í verki.

 KOLVIÐUR

SVONA ERUM VIÐ



55 til 60 þúsund íslendingar stunda stangveiði í ám og vötnum á ári hverju,

af því er rannsóknir benda til. Talið er að fimm þúsund útlendingar sækja Ísland heim til að veiða á stöng.

Segir öllum frjálst að leita réttar síns vegna brota á lögum um höfundarrétt: Hafnar ásökunum um lögbrot

HÖFUNDARRÉTTUR „Það eina sem ég hef um það að segja er að öllum er frjálst að leita réttar síns,“ segir Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Tals, þegar hún er innt eftir viðbrögðum vegna Samtaka myndrétthafa á Íslandi (SMÁIS), sem hyggjast kæra fyrirtækið fyrir brot á lögum um höfundarrétt.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁIS, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að samtökin hygðust kæra Tal



PETREA INGILEIF GUÐMUNDSDÓTTIR

„Ég vil taka fram að Tal hafnar

og flix.is fyrir að bjóða upp á tæknilegar lausnir til þess að nálgast ólöglega efnisveitur eins og Netflix og Hulu. Hann telur þjónustu fyrirtækjanna skýrt brot á lögum um höfundarrétt.

Því að Lúxusnet Tals sé ólöglegt. Við teljum að þessi nýja leið sé einfaldlega hluti af þeirri þróun sem á sér stað í netheiminum,“ segir Petrea og bætir við: „Tal telur að internetið sé alþjóðlegt fyrirbæri og án landamæra.“

Þetta er annar báturinn sem Trefjar selja klasturinn, sem keypti fiskibát á síðasta ári. Báturinn er nefndur Pantanassa og mun hann sinna farþega- og vöruflutningum fyrir klasturinn til og frá Athos-skaga.

Þetta er annar báturinn sem Trefjar selja klasturinn, sem keypti fiskibát á síðasta ári. Báturinn er nefndur Pantanassa og mun hann sinna farþega- og vöruflutningum fyrir klasturinn til og frá Athos-skaga.

Trefjar selja munkum bát: Munkar kaupa Cleopötru

Bátasmiðjan Trefjar frá Hafnarfirði seldi nýlega Cleopatra-farþegabát til munkaklausturs í Vatopedi í austurhluta Grikklands. Frá þessu er sagt á vef Fiskifréttta.

Þetta er annar báturinn sem Trefjar selja klasturinn, sem keypti fiskibát á síðasta ári.

Báturinn er nefndur Pantanassa og mun hann sinna farþega- og vöruflutningum fyrir klasturinn til og frá Athos-skaga.

Réttarhöldin á Ítalíu:

Skipstjórinn vildi sigla nær

ÍTALÍA, AP Antonello Tievoli, einn úr áhöfn skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, játaði fyrir rétti



FRANCESCO SCHETTINO

í gær að hafa beðið Francesco Schettino skipstjóra um að sigla nær eyjunni Giglio. Tievoli segist hafa beðið Schettino um þetta til að gleðja fjölskyldu sína, sem býr á eyjunni.

Þetta var viku áður en skipið strandaði þar í ársbyrjun 2012. Schettino varð við beiðninni og skipaði svo fyrir að siglt skyldi nær en venjulega. Eftir að hafa siglt framhjá sagðist Schettino hafa viljað sigla enn nær, og skipaði svo fyrir að það skyldi gert viku seinna. En þá strandaði skipið á skeri.

Bandarískir ráðamenn:

Boða breytingu á leyniþjónustu

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur, ásamt áhrifamiklum þingmönnum, boðað endurskoðun á nýjstastarfsemi leyniþjónustunnar.




BARACK OBAMA

Meðal annars er Obama sagður íhuga að láta stöðva allt eftirlit með samtölum og netsamskiptum leiðtoga vinveittra þjóða.

Viðbrögðin virðast markast af því, að ráðamönnum þyki leyniþjónustan hafa gengið of langt.

FJÖLDI ÚTGEFINNA BÓKATITLA Á ÁRI



Verða pólitísk bókajól

Ævisagan hefur fengið uppreisn æru og stjórnálamenn eru iðnir við að gefa út bækur fyrir jólin. Íslenskum barna- og unglingabókum fjölga verulega milli ára.

MENNING „Við sjáum uppreisn ævisögunnar. Íslensku barnabækurnar eru komnar á gott skrið, sennilega vegna þess að íslensku barnabókaverðlaunin verða afhent í fyrsta skipti í ár. Það hefur greinilega hleypt kappi í barnabókhöfundum,“ segir Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókauitgefenda um jólabókamarkaðinn.

Félag íslenskra bókauitgefenda gefur árlega út Bókatiðindi og þar eru birtar upplýsingar um 80 til 90 prósent allra bóka sem koma út í landinu. Í ár eru titlarnir í Bókatiðindum 784 en í fyrra, sem var metár í bókauitgáfu, voru þeir 813.

Ef einstakir flokkar eru skoðaðir sést að mesti samdrátturinn er í útgáfu þýðdra barnabóka, þar fækkar titlum um 24, í ár falla 99 bækur í þann flokk en voru 123 í fyrra.

Gróska er í íslenskum barna-

og unglingabókum. Í fyrra voru gefnar út 62 frumsamdar bækur í þessum flokki en í ár eru þær 73. Þeim sem vilja gefa út æviminningar sínar fjölga sömuleiðis nokkuð því tíu fleiri sjá ástæðu til þess í ár en í fyrra. Það ár voru ævisögur hins vegar óvenjufár eða 28.

Bækur sem falla í flokkinn íslensk skáldverk eru 52 í ár en voru 57 í fyrra. Skáldverum fækkar því á milli ára. Þýddum skáldverkum fjölga hins vegar talsvert á milli ára. Nú verða þýdd skáldverk 81 en voru 69 í fyrra.

„Ég held að þetta verði fín bókajól. Fyrir nokkrum árum voru mjög fá þýdd skáldverk gefin út en þeim hefur fjölgað aftur. Annars finnst mér það líka tíðindi hversu margir stjórnmálamenn eru að gefa út bækur. Þar má nefna Óssur Skarphéðinsson, Steingrím J. Sigfússon og svo er

Annars finnst mér það líka tíðindi hversu margir stjórnmálamenn eru að gefa út bækur [...] Þetta eru dálítið pólitísk jól.

Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókauitgefenda

Guðni Ágústsson með brandarabók. Þetta eru dálítið pólitísk jól,“ segir Bryndís Loftsdóttir.

Hún segir að hvorki Einar Már né Einar Kárason gefi út bækur fyrir þessi jól en metsölurithöfundarnir Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir komi með nýjar bækur fyrir jólin.

johanna@frettabladid.is

Breytingar við Laugaveg: Verslunarhús verður hótél

SKIPULAGSMÁL Fasteignafélagið L66-68 hefur fengið leyfi byggingarfulltrúa til að byggja ofan á Laugaveg 66-68 og innrétta í 34 herbergja hótél í húsinu. Bæta á 32 herbergjum við síðar.

Efst hæðin á að vera inndregin. Herbergin 34 sem taka eiga 64 gesti verða öll ofan 1. hæðar en á neðstu hæðinni verður starfsmannaaðstaða, veitingasalur, bar og móttaka hótels auk verslunar-rýmis.

Í seinni áfanga er ætlunin að rífa hús á baklöd og byggja við allar hæðir og tvöfalda með því mögulegan gestafjölda.

Könnun á umburðarlyndi: Tortryggir gagnvart íslam

DANMÖRK Þriðji hver Dani er þeirrar skoðunar að takmarka eigi rétt múslíma til að iðka trú sína opinberlega. 29 prósent segja að þanna eigi blæjur og slæður múslíma.

Þetta eru niðurstöður könnunar á umburðarlyndi gagnvart innflytjendum sem gerð var við Háskólann í Árósum.

Aðstandendur rannsóknarinnar segja Dani ekki viðbúna fjölbjódasamfélagi.


Þátttakendur í könnuninni voru 2.000 Danir á aldrinum 18 til 76 ára.

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Íbúafundur í Vesturbyggð

Í dag verður haldinn fundur með íbúum sunnanverðra Vestfjarða og þingmönnum kjördæmisins um málefni Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar. Mikill urgur er í heimamönnum vegna áforma um sameiningu heilbrigðisstofnana.


Veðurspá




VONSKUVEÐUR Austan stormur með töluverðri úrkomu á landinu í dag. Hvassast syðst og má gera ráð fyrir hvössum vindstrengjum við fjöll á sunnan- og vestanverðu landinu. Norðaustan stormur með ofankomu á Vestfjörðum síðdegis.

Alicante 20°	Billund 13°	Gautaborg 12°	London 15°	Orlando 27°	San Francisco 15°
Basel 18°	Frankfurt 11°	Kaupmannahöfn 12°	Mallorca 20°	Ósló 8°	Stokkhólmur 9°
Berlín 11°	Friedrichshafen 12°	Las Palmas 24°	New York 15°	París 13°	

Gildistími korta er um hádegi



Á morgun 5-15 m/s, hvassast NV til.



Föstudagur 8-18 m/s.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

RÝMUM FYRIR NYJUM VÖRUM 50% AFSLÁTTUR!



rekkjan

H E I L S U R Ú M

VEISTU SVARIÐ?



1. Á hvaða ferðamannastað hafa rekstraraðilar ákveðið að hefja gjaldtöku?
2. Hversu margar leiguíbúðir vantar í Reykjavík að mati Samtaka leigjenda?
3. Hvaða íslensku hljómsveitir eru tilnefndar til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs?

SVÖR:

1. Geysissvæðinu. 2. Um 3500. 3. Mezzo-forte og Nordic Affekt.

Tyrkir opna með viðhöfn lestargöng undir Bosporusund og undirbúa frekari framkvæmdir við sunnið: Neðansjávangöng tengja Evrópu við Asíu

TYRKLAND Tyrkir opnuðu í gær göng undir Bosporusund, sem liggur á milli Asíu- og Evrópuhluta stórborgarinnar Ístanbul, fjölmennustu borgar Tyrklands.

Reiknað er með að 1,5 milljónir farþega fari um göngin daglega með lest. Það gæti dregið úr umferðar-teppum sem hafa lengi verið vandamál í Ístanbul vegna þess að brýrnar tvær yfir Bosporusund anna ekki umferðinni.


Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hefur lagt

mikla áherslu á þessa framkvæmd, en hann hefur verið gagnrýndur fyrir bruðl og flotræfilshátt.

Göngin eru alls 13,8 kílómetra löng, en 1,4 kílómetrar eru undir sundinu sjálfu.

Erdogan hefur frekari áform um stórfremkvæmdir, meðal annars um önnur göng til hliðar við þessi fyrir bílaumferð og þriðju brúna yfir sunnið. Þá vill hann láta gera nýjan flugvöll í Ístanbul og grafa stóran skurð fyrir skipaumferð framhjá Bosporusundi.

→ Göngin undir Bosporus



Byggingarleyfi fyrir fjölbýlishúsi á Grandavegi 42 til 44: Leyfa háhýsi með 141 íbúð

FRAMKVÆMDIR Félagið Þingvangur hefur fengið byggingarleyfi fyrir tveggja til níu hæða fjölbýlishúsi með 141 íbúð á Grandavegi 42 til 44.

Undir húsinu verður bíla-kjallari á tveimur hæðum með stæði fyrir 173 bíla. Um er að ræða svokallað Lýsislóð sem Þingvangur keypti af Landey hf., dótturfélagi Arion banka. Sjávarlóðin hefur verið auð frá því Lýsishúsið var rífið fyrir sjö árum. Að því er fram kom á Vísi í nóvember í fyrra gerir skipu-



GRANDAVEGUR Hús Lýsis var rífið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lag ráð fyrir hjúkunarheimili í hinum enda lóðarinnar. - gar

Krefst milljóna fyrir útboð sem fjaraði út

Hafnarfjarðarbær er krafinn um 15 milljóna króna „innborgun“ upp í bætur vegna kostnaðar við alútböð á hjúkunarheimili. Eftir kærnu stóðu Sólvellir ses. eftir sem eini hæfi bjóðandinn. Þá var hætt við útboðið. Borgum ekki, segir bæjarstjórnin.

DÓMSMÁL Sjálfseignarstofnunin Sólvellir krefst þess að Hafnarfjarðarbær greiði 15 milljónir króna vegna kostnaðar við útboð á hjúkunarheimili á Völlumum.

Sólvellir ses. tóku þátt í útboði um byggingu hjúkunarheimilisins á árinu 2010. Það gerði sömuleiðis Umönnun ses. sem einnig var metin hæfur bjóðandi. Eftir kærnu Sólvalla var ákvörðun bæjarins um hæfi Umönnunar úrskurðuð ógild í febrúar 2011 því aðilar þar tengdust þeim sem gerðu útboðsgögnin.

„Þá var bara einn eftir og sjálfgefið að við færum ekki í alútböð með einn aðila,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Guðrún segir að bærinn hafi í kjölfarið ákveðið að endurskoða ferlið. Sólvellir hafi þá krafist bóta en því verið hafnað.

Upphaflega útboðið var svokallað alútböð; það er bjóðendur áttu að annast allt verkið, að hönnun meðtalinni. Guðrún segir að nú hafi farið fram útboð og samið hafi verið um hönnunina eina. Aðrir þættir séu boðnir út sérstaklega. Gert sé ráð fyrir að hjúkunarheimilið sem er með sextíu rými og standi í Skarðshlíð, innst á Völlumum, verði tekið í notkun um þar næstu áramót.

Að Sólvöllum stendur hópur tengdur hjúkunarheimilinu Sólvangi. Í honum eru Sigbrúður Ingimundardóttir hjúkunarforstjóri, Helgi Númason, endurskoðandi Sólvangs, og Erna Friða Berg, fyrrverandi forstjóri Sól-



VALLAHVERFIÐ Nýtt hjúkunarheimili á að rísa í Skarðshlíð innst í Vallahverfinu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

„Þá var bara einn eftir og sjálfgefið að við værum ekki að fara í alútböð með einn aðila.“

vangs, sem jafnframt sat í stjórn Félags eldri borgara í Hafnarfirði þegar félagið gerðist stofnaðili að Sólvöllum.

Í bréfi lögmanns Sólvalla til Hafnarfjarðarbæjar er sett fram

sundurliðuð ríflega 15 milljóna króna krafa sem „innborgun“ bæjarins vegna kostnaðar sem lagt hafi verið í. Þá er ítrekað að bærinn skuldi Sólvöllum 350 þúsund krónur í málskostnað vegna kærnu í upphaflega útboðinu.

„Það var ekki tekin formleg afstaða en ég geri ráð fyrir að svarið verði með sama hætti og síðast, að bótakröfu sé hafnað,“ segir bæjarstjórnin sem falið var af bæjarráði að svara kröfu Sólvalla.

Guðrún tekur þó fram að til standi að greiða Sólvöllum fyrrnefndan 350 þúsund króna kostnað úr kærnumálunni. „Að sjálfsögðu er velkomið að greiða það.“

gar@frettabladid.is

Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 31. október gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin 2013 og frímerkjaröð tileinkaða íslenskri myndlist auk frímerkis til að minnast 100 ára afmælis Morgunblaðsins. Jólapyði Póstsins 2013 er tileinkuð þremur kirkjum.

Myndefni jólafrímerkjanna er fengið úr steindum glugga yfir dyrum Hallgrímskirkju eftir Leif Breiðfjörð. Svonefndur AR-kóði er byggður inn í jólafrímerkin. Með því að hlaða niður sepac stamps-appinu í snjallsíma eða spjaldtölvu má skoða gluggann í heild sinni og Hallgrímskirkju frá ýmsum sjónarhornum og jafnframt njóta orgelleiks Harðar Áskelssonar.



sepac
STAMPS



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050 Fax: 580 1059 Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is



Ráðherra áformar að náttúrupassinn verði lögfestur snemma á næsta ári:

Flókið að rukka inn við Geysi

FERÐAÞJÓNUSTA Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, telur að það verði flókið fyrir landeigendur á Geysi að innheimta sjálfir gjald af ferðamönnum þar sem ríkið eigi hluta af landinu í Haukadál.

Hún telur best að allir ferðamannastaðir verði með í náttúrupassa sem hún vonar að verði lögfestur snemma á næsta ári.

Eins og fram hefur komið ætla landeigendur á svæðinu að innheimta gjald af ferðamönnum fyrir að skoða svæðið. Gjaldið á að standa undir uppbyggingu á svæðinu. Málið er flókið þar sem ríkið á 35 prósent lands á svæðinu, þar með talið þann hluta landsins þar sem hverirnir Geysir og Strokkur eru.

Ragnheiður vill ekki útiloka fyrr en á reyni að ekki verði hægt að ná samkomulagi við landeigendur. Það sé mjög aðkallandi að bæta aðstöðu á ferðamannastöðum um allt land, en eftir sé að útfæra hvernig fjármagn verði deilt á milli staða.

„Ég get ekki lofað á þessu stigi máls hversu mikið hver fær. Það er seinni tíma mál. En markmiðið er klárlega að tryggja fjármagn,“ segir Ragnheiður.

Í yfirlýsingu frá Samtökum ferðaþjónustunnar




GOSHVERIR Bæði Geysir og Strokkur eru á landi sem tilheyrir ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

er áformum um gjaldtöku á Geysissvæðinu mót-mælt harðlega. Þar segir að samtökin séu reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um útfærslu á náttúrupassanum.

- bj, hmp



Upplifðu Iceland Airwaves með Símanum




Lára Rúnarsdóttir
Lára Rúnars

Sveinbjörn Thorarensen
Hermigervill

Daníel Björnsson
Sometime

Margrét Rán
Vök

Sæktu appið



Njóttu þess að vera á Iceland Airwaves!

Með Iceland Airwaves appi Símans færðu upplýsingar um alla viðburði, on- og off-venue, setur saman þína eigin dagskrá og færð áminningu 15 mínútum fyrir tónleika. Þú getur séð viðtöl og myndbönd með flytjendum, lesið dóma um tónleika gærdagsins, fylgst með röðunum í beinni og hlustað á Iceland Airwaves Spotify lagalista.



TRAUSTIR AÐILAR

**GERÐU FRÁBÆR KAUP Á
NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS**

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



**TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

BMW X3 xDrive20d
Nýskr. 02/12, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 141789.

**Frábært verð
7.890 þús.**



CHEVROLET CAPTIVA 7 manna
Nýskr. 09/11, ekinn 40 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.780 þús.
Rnr. 151751.



TOYOTA YARIS DÍSil
Nýskr. 05/09, ekinn 51 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 1.950 þús.
Rnr. 141774.



SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/09, ekinn 91 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr. 191102.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE 4x4
Nýskr. 06/10, ekinn 87 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 130716.



LEXUS GS300
Nýskr. 02/08, ekinn 62 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.980 þús.
Rnr. 130761.



RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 12/07, ekinn 85 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.320 þús.
Rnr. 141742.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Ákváðu fyrirkomulag sölu seint um kvöld

Framkvæmd miðasölu á landsleik Íslands og Króatíu vakti reiði margra í gær. Ákvörðunin um að setja miðana í sölu klukkan fjögur um nóttina var tekin kvöldið áður. Fólk virðist ekki hafa hamstrað miðana, segir framkvæmdastjóri KSÍ.

FÓTBOLTI „Ég talaði við Ólaf (Thorarensen) hjá midi.is seint í fyrrkvöld. Það var lokasímtal. Við vorum auðvitað búnir að vera í reglulegum samskiptum við þá,“ segir Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands.

Fjölmarginir landsmenn vökn-uðu upp við vandan draum í gær. Um áttaleytið hafði selst upp á viðureign íslenska karlalandsliðsins gegn því króatíska í umspili um laust sæti á heimsmeistarátönu næsta sumar. Ljóst var að eftirspurn eftir miðum væri mikil, söguleg, og höfðu forsvarsmenn KSÍ tilkynnt, með dags fyrirvara, að miðar færu í sölu í gær. Aldrei kom þó fram klukkan hvað.

Þórir segir ákvörðunina um nákvæma tímasetningu á miðasölu ekki hafa verið tekna fyrir en í fyrrnefndu símtali sínu við Ólaf í fyrrkvöld. Úr varð niðurstaðan að miðasala hæfist klukkan fjögur að nóttu til. Ákvörðunin var Þóris.

„Hugmyndin var einfaldlega sú að reyna að tryggja jafna miðasölu fram eftir morgni og gekk það eftir þar til um klukkan 7 í morgun þegar um 3.000 miðar seldust á um 20 mínútum og á þeim tíma var gríðarlegt álag á kerfinu,“ segir í yfirlýsingu sem Þórir sendi frá sér síðdegis í gær. Þar sagðist hann taka fulla ábyrgð á ákvörðuninni, viðurkenndi að um mistök hefði verið að ræða og baðst afsökunar.

Ólafur hjá midi.is sendi sömu-leiðis frá sér yfirlýsingu þar sem fullyrft var að sölukerfi midi.is væri „sett upp til að þola gríðarlegt álag og þótt allir miðarnir á leikinn hafi selst upp á tæpum 4 klukkutímum komu engir hnökur upp í kerfinu“.

Þórir fylgdist sjálfur með því þegar salan hófst um nóttina. Hann segir greinilegt að einhverjir hafi vakt að miðasölu og verið í start-holunum um það leyti sem miða-



STEMNING Líklega hefði vel á annan tug þúsunda íslenskra knattspyrnuunnenda viljað skella sér á leikinn gegn Króótum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

VÍSBENDINGAR UM MIÐABRASK

Mest var hægt að kaupa sex miða í einu á landsleik Íslands og Króatíu á midi.is snemma dags í gær. Þó var ekkert sem kom í veg fyrir að fólk gæti keypt sex miða og svo aftur sex miða. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, segist hafa fengið ábendingar um að einhverjir hafi keypt óeðlilega marga miða og væru að reyna að hagnast á kaupunum með endursölu.

„En í þeim tilvikum, þar sem fólk hefur keypt óeðlilega mikið af miðum og miðarnir jafnvel komnir á sölu, verða miðakaupin bakfærð,“ sagði Þórir.

→ Nákvæm dreifing miða liggur ekki fyrir

Laugardalsvöllur tekur alls 9.700 manns í sæti. Miðunum var deilt á eftirfarandi hátt:

- 1.000 miðar til stuðningsmanna Króatíu.
- 1.500 miðar til samstarfsaðila KSÍ.
- 1.500 miðar til boðsgesta, fyrrverandi landsliðsmanna, fjölmiðla, leikmanna, Tólfunnar, A-passa.
- 5.000 miðar í almenna sölu.
- 700 miðar í annað, ekki hefur fengist uppgæfið frá KSÍ hverjir fá þá miða.

sala hófst. Hann segir þó gríðarlegan kipp hafa komið í sölu þegar fólk fór að ranka við sér á heimilum sínum um morguninn.

Stuðningsmannahópur íslenska landsliðsins, Tólfan, fékk miða til sölu síðdegis á mánudag. Um takmarkað magn miða var að ræða og fengu færri miða en vildu. Hópurinn fékk þó ákveðna vísbendingu

um að sofa ekki yfir sig frá framkvæmdastjóranum.

„Þeir spurðu mig að því hvenær salan myndi hefjast. Það lá ekki fyrir. Ég sagði þeim að það yrði snemma í fyrriamálið. Ég held að þær upplýsingar hafi einnig komið fram á Fésbókarsíðu KSÍ,“ segir Þórir.

kolbeintumi@frettabladid.is

Álagning opinberra gjalda á lögaðila árið 2013

Álagningu tekjuskatts er lokið á lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla, sbr. og 4. mgr. 71. gr., sem og álagningu annarra opinberra gjalda lögaðila sem lögð skulu á vegna tekjuársins 2012 skv. VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningarseðlar eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á rsk.is og skattur.is.

Álagningarskrár, sem sýna álagða skatta á lögaðila í viðkomandi sveitarfélagi, liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 30. október til 13. nóvember 2013 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur mánudaginn 2. desember 2013.

Auglýsing þessi er birt, sbr. 98. gr. framangreindra laga.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á rsk.is

Ferð þú til Akureyrar?

Skelltu þér á Bosch kaffivél sem fékk bestu einkunnina* og þú gætir unnið ferð til Akureyrar.

Gildir í þrjá daga: Miðvikudag, fimmtudag og föstudag.
Vinningshafi dreginn út nú á laugardaginn kemur, 2. nóvember.



Flug fyrir tvo með Flugfélagi Íslands til Akureyrar.



Akureyri



Hótel KEA

Gisting fyrir tvo á Hótel KEA ásamt morgunverði og þriggja rétta kvöldverði.



Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN
MAR 2013



Råd & Rön
GÓÐ KAUP
April 2012

TÆNK
I FYRSTA SÆTI
Maj 2012



Prefaldaðu vinningslíkur þínar með því að kaupa allt morgunverðarsettið (brauðrist, kaffivél og hraðsuðukönnu).

Þú kemst einnig í pottinn ef þú kaupir einhverja aðra kaffivél í sömu línu: TKA 8013/TKA 8633/TKA 8631/TKA 8651. Verð frá 15.900 kr.

*TKA 8011 fékk hæstu einkunn hjá danska neytendablaðinu Tænk. Einnig umsögnina „Góð kaup“ hjá sænska neytendablaðinu Råd & Rön. Loks hefur hún hlotið hönnunarverðlaunin IF design award.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Stjórnvöld í Danmörku: Barátta gegn glæpagengjum

DANMÖRK Dönsk stjórnvöld hafa kynnt tillögur um hertar aðgerðir gegn glæpagengjum. Lagt er til að refsingar vegna vopnaburðar verði þyngdar og geti orðið allt að eins og hálfis árs fangelsi. Stjórnvöld vilja einnig takmarka möguleika á að félagar í glæpagengjum geti fengið reynslulausn úr fangelsum. Jafnframt er lagt til að möguleikinn á tvöfaldri refsingu verði aukinn ef um er að ræða glæpa-gengja. -ibs

Leigubílstjórinn sem ók á Íslending ákærður fyrir manndráp af gáleysi: Bíllinn á allt of miklum hraða

LÖGREGLUMÁL „Við teljum að hann hafi verið á alltof miklum hraða,“ sagði Jesper Lotz lögreglumaður í viðtali við Extra Bladet í gær. Leigubílstjóri sem keyrði á Dagnýju Grímsdóttur, 26 ára íslenska konu, í Kaupmannahöfn aðfaranótt 20. október síðastliðins, með þeim afleiðingum að hún lést af sárum sínum, hefur verið kærður fyrir manndráp af gáleysi. Jesper segir að Dagný hafi að öllum líkindum verið að kalla á leigubíl þegar slysið varð og verið

komin langt út á götuna. Lögreglan hefur talað við leigubílstjóra sem keyrði framhjá stuttu fyrir slysið og segist hafa þurft að sveigja frá til þess að aka ekki á hana. Slysið, sem varð skammt frá gatnamótum Hans Christian Andersen-breiðgötunnar og Tietgensgade, er enn í rannsókn og bíður lögreglan meðal annars eftir niðurstöðum úr krufningu. Dagný var 26 ára gömul og hafði búið í Kaupmannahöfn í nokkurn tíma þar sem hún stundaði nám. -vg



DAGNÝ GRÍMSDÓTTIR Dagný bjó í Danmörku og var aðeins 26 ára gömul þegar hún lést.

Samkeppni um Dyrfjöll: Norðmaður fékk milljón

SKIPULAGSMÁL Norski arkitektinn Eirik Rønning Andersen sigraði í hugmyndasamkeppni um bættu aðstöðu fyrir ferðafólk í Stóru- og nágrenni Dyrfjalla að því er segir á vef Fljótsdalshéraðs. Verðlaunin voru ein milljón króna. Fljótsdalshérað og Borgarfjarðarhreppur stóðu fyrir samkeppninni. Markmiðið var að styrkja mynd Dyrfjalla og Stóru- rðar sem ferðamannastaðar og bæta aðgengi göngufólks. -gar



HRAUN Hraunavinir hafa mótmælt lagningu nýs Álftanesvegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðhorf til nýs Álftanesvegar: Fleiri andvígir en hlynntir

KÖNNUN Fleiri eru andvígir en hlynntir nýjum Álftanesvegi sem liggur um Gálgahraun/Garðahraun samkvæmt nýrri könnun MMR. Alls eru 42,4 prósent andvíg lagningu vegarins en 24,1 prósent hlynnt. Um 32,6 prósent sögðust hvorki hlynnt né andvíg. Nær helmingur íbúa höfuðborgarsvæðisins, um 48,5 prósent, er andvígur lagningu vegarins, en 25,7 prósent eru andvíg. Um 32 prósent íbúa landsbyggðarinnar eru andvígir því að vegurinn verði lagður og 24 prósent eru því hlynnt. Könnun MMR var gerð dagana 25. til 29. október, þátttakendur voru 939 og 90,7 prósent tók afstöðu til spurningarinnar. -bj

www.volkswagen.is

Fárviðri kostaði 15 mannlíf

Veðrið í norðanverðri Evrópu á mánudag varð eitt hið versta sem geisad hefur á þeim slóðum. Truflanir urðu á samgöngum og töluvert eignatjón varð í færviðrinu. Fimmtán létust í óveðrinu, flestir í Þýskalandi og Bretlandi.

BRETLAND, AP Fárviðrið í norðanverðri Evrópu á mánudag kostaði fimmtán manns lífið. Sá síðasti var ökumaður í Danmörku en hann lést þegar hann ók á tré, sem hvassviðrið hafði fellt um koll. Veðrið er eitt það versta sem geisad hefur á þessum slóðum árum saman. Hundruð trjáa rifnuðu upp með rötum, þök fuku af húsum og samgöngur féllu niður. Alls létu sex manns lífið í Þýskalandi, fimm í Bretlandi, tveir í Danmörku, einn í Frakklandi og einn í Hollandi. Fjöldi manns varð fyrir meiðslum af ýmsu tagi og í Svíþjóð, Danmörku, Eistlandi og Lettlandi var rafmagnslaust á nokkrum stöðum í gærmorgun. -gb



GASSPRENGING Í LONDON Talið er að sprenging hafi orðið þegar tré féll niður á gasleiðslur. Sprengingin lagði þrjú hús í rúst. NORDICPHOTOS/AFP



HUNDRUÐ TRJÁA RIFNUÐU UPP Víða lentu trén á bifreiðum, eins og þarna sést í Amsterdam. NORDICPHOTOS/AFP



HAMAGANGUR Öldurnar brotna á hafnargarði í Boulogne í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Volkswagen Polo Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.460.000 kr.

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskíptur



Das Auto.



Heimspekk
hönnun á
hagstæðu verði



Random hilla
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 216x82x26sm
249.000,-

Var áður 325.400,-
Þú sparar 76.400,-



Randomito hilla
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 96x82x20sm
89.900,- Hvít

Þú sparar 10.000,-
Aðrir litir 95.900,-



Tense borð 90x240sm
Hönnun: Neuland Industriedesign

399.900,-
Verð áður 498.500,-
Þú sparar 98.600,-

Achille stóll
Hönnun: Jean Marie
Massaud, 2011

118.900,-
Þú sparar 15.600,-



Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafjörður

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is




VIÐ FLYTJUM ÍSLENSKA TÓNLIST

Á SLIPPBARNUM



Slippbarinn við Reykjavíkurhöfn er „off-venue“ heimili Icelandair á Iceland Airwaves. Þar verður hægt að upplifa allt það besta sem Iceland Airwaves býður upp á. Rétt eins og í flugvélum Icelandair flytjum við íslenska tónlist. Icelandair er aðalstyrktaraðili Iceland Airwaves frá upphafi.



ICELANDAIR OFF-VENUE 2013

SLIPPBARINN

THE LINE-UP  **FREE ADMISSION**

starts	october 31st THURSDAY	november 1st FRIDAY	november 2nd SATURDAY
12:00	ÁRSTÍDIR	YLJA	PASCAL PINON
17:00	VÖK	SAMARIS	HJALTALÍN
18:00	OJBA RASTA	HERMIGERVILL	LAY LOW
19:00	KALEO	RETRO STEFSON	VALDIMAR

ICELANDAIR AIRWAVES 13
FREE ADMISSION // OFF-VENUE

SLIPPBARINN

ICELANDAIR AIRWAVES 13
OCT 30 - NOV 03

Umræðan um umræðuna:

Ekki segja svart, ekki segja hvítt

Megineinkenni íslenskrar umræðuhefðar er tortryggnin. Allir sem viðra skoðanir sínar, beðnir eða óumbeðnir, eru grunaðir um að reka erindi einhvers annars en sjálfs sín. Þeir hljóta að hafa einhvern annan málstað að verja en liggur í augum uppi. Það hlýtur að vera eitthvert plott í pokahorninu. Það virðist vera óhugsandi að fólk myndi sér skoðanir út frá eigin hyggjuviti og menntun óháð því hvort sú skoðun er þóknanleg þessum eða hinum pólitíska arminum, og þá er átt við pólitík í víðasta skilningi. Það er alltaf leitað að tengslum við-

komandi við þetta eða hitt batt-eríð og því veifað sigri hrós-andi að þessi hafi sko einu sinni sést á fundi hjá femínistum eða mætt í partí í Valhöll. Sem sagt verið einhvers staðar þar sem hann hafi fengið línuna lagða.

Fólk æsir sig yfir því að fræðimenn í sömu grein séu

Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



ekki sammála um leiksýningu, að sú sem lofar hana hljóti að stjórnast af femínískum öfgum og sá sem lastar hana hljóti að aðhyllast gamaldags hugmyndafræði hvíttra miðaldra karlskrögga. Rökin eru þau að þar sem viðkomandi aðilar séu menntaðir í sömu fræðigreini hljóti þeir að eiga að komast að sömu niðurstöðu nema einhver annarleg sjónarmið séu undir- liggjandi. Eins og það sé ekki akkúrat drifkraftur fræðanna að fólk nálgast þau frá ólíkum sjónarhornum og varpar mismun- andi ljósi á þau.

Sama gildir um þá sem tjá sig um nýjan þjóðmálabátt í sjónvarpi hvort sem er til lofs eða lasts. Þeim er umsvifalaust skipað á ystu brúnir andstæðra vængja stjórnmalanna og öll sú umræða ratar beinustu leið út í skurð. Það er sem sagt ekki inni í myndinni að fólk geti líkað eitthvað sem pólitískir andstæð- ingar hafa fram að færa eða mislíkað einhver nálgun samherja í tókinni þeirri. Ut frá því virðist gengið að allir hafi gengist undir einhvern trúnaðareid um það að hafa aldrei nokkra sjálf- stæða skoðun á nokkrum hlut. Og undir öllu kraumar sú land- læga firra að ef þú aðhyllist einhverja ákveðna skoðun í ákveðnu máli þá leiði það af sjálfu sér að þú hafir þessa eða hina skoð- unina á öllum öðrum málum. Þú ert annaðhvort í þessu liði eða hinu og öll frávik frá stefnu liðsins virðast svo fánálega lang- sótt hugmynd að hún er aldrei einu sinni dregin fram.

Þessi stimplunarárátta og tortryggni eyðileggur alla opinbera umræðu á Íslandi. Það er endalaust ekið í hringi, helst með skítadreifara í eftirdragi, og árangurinn verður í samræmi við það. Engu er breytt, engir nýir vinklar leyfðir, umræðan hjakk- ar í sama farinu og sömu málin koma upp ár eftir ár eftir ár með sömu formerkjum og sömu grátlegu niðurstöðu, eða niðurstöðu- leysi öllu heldur. Það er líkast því að í gangi sé endalaus umferð af Frúnni í Hamborg þar sem sá sem spurður er má hvorki segja svart né hvítt, já né nei án þess að vera umsvifalaust dæmdur úr leik. Og umræðan um sömu málin, eða náskyld mál, byrjar aftur á byrjunarreit í næstu umferð. Svo eru allir steinhissa á að hér verði lítil framþróun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



SIEMENS

Bakstursofn
HB 23AB221S (hvítur)
Einnig fáanlegur í stáli.

Keramíkhelluborð
ET 651NE17E

Pakkaþilboð
(ofn og helluborð):
189.900 kr. stgr.
Fullt verð: 259.800 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

PR-mennirnir í KSÍ

Póri Hákonarsyni og félögum í KSÍ hafa verið býsna mislagðar hendur undanfarin misseri og ósjaldan sem þeir hafa komið heldur klaufalega fyrir sjónir almennings. Menn muna til dæmis eftir stóra stríðubúllumálinu frá Zürich árið 2009, og eitthvað örlaði á vanstillingu í viðbrögðum sambands- ins þegar í ljós kom að Aron Jóhann- son hafði kosið að leika með banda- ríska landsliðinu fyrr í ár. Og enn gekk þeim illa að fóta sig á svellinu í gær, þegar þeir sættu gagnrýni fyrir það að selja eftirsóttustu aðgöngumiða á fótþolaleik í Íslandssögunni um miðja nótt og láta engan vita af því fyrirfram. KSÍ mun hafa staðið til boða nýverið að fá almannatengla til

að annast allt umstangið í kringum miðasölu. Því var hafnað. Þeir hafa væntanlega metið það svo að þeir væru alveg nógu færir í almanna- tengslunum sjálfir. Það var rangt mat.

Sjálfstætt Seltjarnarnes

Magnús Örn Guðmundsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í 4. til 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnar- nes. Í tilkynningu kemur fram að Magnús leggi meðal annars „áherslu á sjálfstætt Seltjarnarnes“. Þetta er tímabær yfirlýsing. Með sjálfstæðu Seltjarnarnesi yrði draumur Jóns Gnarr um tollahlíð á Nesveginum loksins að veruleika og það þyrfti ekki nema eina formúlubraut úti á Gróttu til að Nesið gæti með réttu kallað sig Mónakó norðursins.



Þekkti málið vel

Á þessum stað í gær var vikið að því að það væri hæpið hjá Brynjari Níelssyni að halda því fram að þyngri refsingar lægju við því að stela og dreifa höfundarréttarvörðu efni á vef- um en að kaupa sér vændi, enda hafi annað komið í ljós í eina dómnum yfir hópi manna sem gerði það fyrrnefnda – svokölluðum DC++-dómi: þeim var ekki gerð refsing, ólíkt vændis kaup- endum sem hafa allir verið sektaðir.

Það sem ekki kom fram í blaði gærdagsins var að Brynjar vissi auðvitað vel af þessu þegar hann skrifaði pistilinn sinn um málið. Hann var jú verjandi DC++-mannanna. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Of auðvelt að taka meira

FJÁRMÁL



Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi

Ímyndum okkur að þegar borgarstjórn biður Reykvíkinga um að taka af fjár- munum sínum til að leggja í sameigin- legan sjóð eigi þeir að mæta í Ráðhúsið, standa í röð og rétta borgarfulltrúum peningaseðlana sína. Það væri augljós- lega ekki skilvirkt, en þannig yrði þó líklega borin meiri virðing fyrir því að útsvarið er peningar borgarbúa sem þeir treysta að farið sé með eins vel og hægt er.

Nú er útsvarið í Reykjavík í leyfilegu hámarki; 14,48% af því sem borgar- búar vinna sér inn. Útsvarsprósentu má aldrei líta á sem lögmál heldur á hún alltaf að vera til skoðunar með það að markmiði að borgarbúar haldi sem mestu eftir af tekjunum.

Parkinson nokkur setti fram lögmál um að hvert verkefni sem unnið væri hjá hinu opinbera tæki þann tíma sem því væri úthlutað. Seinna setti Niska- nen fram kenningar um að forsvars- menn opinberra stofnana hefðu tilhneig- ingu til að þenja út umsvif þeirra, nema kjörnir fulltrúar settu þeim mörk. Með þetta til hliðsjónar má velta fyrir sér hvort það segi sig ekki sjálft að væri leyfilegt útsvar hærra, væri það áfram nýtt upp í topp. Ef það væri lægra, væri að sama skapi fundið út úr því.

→ Það væri ekki eins auðvelt að biðja borgarbúa að koma aftur í Ráðhúsið og standa aftur í röð til að borga aðeins meira – og líklegra að kerfi myndi rýna tölurnar betur til að þurfa ekki að biðja þá um það.

Undanfarnir ár hefur aðhaldið verið fært frá borgarkerfinu yfir á borgarbúa með hærri álögum. Þegar unnið er með abstrakt tölur í Excel-skjölum tapast skynjunin á að við erum að tala um bein- harðar og dýrmætari ráðstöfunartekjur borgarbúa. Þess vegna er líka alltof auðvelt að hækka útsvarið um prósentu- brot. Það væri ekki eins auðvelt að biðja borgarbúa að koma aftur í Ráðhúsið og standa aftur í röð til að borga aðeins meira – og líklegra að kerfi myndi rýna tölurnar betur til að þurfa ekki að biðja þá um það. Þannig á nálgunin að vera.

Það er lágmark að borgarfulltrúar muni – sérstaklega núna þegar borgar- stjórn liggur yfir fjárhagsáætlun – að þeir þurfa að fara með útsvarstekjurnar eins og sérhver borgarú hafi gert sér ferð í Ráðhúsið og rétt þeim peningana sína.

Epli og könglar

Hvað segði íþróttafólk við því ef bornar væru saman heilu íþróttagreinarnar á grunni markatölu? Í sumum íþróttum eru einfaldlega ekki skoruo mörk heldur er árangur metinn á annan hátt. Í körfubolta eru körfurnar og stigin mörg en í fótbolta eru þau fá. Þetta þarf að hafa í huga þegar ástundun og árangur í íþróttum er veginn og metinn.

VÍSINDI



Dr. Eiríkur Smári Sigurðarson
rannsóknastjóri á Hugvísindasviði HÍ

mismunandi birtingahefð á Íslandi en stýðjast má við greiningu sem Danská rannsóknaráðið birtir árlega (<http://fivu.dk/publikationer/2012/filer-2012/forskningsbarometer-2012.pdf>).

Þar sést (bls. 72) að 84% allra birtinga í verkfræði- og náttúruvísindum eru í tímaritum. Í heilbrigðisvísindum er sambærileg tala 96%. Í félagsvísindum eru 60% birtinga í tímaritum og í hugvísindum (sem í tilfelli Dana innihalda menntavísindi) er hlutfallið 52%. Greinar í ritgerðasöfnunum eru hins vegar 44% af öllum birtingum í hugvísindum. Fyrirfram er engin ástæða til að ætla að þessi hlutföll séu önnur á Íslandi. Samanburður sem nær einungis yfir tímaritsbirtingar gefur því mjög villandi mynd af hlutfallslegum styrk og vinnuframlagi vísindanna.

Ómarktækur samanburður

Málið versnar enn þegar hin svokölluðu ISI-tímarit eru skoðuð nánar. ISI er í raun gagnagrunnur yfir mikinn fjölda tímarita sem bandaríska fyrirtækið Thomson Reuters á og rekur. Hann nær yfir veflest tímarit í verkfræði- og raunvísindum og heilbrigðisvísindum. Því er hann góður grunnur til að skoða virkni og árangur á þessum sviðum. Það er hins vegar almennt viðurkennt að hann er gagnslítill þegar kemur að hug-, félags- og menntavísindum. Það vantar einfaldlega stóran hluta virtustu tímarita í þessum greinum í grunninn. Þetta þýðir að stór hluti birtinga hug-, félags- og menntavísindafólks í tímaritum

→ Samanburður sem nær einungis yfir tímaritsbirtingar gefur því mjög villandi mynd af hlutfallslegum styrk og vinnuframlagi vísindanna.

ratar ekki inn í tölfræði ISI. Þetta gerir samanburð byggðan á ISI-grunninum ómarktækan.

Vel þekkt staðreynd

Að lokum er nauðsynlegt að minnst á aðra vel þekktu staðreynd sem hefur mikil áhrif á alla tölfræði um birtingar á ólíkum fræðasviðum. Mjög víða innan verk-, tækni- og heilbrigðisvísinda tíðkast að margir höfundar sameinist um greinar. Þegar doktorsnemar birta greinar í tímaritum eru t.d. leiðbeinendur þeirra líka skráðir höfundar greinanna ásamt öðrum sem tengdust viðkomandi rannsókn. Í félags- og menntavísindum er þetta ekki eins algengt og enn sjaldgæfara í hugvísindum. Þessi munur helgast fyrst og fremst af mismunandi hefðum og ekki gott að segja hvort önnur leiðin sé betri en hin. Þetta þýðir hins vegar að sambærileg virkni í til dæmis heilbrigðisvísindum og hugvísindum kemur fram í mun færri skráðum birtingum á höfunda í hugvísindum en í heilbrigðisvísindum.

Af þessu ætti að vera ljóst að samanburðurinn sem greinin í Fréttablaðinu byggir á er ekki bara marklaus heldur fráleit. Vissulega má ræða innbyrðis styrkleika ólíkra greina innan Háskóla Íslands en sú umræða verður að byggja á marktækum samanburði.

Ólíkt eftir greinum

Birtingar niðurstaðna rannsókna á viðurkenndum vettvangi er góður mælikvarði á árangur rannsóknastarfs. Um það eru flestir samála. Það er hins vegar mjög ólíkt eftir greinum hver þessi viðurkenndi vettvangur er. Í sumum greinum vísinda eru svo til allar niðurstöður birtar í tímaritum. Þetta á við um stóran hluta verkfræði- og náttúruvísinda ásamt heilbrigðisvísindum. Í hug-, félags- og menntavísindum er hins vegar mun algengara að birta niðurstöður rannsókna í bókum eða ritgerðum sem birtast í ritgerðasöfnum. Ekki er til neitt skýrt yfirlit yfir

AF NETINU

Útflutningsleiðin

Það er merkilegt að fylgjast með af hvílkri trúmennsku stjórnin fylgir utanríkisstefnu þeirri sem Ólafur Ragnar Grímsson tók að móta á árunum þegar hann var formaður sósíalístaflökks sem nefndist Alþýðubandalagið.

Þá hét þessi stefna „útflutningsleiðin“. Kjarni hennar eru aukin viðskipti við Kína. Eftir því sem Ólafur situr lengur á forsetastóli verður hann trúaðri á „útflutningsleiðina“.

Utanríkisráðherra Íslands segir í viðtali við Bloomberg-fréttaveituna að hann voni að Ísland gangi aldrei í Evrópusambandið, hann vill þess í stað horfa til Kína og styrkja tengslin þangað.

Á sínum tíma var borgaralegum stjórnmalámönnum á Íslandi mjög í mun að berjast gegn einræðisöflum- og þá með lýðræðisöflunum. Hvað varð um þá baráttu?

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils/>

Egill Helgason



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2014

Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2014 fer fram á menntagatt.is dagana 1. nóvember til 30. nóvember 2013. Einstakir skólar kunna að bjóða upp á lengra innritunartímabil og eru upplýsingar um það veittar á vefsíðu viðkomandi skóla. Rafrænt umsóknareyðublað og nauðsynlegar upplýsingar um innritunina má nálgast á menntagatt.is. Námsmatsstofnun hefur umsjón með innritun og eru nánari upplýsingar veittar í síma 550 2400.

Umsóknir um nám í dagskóla

Umsækjendur sem ekki hafa veflykil tiltækan geta sótt hann á menntagatt.is. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nemum sem koma erlendis frá er bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hyggjast senda umsókn.

Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám


Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað en nám í dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa það í boði. Skólarnir auglýsa umsóknarfrest sjálfir og leggja til umsóknareyðublað. Umsækjendum er bent á að snúa sér til viðkomandi skóla. Upplýsingar um framhaldsskólana má finna á menntagatt.is Allar nánari upplýsingar um innritun á vorönn 2014 eru veittar í framhaldsskólunum. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið innritun@namsmat.is

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 30. október 2013.
menntamálaráðuneyti.is

www.renault.is



SPARNEYTNIR Á GÓÐU VERÐI



RENAULT MEGANE
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil

4,2
L/100 KM*

Verð: 3.890 þús. kr.



RENAULT CLIO
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil

3,4
L/100 KM*

Verð: 2.890 þús. kr.



RENAULT SCENIC
Sjálfsk. dísil

4,7
L/100 KM*

Verð: 4.290 þús. kr.

GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.

*Miðað við uppgæfnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GUÐMUNDUR ÓLAFUR GUÐMUNDSSON
bifreiðastjóri,
Rauðalæk 36, Reykjavík,



sem lést á Landspítalanum þriðjudaginn 22. október, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. nóvember 2013 kl. 13.00.

Gyða Sigrún Stefánsdóttir
Guðný Ólafsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Ágúst Ólafsson
Stefán Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Aðalsteinn Jón Símonarson
Stefán Aadnegard
Eva Matthildur Steingrimsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir

+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

GUÐBJÖRG BÁRÐARDÓTTIR
Hjallaselí 27,



lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt mánudagsins 28. október sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Garðar Einarsson
Einar Már Garðarsson
Garðar Már og Eythar Már
Ágústa Bárðardóttir
Elinborg Bárðardóttir
Sigurbjörn Bárðarson

Eimee Damasín
Porsteinn Porsteinsson
Ómar Sigfússon
Friða Steinarsdóttir
Bárður Bárðarson

+

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JAKOB ÞÓR ÓSKARSSON

sem lést miðvikudaginn 23. október, verður jarðsönginn frá Háteigskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 15.00.

Hulda S. Knudsen
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SVANHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR
Hlíðarhúsum 3,



lést á Hjúkrunarheimilinu Eir hinn 25. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 4. nóvember kl. 15.00.

Pétur Eiríksson
Marta Pétursdóttir
Ragnheiður Karítas Pétursdóttir
Pétur Hörður Pétursson

Unnur Lea Pálsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

+

Útför æskuvinar míns og elskulegs eiginmanns,

VIÐGÓÐS EINARS MAACK
skipaverkfræðings,
Porragötu 7, Reykjavík 107,



fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 1. nóvember kl. 13.00. Látið Slysavarna-félagið Landsbjörgu njóta hlýhugar.

F.h. fjölskyldunnar
Ásta Þorsteinsdóttir Maack

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BJARNI GUÐMANN SIGURÐSSON
Berugötu 5, Borgarnesi,



andaðist á heimili sínu laugardaginn 26. október. Útför hans verður gerð frá Borgarnesarkirkju mánudaginn 4. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.

Ingibjörg Jónsdóttir
Kristján Björn Bjarnason
Friðjón Bjarnason
Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir og afabörn.

Helen H. Ármannsdóttir
Auður Aðalsteinsdóttir

+

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GEIR AGNAR ZOËGA
Dyngjuvegi 1,



sem andaðist á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 22. október, verður jarðsönginn frá Áskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

Helga Zoëga
Geir Þórarinn Zoëga
Þórdís Zoëga
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Kristjánsson
Vilborg Traustadóttir
Ólafur E. Friðriksson

+

Ástkær eiginmaður minn,

KENNETH JACK LISTER
Sólheimum 23, Reykjavík,



lést á Landspítalanum hinn 27. september síðastliðinn. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigríður Kristín Lister.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

KRISTJÁN BENJAMÍNSSON
Holtsgötu 12,



lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 31. október kl. 13.00.

Hulda Guðmundsdóttir
Kristín Berglind Kristjánsdóttir
Broddi Kristjánsson og barnabörn.

Páll Kristján Svansson
Helga Þóra Þórarinsdóttir

+

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

EMIL HJARTARSON
húsgagnsmiður,



lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 27. október.

Sigríður Emilsdóttir
Erla Emilsdóttir
Guðrún Emilsdóttir
Bryndís Emilsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnar Harðarson
Gunnar Bjarnason
Hjalte Ástbjartsson

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

+

Alúðarþakkir til allra sem sýndu okkur vinarhug og heiðruðu minningu ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og tengdasonar,

JÓNS RÚNARS GUNNARSSONAR
samanburðarmálfræðings.



Margrét Jónsdóttir
Þóra Jónsdóttir
Bergljót Jónsdóttir
Ásgrímur Karl Gröndal
Jón S. Einarsson.

Sveinbjörn Gröndal
Arnaldur Sigurðsson



TÓNLISTARKONA Kristín er sellóleikari, tónskáld og raftónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með selló og tölvu

Meðal þeirra sem hafa mikið að gera þessa dagana er Kristín Lárusdóttir sellóleikari.

Kristín Lárusdóttir sellóleikari heldur hádegistónleika í dag, miðvikudag, á veitingastaðnum Og þó á Laugavegi 74 og í kvöld klukkan 20.30 verður hún á Bravó á Laugavegi 22. Þar flytur Kristín eigin verk, því auk þess að spila á selló er hún tónskáld og raftónlistarmaður. Á morgun verður hún í Nora Magasín í Pósthússtræti og á föstudag og sunnudag á Hótel Borg en á laugardag á Hótel Reykjavík Natura. Allir tilheyra þessir tónleikar Airwaves.

Kristín hefur nýlega gefið út disk sem heitir Hefring með eigin tónlist sem hún útsetti sjálf, spilaði og tók upp. Hún útskrifaðist í vor úr framhaldsnámi í raftónlist frá Tónlistarskóla Kópavogs, fyrst til að ljúka prófi í þeirri grein hér á landi og fékk toppeinkunn fyrir útskriftartónleikana. -gun

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN ANDRÉSDÓTTIR
f. 11.05.1924,
áður til heimilis í Æsufelli 4,



andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 27. október. Útför hennar fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva og verður auglýst nánar síðar.

María Henley
Valgerður Björk Einarssdóttir
Guðný Alda Einarssdóttir
Þórdís Heiða Einarssdóttir
Sturla Einarsson
Andrés Einar Einarsson
Guðrún Björg Einarssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Ólafsson
Freyja Valgeirsdóttir
Halldóra Berglind Brynjarsdóttir
Helgi Guðjón Bjarnason

+

Elskuleg unnusta mín, mamma, dóttir, tengdadóttir, systir, barnabarn, frænka og vinkona,

THELMA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR
Gullengi 37, 112 Reykjavík,



lést fimmtudaginn 24. október. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 4. nóvember kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á söfnunarreikning fyrir börn þeirra 0111-15-383085, kt. 071011-2910.

Guðmundur Skúli Margeirsson
Margeir Óli Guðmundsson
Brynja Líf Guðmundsdóttir

Guðrjúður Jónsdóttir
Hafdís Þórhallsdóttir
Jón Grétar Gunnarsson
Hildur Arna Gunnarsdóttir
Jón G. Halldórsson
systkinabörn og aðrir ástvinir.

Gunnar Kristinn Sigurðsson
Margeir Sigurðsson

OYSTER PERPETUAL DATEJUST



ROLEX



MICHELSSEN

ÚRSMIDIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. október 2013 | 30. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN
PRENTUN!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

MILLJARÐA UPPBYGGING Á SIGLUFIRÐI

- Viðtal við Róbert Guðfinnsson, athafnamann frá Siglufirði.
- Framkvæmdir við 68 herbergja hótél hefjast á næstu mánuðum.
- Ólík verkefni í ferðaþjónustu og líftækni sameinast við smábátahöfnina.

SÍÐA 4



Íslenskir neytendur svartsýnni

Svartsýni íslenskra neytenda gagnvart stöðu og horfum í efnahagslífinu jókst í október í samanburði við mánuðinn á undan.

Þetta kemur fram í nýbirtri mælingu Væntingavísitölu Gallup fyrir októbermánuð.

Vísitalan mældist 67,5 stig í október og lækkaði um tæp sex stig frá septembermánuði. Þegar vísitalan er borin saman við sama mánuð í fyrra sést að hún mældist nú 10,5 stigum lægri en í október 2012.

Þegar þróun vísitölunnar er skoðuð eftir kyni svarenda sést að konur voru svartsýnni en karlar, bæði í október og september. Munurinn var 37 stig í september og hafði hann þá ekki verið meiri síðan í maí árið 2004.

Dregur úr taprekstri Nokia

Finnski farsímaframleiðandinn Nokia tapaði 91 milljón evra, eða um fimmtán milljörðum íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi þessa árs.

Fyrirtækið skilaði 959 milljóna evra tapi á þriðja ársfjórðungi síðasta árs og því hefur dregið verulega úr taprekstri Nokia þegar tímabilin tvö eru borin saman.

Breski fjölmiðillinn BBC greindi frá því í gær að Nokia hefði selt 8,8 milljónir Lumia-snjallsíma og að salan hefði aukist um 19 prósentustig frá þriðja ársfjórðungi 2012.

ÍMARK tilnefndu þrjú fyrirtæki

Fyrirtækin Domino's, Landsbankinn og Nova eru tilnefnd til Íslensku markaðsverðlaunanna 2013.

Verðlaunaafhendingin fer fram fimmtudaginn 14. nóvember næstkomandi samkvæmt tilkynningu sem ÍMARK, samtök markaðsfólks á Íslandi, sendu frá sér í gær. ÍMARK munu einnig veita verðlaun fyrir markaðsmann ársins 2013.

Klara Íris Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri ÍMARK, segir í tilkynningunni að þetta sé í 23. skiptið sem samtökin velji markaðsfyrirtæki ársins.

- hg

KAUPAUKI



Með öllum margskiptum glerjum* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.

* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler



Módel: Kristín Jóna Hilmarsdóttir
Umgjörð: Lindberg Spirit

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

0
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

4
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
ICELANDAIR
98,3% frá áramótum

ÖSSUR
12,2% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
NÝHERJI
-24% frá áramótum

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	164,50	36,0%	0,0%
Atlantic Petroleum (DKK)	155,00	-15,8%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	133,00	29,1%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-1,5%	0,0%
Fjaraskipti (Vodafone)	28,70	-11,8%	5,3%
Hagar	36,15	58,9%	5,7%
Icelandair Group	16,30	98,3%	1,9%
Marel	125,00	-11,0%	2,5%
Nýherji	3,08	-24,0%	1,7%
Reginn	13,61	23,7%	1,0%
Tryggingamiðstöðin*	30,35	13,7%	0,8%
Vátryggingafélag Íslands**	11,14	20,8%	0,6%
Össur	212,00	9,3%	12,2%

Úrvalsvísitalan OMXI6 1.166,25 7,7% -0,9%

First North Iceland


Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	12,80	36,2%	5,3%
HB Grandi	16,20	8,0%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	13,0%	0,0%

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Fróðleiksmolinn

DataMarket

Mánaðarleg raforkunotkun í Gwst.



Hagstofa Íslands birtir tölur um raforkunotkun og flokkar eftir stórnotendum og almenna notkun svo sem eins og heimilin í landinu o.fl. Myndin sýnir mánaðarlega raforkunotkun frá janúar 1995 til júní 2013. Raforkunotkun heimila (bláa línan) er árstíðabundin, hæst í desember en lægst í júní og júlí ár hvert. Raforkunotkun stórnotenda (brúna línan) hefur vaxið mikið á tímabilinu, úr 200 gigawattstundum (GWst) á mánuði árið 1995 í 1.150 Gwst.



Á LEIÐ Í LOFTIÐ Wow er nú formlega orðið flugfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

WOW fær flugrekstrarleyfi:

Fljúga undir eigin flaggi

Flugfélagið WOW air tók formlega við flugrekstrarleyfi frá Samgöngustofu í gær. Um 30 ár eru frá því að slíkt leyfi var veitt félagi sem stundar áætlunarflug til og frá Íslandi.

WOW lítur á leyfið sem lið í að styrkja og byggja upp rekstur félagsins. Lykilatriði sé fyrir áframhaldandi vöxt að fljúga undir eigin flaggi. Fyrsta flugið undir merkjum WOW air var til Kaupmannahafnar í morgun. - skó

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 30. október

- Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2013
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í september 2013
- Fjöldi útgefna vegabréfa

Fimmtudagur 31. október

- Vöruskipti við útlönd janúar-september 2013
- Hverjir eiga viðskipti?

Miðvikudagur 6. nóvember

- Vöruskipti við útlönd október 2013 – bráðabirgðatölur
- Gistinætur og gestakomur á hótélum í september 2013
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Útgáfudagur Peningamála og vaxtaákvörðunardagur

Föstudagur 8. nóvember

- Útboð ríkisbréfa

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Víti til varnaðar í samningum frá 2011

Líkur eru sagðar á að launahækkanir sem samið var um til þriggja ára 2011 hafi hamlað bata sem þá var hafinn á vinnumarkaði. Greiningardeild Arion banka vill að litið verði til reynslunnar.

EFNAHAGSMÁL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Vísbendingar eru um að kjarasamningar árið 2011 hafi virkað sem bremsa á bata sem þá var hafinn á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í nýrri umfjöllun í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka. Samningar eru lausir 30. nóvember næstkomandi.

Bent er á að nú fari á ný í hönd kjarasamningar og niðurstöður þeirra muni hafa umtalsverð áhrif á efnahagsþróun næstu missera. „Þá einkum þróun verðbólgu og kaupmáttar“, segir í umfjölluninni.

2011 var samið um almenna launahækkun upp á 11,4 prósent yfir samningstímabilið, sem var þrjú ár. „Frá undirritun kjarasamninganna í maí 2011 hefur launavísitalan hækkað um 17,6 prósent á meðan kaupmáttur hefur aðeins aukist um 7,4 prósent á sama tíma sökum hækkandi verðlags. Bendir það til þess að kjarasamningarnir hafi falið í sér of miklar launahækkanir sem hafi verið fyrirtækjum um megn“, segir í Markaðspunktum.

Verðlagshækkanir eru sagðar nær óhjákvæmilegar ef nafnlaun hækki umfram framleiðnivöxt. „Sýndi það sig vorið 2011 en þá fór verðbólga vaxandi á ný

í kjölfar kjarasamninga, eftir að hafa lækkað mikið frá árinu 2009.“ Fleiri þættir eru þó sagðir hafa þar haft áhrif, svo sem gengislækkun og hækkun olíuverðs. Vísitölur sem greiningardeildin styðst við sýna þó áhrif sem ekki verða skýr af utanaðkomandi þáttum. Bent er á að vísitala launa hafi aðeins farið um 2,8 prósent við hverja þrepahækkun sem samningarnir 2011 skiluðu, en svokölluð kjarnavísitala bara um 0,4 prósent á næstu þremur mánuðum eftir hækkun.

Áhrif samninga á hlutfall starfandi fólks eru einnig sögð benda til þess að kjarasamningar hafi grafið undan bata á vinnumarkaði. Í kjölfar kjarasamninganna hafi mátt greina töluvert bakslag í hlutfallsaukningu starfandi fólks á vinnumarkaði.

„Til að mynda hafði hlutfallið hækkað um 0,4 prósentustig á fjórða ársfjórðungi 2010, miðað við þriðja ársfjórðungi 2010, en aðeins um 0,3 prósentustig ári síðar. Þannig lækkaði hlutfall starfandi fólks nokkuð í kjölfar kjarasamninganna.“

Að baki kjarasamningunum árið 2011 eru sögð hafa verið háleit markmið þar sem blása átti til

sóknar í atvinnulífinu. „Samningarnir byggðu á forsendum sem voru ef til vill full metnaðarfullar miðað við þær efnahagslegu aðstæður sem ríktu á þessum tíma enda hefur meirihluti þeirra ekki gengið eftir“, segir í umfjölluninni. „Í stað þess að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu þá fylgdu samningunum vaxandi verðbólga og bakslag í bata vinnumarkaðar. Þannig varð raunverulegur ábati launafólks langt frá því sem lagt var upp með.“ Sagt er nauðsynlegt að í komandi kjarasamningum verði tekið tillit til þess hvaða áhrif samningsgerðin kunnir að hafa á verðlag, verðbólguvæntingar, vaxtastig og þróun vinnu- markaðar.



GLEÐI 2011 Vilhjálmur Egilsson sem þá var hjá Samtökum atvinnulífsins og Gylfi Arnbjörnsson hjá ASÍ féllust í faðma þegar samningar voru í höfn í maí 2011. Fréttablaðið/Anton

Hagnaður Actavis á þriðja ársfjórðungi nam 65,6 milljónum dala eða 7,9 milljörðum króna:

Tekjuauki nemur 57 prósentum

Actavis plc, móðurfélag Actavis á Íslandi, hagnaðist um 65,6 milljónir bandaríkjadala á þriðja ársfjórðungi samkvæmt árshlutauppgjöri sem birt var í Kauphöllinni í New York í gær. Upphæðin samsvarar 7,9 milljörðum króna. Um er að ræða 14,5 prósentu samdrátt á milli ára, en fyrirtækið hagnaðist um 76,7 milljónir dala á sama tímabili í fyrra.

Tekjur félagsins eru í tilkynningu sagðar hafa aukist um 57 prósent og hafi numið 2,01 millj-

arði dala samanboreið við 1,29 milljarða á þriðja fjórðungi 2012.

„Hagnaður á hlut á þriðja ársfjórðungi 2013 jókst um 55 prósent í 2,09 dali samanboreið við 1,35 dali á þriðja ársfjórðungi í fyrra.“ Niðurstöðurnar eru sagðar án áhrifa kaupna Actavis á Warner Chilcott 1. október síðastliðinn.

Hagnaður án afskrifta (EBITDA) jókst um 61 prósent og nam 489,2 milljónum dala á þriðja fjórðungi samanboreið við 304,6 milljónir á sama tíma 2012. - óká



NOTAD TÖFLUBRÉF Actavis áætlar að tekjur fyrir 2013 nemi um 8,6 milljörðum bandaríkjadala og hagnaður á hlut verði 9,26 til 9,39 dalir. Fréttablaðið/ÓKÁ

Hækkar ræstikostnaður um 44% hjá þér 1. desember?

Hafðu samband við okkur í síma 581 4000 eða kíktu á www.solarehf.is og kynntu þér lausnir okkar.

44%

SÓLAR

Sólar er einn af stærstu ræstingar- og fasteignaumsjónar aðilum á Íslandi. Síðan 2002 höfum við veitt ótal fyrirtækjum og stofnunum þjónustu okkar.

Sólar ehf. • Kleppsmýrarvegur 8 • 104 Reykjavík
Sími. 581 4000 • www.solarehf.is

FRÁBÆR KAUP FRÁ EPSON



Epson EBX12LW

119.990

HÁGÆÐA SKJÁVARPI

Vandaður skjávarpi sem er okkar bestu kaup. Hentar frábærlega í skóla eða fundarherbergi. Skjávarpinn er lítill og meðfærilegur og auðveldur í uppsetningu.

Langur líftími peru

Peran lifir í 5.000 klukkustundir ef skjávarpinn er stilltur á eco stillinguna.

Mjög notendavænn

Auðveldur í uppsetningu með HDMI og USB 3 í 1, sem þýðir að aðeins þarf einn kapal fyrir hljóð, mynd og stýringu.

Hágæða myndgæði

Epson 3LCD örgjörvinn tryggir náttúrulega og góða liti. 2.800 lumens tryggir bjarta mynd og 3000:1 skerpa gerir myndina mjög skarpa og góða.

Valmöguleiki

Hægt er að bæta við USB myndavél og varpa upp myndum úr t.d. kennslubókum með einföldum hætti.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

EPSON[®]
EXCEED YOUR VISION



FJÁRFESTA Í FERÐAÞJÓNUSTU Við smábátahöfnina á Siglufirði standa nú veitingahús, kaffihús, skemmtistaður og gallerí Rauðka. Líftækni fyrirtækið Genís er einnig með aðstöðu þar og nýtt hótél bætist í hópinn vorið 2015.

Fréttablaðið/Stefán.

Smábátahöfnin hjarta verkefnisins

Fjárfestingar í tengslum við verkefni athafnamannsins Róberts Guðfinnssonar á Siglufirði nema meira en þremur milljörðum íslenskra króna. Þar á meðal eru framkvæmdir við nýtt 68 herbergja hótél, líftækni verksmiðju og nýjan níu holu golfvöll. Róbert segir fjölgun erlendra ferðamanna fela í sér mikil tækifæri fyrir landsbyggðina.

VIÐTAL

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Róbert Guðfinnsson, athafnamaður og Siglufirðingur, á stóran þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem nú stendur yfir á Siglufirði í tengslum við ferðaþjónustu, afþreyingu og rannsóknir í líftækni.

Róbert hefur í gegnum félagið Rauðka ehf. breytt gömlum fiskvinnsluhúsum við smábátahöfnina á Siglufirði í veitingahús, kaffihús, skemmtistað og gallerí.

Félagið ætlar einnig að opna nýtt 68 herbergja hótél í bænum og vinnur nú með sveitarfélaginu Fjallabyggð að uppbyggingu níu holu golfvallar.

Líftækni fyrirtækið Genís hf., sem er að mestu í eigu fjárfesta sem tengjast Róberti, er síðan að byggja nýja líftækni verksmiðju í bænum við hliðina á veitingarekstri Rauðka.

Fjárfestingar í tengslum við þessi verkefni sem Róbert er aðili að nema að hans sögn meira en þremur milljörðum íslenskra króna.

Vildi skapa nýjar tekjur og störf

„Þegar umræðan um Héðinsfjarðargöng fór af stað rétt eftir aldamótin sá maður fram á að hlutirnir gætu breyst á Siglufirði en áratugina á undan hafði verið eilíf barátta við að halda fólki í samfélaginu,“ segir Róbert, spurður um hvernig það kom til að hann fór að fjárfesta í ferðaþjónustu og líftækni á Siglufirði.

„Ég var á þeim tíma einn af stjórnendum og eigendum sjávarútvegsfyrirtækisins Þormóðs Ramma og horfði upp á það hvernig tæknivæðing og hagræðing í sjávarútvegi leiddu til fækkunar starfa og einhæfs atvinnulífs. Þá

leitðu menn eftir nýjum tækifærum til uppbyggingar og hvernig hægt væri að skapa nýjar tekjur og störf,“ segir Róbert.

Hann segir að þessar vangaeltur hafi meðal annars leitt til þess að Þormóður Rammi ákvað að stofna fyrirtækið Primex sem vinnur efnid kitín úr rækjuskel.

„Þegar ég lét af störfum og seldi minn hlut í Ramma árið 2005 þá keyptum við félagið minn, Vilhelm Már Guðmundsson, ásamt Nýsköpunarsjóði, rannsóknar- og þróunardeildina út úr Primex. Sú eining heitir í dag Genís hf.“

Í dag starfa fjórir starfsmenn Genís í lítilli þróunarverksmiðju fyrirtækisins á Siglufirði. Áform eru um byggingu stærri verksmiðju á næstu árum.

„Við uppbyggingu Genís á Siglufirði mun störfum fyrir háskólamenntað fólki fjölga. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir bæinn því störf í svona samfélögum eiga til að vera einhæf.“

Keypti gömul fiskverkunarhús

Sex ár eru liðin frá því að Róbert fór fyrst að fjárfesta í verkefnum tengdum ferðaþjónustu á Siglufirði. Þá ákvað hann að kaupa gömul fiskverkunarhús í kringum smábátahöfnina í bænum.

„Ég hef lengi unnið að verkefnum erlendis og á ferðum mínum hef ég skoðað mikið af smábátahöfnum sem áður voru gamlar fiskihafnir en var breytt í ferðamannastaði. Því spurði ég sjálfan mig þeirrar spurningar hvort það væri ekki alveg eins hægt að byggja upp slík verkefni á stað eins og Siglufirði. Við ákváðum því strax í byrjun að gera smábátahöfnina í bænum að hjarta verkefnisins,“ segir Róbert.

Við norðanverða smábátahöfnina standa nú veitingahús, kaffi-

hús, skemmtistaður og gallerí Rauðka og við austanverða höfnina stendur áður nefnd verksmiðja Genís.

„Við sunnanverða höfnina ætlum við síðan að byggja 68 herbergja hótél sem verður þrjú þúsund fermetrar að stærð og verður tekið í notkun vorið 2015. Hótelið hefur fengið nafnið Hótél Sunna, til heiðurs gamalli síldarverkunarstöð sem stóð áður á þessum reit,“ segir Róbert og bætir því við að öll hús Rauðka, þar með talið hótelið, séu hönnuð í gömlum stíl til að falla vel inn í umhverfið.

Helmingur hótelsins verður að sögn Róberts byggður á landfyllingu.

„Það var ekki gert vegna þess að það væri skortur á landi á Siglufirði. Ástæðan er sú að hótelið verður byggt þannig að útsýni verður yfir bátahafnir úr öllum herbergjum þess. Landfyllingin er nú að síga og um leið og hún verður tilbúin, og þegar veður leyfir, þá munum við hefja framkvæmdir við hótelið.“

Mikil tækifæri á landsbyggðinni

Sveitarfélagið Fjallabyggð og Rauðka stofnuðu á síðasta ári sjálfseignarfélagið Leyningsás sem stendur að uppbyggingu á nýjum níu holu golfvelli og skíðasvæðinu á Siglufirði.

„Þessi verkefni eru nauðsynleg til að fá aukna breidd í ferðaþjónustuna og gera þetta samfélag meira aðlaðandi fyrir ungt fólk sem velur Siglufjörð til framtíðar búsetu. Við sömdum því við sveitarfélagið um að setja eignir skíðasvæðisins inn í sjálfseignarfélag þar sem skíðasvæðið yrði byggt enn frekar upp og byggður yrði nýr níu holu golfvöllur. Þessi verkefni voru sett inn í sjálfseignarfélag því við lögðum félaginu til



SIGLUFIRÐINGUR Róbert Guðfinnsson segir mikilvægt að fjölga störfum fyrir háskólamenntað fólki á Siglufirði.

Fréttablaðið/Arnþór

NÓG TIL AF HÚSNÆÐI Á SIGLUFIRÐI



SIGURÐUR VALUR ÁSBJARNARSON

Sveitarfélagið Fjallabyggð hefur að undanförmu fjárfest í mikilvægum innviðum á Siglufirði eins og skólamanntekjum, þjónustubyggingum og bættari hafnaraðstöðu. Að auki hefur þurft að bæta stoðvirki fyrir snjóflóðavarnir í fjallinu Hafnarhrynu fyrir ofan Siglufjörð.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, segir að nóg sé til af húsnæði í bænum þrátt fyrir að mörg hús hafi á undanförmum árum verið keypt og notuð sem sumarhús.

„Hér voru áður hátt í fimm þúsund íbúar en við erum nú um ellefu hundruð. Þegar þeim sem eiga húsnæði hér í bænum og nota það sem sumarhús fór að fjölga þá fylgdu því auknar tekjur í gegnum fasteignaskatta en það hefði mátt vera meiri fjölgun í bænum svo hér væru fleiri útsvargreiðendur. En við skulum vona að það sé næsta skrefið og að öll þessi verkefni sem nú eru í deiglu komi til með að stuðla að framþróun byggðarinnar,“ segir Sigurður.

loforð um 300 milljónir króna og þetta félag er að fullu í eigu samfélagsins,“ segir Róbert.

Hann segir það sína skoðun að tækifæri í fjárfestingum í tengslum við ferðaþjónustu á landsbyggðinni hafi ekki fengið verðskuldaða athygli.

„Ég tel að fjölgun erlendra ferðamanna sé eitt af stærstu tækifærum landsbyggðarinnar til að ná vopnum sínum aftur.

Reykjavíkursvæðið og Gullfoss og Geysir taka ekki við einni og hálfri milljón ferðamanna á ári á næstu tíu árum eins og nýjustu spár gera ráð fyrir. Því mega þessi samfélög úti á landi ekki vera íhaldssöm og blinduð af fortíðarhyggju heldur verða þau að nýta tækifærin og einkafjármagnnið verður einnig að skynja þessi tækifæri úti á landi,“ segir Róbert að lokum.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÖRYGGI Í ÓBYGGÐUM

Katla jarðvangur stendur fyrir námskeiði um helstu atriði í fjallamennsku og rötun í byrjun nóvember. Námskeiðið heitir Öryggi í óbyggðum. Nánari upplýsingar á www.katlageopark.is.

DUO silki/merino garnið er komið

Amma mús - handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavík
Opíð mán - fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Opíð mán - fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388



FERSKARI AUGU Á FIMM MÍNÚTUM

MAGNUS EHF KYNNIR EyeSlices® gelpúðar lina þrota og bauga og gefa bjartari augnsvip á fimm mínútum. Púðarnir byggja á suður-afrísku hugviti. Hugmyndasmiður þeirra Kerryne Neufeldt er hér á landi og var hún tekin tali.

Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablot

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail .is
Veislupjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

OLANG

FYRIR DÖMUR
OG HERRA
Verð: 24.000.-



NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parisar
TÍZKAN B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

EyeSlices gelpúðarnir komu á markað hér á landi í byrjun árs. Þeir kæla og endurnæra augnsvæðið og gefa bjartari augnsvip á einungis fimm mínútum. Varan byggir á suður-afrísku hugviti. Hugmyndasmiður þeirra, Kerryne Neufeldt, hefur verið að heimsækja markaðssvæði EyeSlices í Evrópu og er nú stödd hér á landi.

„Í heimalandi mínu er algengara að hugvit sé flutt inn en út. Það er því enn ánægjulegra að sjá púðana ná útbreiðslu um allan heim,“ segir Kerryne.

En hvernig kviknaði hugmyndin? „Mér fannst vanta skjótvirka vöru til að lina þrota og þreytueinkenni í kringum augu. Ég sá glufu á markaðnum sem ég vildi fylla. Árið 1997 kynntist ég vöru sem var sögð meðhöndla þessi vandamál á örskotsstundu. Í fyrstu hugðist ég flytja hana inn en við nánari skoðun kom í ljós að gæðin voru af skornum skammti. Ég ákvað því að þróa vöru með samskonar eiginleika sjálf í samstarfi við fjölda sérfræðinga. Sú vinna tók tíu ár og ég er virkilega ánægð með útkomuna, en klínískar rannsóknir hafa sýnt að varan vinnur á hrukkum, þrota, baugum, þreytueinkennum og rauðum augum.“

EyeSlices augnayndi sameinar virkni öflugra jurta og nýsköpun í lífeindafræði. Í þeim er meðal annars Aloe Ferox sem er að sögn Kerryne eitt best geymda leyndarmál náttúrunnar. Um er að ræða suður-afrísku jurtt af sömu ætt og Aloe Vera. Aloe Ferox inniheldur aftur á móti mun meira af amínósýrum og þykir mun öflugri. Þá er í vörunni ýmis önnur virk innihaldsefni sem gagnast húðinni en hlutfall virkra efna er umtalsvert hærra en í flestum kremum svo dæmi séu nefnd. Púðarnir byggja auk þess á háþróaðri kælitækni sem virkar afar frískandi á augun. Þeir eru ónæmisprófaðir og án parabena.

Gelpúðarnir eru lagðir upp að lokuðum augunum í einungis fimm mínútur. Að þeim tíma liðnum má strax finna mikinn



mun. Púðarnir eru seldir tveir saman og er hvert par nothæft allt að tíu sinnum séu púðarnir varðveittir í upprunalegum umbúðum.

Púðarnir eru af tvennum grunngerðum; Professional og Biotanix. Síðari gerðin er af fjórum gerðum og er hver með sínum lit. Grænu Biotanix púðarnir virka alhliða en vinna helst á þrota og baugum, bláu vinna á rauðum augum og þreytumerkjum, brúnu á fínunum línunum og fjólubláu á óþægindum af völdum ofnæmis. Professional gelpúðarnir sem hafa alhliðavirkni eru í silfurlitum umbúðum. Þeir fást í Lyfju og völdum apótekum ásamt Fríhófninni og einnig á völdum snyrti- og Spa-stofum. Biotanix gelpúðarnir fást meðal annars í Hagkaupum í Kringlu og Smáralind og í Fjarðar kaupum.

VEL TEKID Á ÍSLANDI
Kerryne, eigandi EyeSlices, ásamt tæknistjóranum Toby Neufeldt.



Laurie
Mikið stretch
og háar í mittið.

Kvartbuxur
Stærð 36 - 56
á 13.900 kr
5 litir:
svart, rautt, hvítt,
sandbrúnt, ljósbeige

Opíð virka daga kl. 11-18.
Opíð laugardaga kl. 11-16.

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 (Bolholti) | Sími 555 1516

Kleidd á myndir og verð á Facebook

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFTI



Við bjóðum
frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.- á smájeppa 5990.-

SUNNY TIRES

VDO
Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



TOPCON
Fimm ára ábyrgð
frá framleiðanda

Allt að 100 klukkustunda vinnutími á hleðslu!



Höggheld taska fylgir
Fullkominn móttakari
Festing fyrir stiku
Hallamöguleiki 5°
Hleðslubatteri & hleðslutæki
Vatnsheldur samkvæmt IP66

Aðeins 199,000 kr + vsk
www.verkfaeriefh.is

VERKFAERI EHF



Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu.“




FÓLK | FERÐIR



CHANGE-MAKERS INTERNATIONAL
Hér má sjá hópinn sem tók þátt í alþjóðaráðstefnunni í Kenýa. Ólöf Rún er fyrir miðju myndar.

BREYTENDUR Í KENÝA

MISSKIPTING AUÐS Ólöf Rún Benediktsdóttir var stödd í Kenýa á dögnum þar sem hún sótti alþjóðlegan fund Changemaker-hreyfingarinnar. Hreyfingin vinnur gegn misskiptingu auðs í heiminum.

Ólöf Rún Benediktsdóttir er nýkomin heim frá Kenýa, en hún var þar á vegum samtakanna Changemaker International. Samtökin eru rekin af ungu fólki fyrir ungt fólk og vinnur með vandamál sem tengjast misskiptingu auðs í heiminum. Íslenski hluti samtakanna gengur einnig undir nafninu Breytendur.

CHANGEMAKER-HREYFINGARNAR
Svokallaðar Changemaker-hreyfingar eru sjö talsins. Sú upprunalega er í Noregi, en svo eru sambærilegar hreyfingar í Finnlandi, Hollandi, Ungverjalandi, Pakistan, Kenýa og á Íslandi. Árlega heldur ein þessara hreyfinga alþjóðafund og í ár var komið að Kenýa. Fundargestum var einnig boðið á ráðstefnu um hlýnun jarðar og virkjun ungs fólks eða „youth mobilization“, en það eru stærstu umfjöllunarefni Changemaker-hreyfingarinnar þar í landi. „Það var mjög áhugavert að sjá hvernig tekið er á þessum mállefnum þarna úti, en það er mikið unnið með landgræðslu og grænan landbúnað. Hreyfingararnar á Norðurlöndunum vinna aftur á móti meira með þrýstihópastarfsemi og vitundarvakningu,“ segir Ólöf.

VERNDUN DÝRATEGUNDA
Hún segir auk þess mörg áhugaverð verkefni er varða dýra- og umhverfisvernd vera starfrækt í Kenýa. „Ég kynntist til dæmis konu sem er náttúrufræðingur og vinnur við að rannsaka erfðaeftni villtu dýranna í Kenýa með Kenya Wildlife Services. Hún sagði mér frá vettvangsferðum þar sem þau skjóta deyfilyfjum í villt dýr til að svæfa þau, fara síðan að þeim og búa um sár, lækna sjúkdóma eða annað og sleppa þeim síðan aftur. Þetta er eitt ótal verkefna sem starfrækt eru í Kenýa til að vernda sjaldgæfar dýrategundir.“

MENNINGARSJOKK
Hún segist hafa upplifað talsvert menningarsjokk við komuna. „Það er ótrúlegt að koma inn í samfélag þar sem vatnslósett og varanlegar byggingar eru mun aður. Stór hluti samfélagsins býr í hrölegum bárujárnsskúrum sem varla væru notaðir sem verkfærakompur heima.“



Barir, bankar og lögreglustöðvar er allt rekið úr örsmaum kofum,“ útskýrir Ólöf og bætir við að Kenýabúar séu almennt heiðarlegir og hjálplegir.

„Sumir geta orðið soldið ágengir í sölumenskunni en það venst fljótt, maður segir bara nei takk og brosir. Ég átti mjög skemmtilegan dag þegar ég labbaði inn í þorp sem heitir Kongoni og er við Navaisha-vatnið í suðurhluta Kenýa. Um leið og ég kom inn í þorpið kölluðu nokkrir ungir menn á mig „Mazungu“, sem þýðir hvítur maður á swahili, og spurðu mig hvert ég væri að fara. Ég sagði þeim að ég ætlaði að kíkja á barinn til að leita skjóls frá rigningunni sem var að byrja. Þá leiddu þeir mig að bárujárnsskúr, stugguðu geitunum frá hurðinni og þar var barinn! Þeir vildu selja mér far heim með svokölluðum piki-piki, sem er mótorhjólataxi. Ég afþakkaði það pent, ég vildi frekar ganga heim og fylgjast með giröffunum og sebrahestunum á leiðinni. Í staðinn bauð ég þeim upp á bjór. Þeir voru mjög ánægðir með það og sögðu mér ýmislegt um lífið í Kenýa á bjagaðri ensku.“

Ólöf segist hafa lært margt um menningu Kenýa á ferðalagi sínu. „Kenýabúar eru margir hlyntir skipulögðum hjónaböndum, fjölkvæni er löglegt hér og kvenréttindi eru skammt á veg komin, þótt margt hafi unnið á síðustu árum. Hommar eru heldur ekki kúl.“

■ halla@365.is

ÓTRÚLEG REYNSLA
Ólöf Rún Benediktsdóttir var í Kenýa á vegum Changemaker International-hreyfingarinnar. Hér er hún ásamt Redemphtha William, frá Tansaníu.

BREYTENDUR

Íslenski hluti Changemaker-hreyfingarinnar kallar sig Breytendur og áhugasömum er bent á heimasíðu hennar www.changemaker.is.



TUDOR RAUFGEYMAR

Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

BÍLALEIGUR

MIÐVIKUDAGUR 30. OKTÓBER 2013

Kynningarblað Langtímaleiga, þjónusta og góð ráð.



Langtímaleiga er góður valkostur sem býður upp á hagkvæmari og einfaldari rekstur einkabílsins, segja Ólöf Sif Þráinsdóttir og Ófeigur Friðriksson, viðskiptastjórar hjá Avis bílaleigu.



MYND/DANIEL

Hagkvæmari rekstur einkabílsins

Langtímaleiga á bifreiðum sækir á með hverju árinu. Sífellt fleiri sjá kosti þess að fjárfesta ekki í dýrum bílum heldur nýta sér langtímaleigu. Viðskiptavinir greiða mánaðargjald og er öll nauðsynleg þjónusta innifalin utan bensíns.

Bílamarkaður hérlendis hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Bæði almenningur og fyrirtæki eru sífellt meira að átta sig á því að lítið vit er að fjárfesta í dýrum bílum sem auk þess eyða miklu og menga mikið. Ófeigur Friðriksson og Ólöf Sif Þráinsdóttir, sem bæði starfa sem viðskiptastjórar hjá Avis bílaleigu, benda á að á flestum heimilum landsins er bíllinn stærsti útgjaldaliðurinn á eftir húsnæðis-kostnaði. „Það er ekki nóg með að bíllinn sé dýr í rekstri heldur hafa sviptingar á gengis- og lánamörkuðum síðustu árin kennt mörgum að bílakaupum getur fylgt mikil áhætta og veruleg fjárhagsleg ábyrgð,“ segir Ófeigur. Aðrir bíleigendur hafa lært þá dýru lexíu að flókið sé að reikna dæmið til enda þegar kemur að bílakaupum; afborganir af lánum eru bara hluti af kostnaðinum og á þá eftir að gera ráð fyrir verðryrningu, viðhaldi, bifreiðatryggingum, opinberum gjöldum og endursöluáhættunni.

Mikil hagkvæmni

Að sögn Ólafar er því langtímaleiga góður valkostur sem hjálpar til við að gera rekstur einkabílsins bæði hagkvæmari, fyrirsjáanlegri og jafnvel einfaldari. „Langtímaleigan sækir á með hverju árinu. Þessi valkostur hentar stórum hópi fólks, hvort sem það getur ekki eða vill ekki taka bílalan og svo hins vegar þeim sem ekki vilja leggja út fyrir stórra innborgun eða greiða nýjan bíl út í hönd.“

Þau benda á að langtímaleiga sé í raun hugarfarsbreyting hjá fólki. „Langtímaleiga er ákjósanlegur kostur fyrir marga og gerir það mögulegt að fá bíl á heimilið án nokkurrar fjárfestingar. Einungis er greidd leiga

mánaðarlega. Auk þess hafa margir slæma reynslu af kaupleigusamningum þar sem þeir hafa fengið óvænta og háa bakreikninga vegna minniháttar skemmda.“

Ef viðskiptavinir vilja hætta í viðskiptum áður en samningurinn er á enda þarf einungis að greiða tveggja mánaða uppgreiðslugjald. „Síðan er einfalt mál að skipta um bíl á samningstímanum, ef til dæmis breytingar verða á fjölskylduhögum.“

Mikið úrval bíla

Hámarksleigutíminn er þrjú ár og er lágmarkslengdin einn vetur. Viðskiptavinir geta valið bíla úr öllum flota Avis bílaleigu en þar er hægt að finna yfir 60 ólíkar tegundir af bílum. Um fjórðungur bílaflotans er vistvænn en sá hluti fer stækkandi í takt við aukna umhverfisvitund viðskiptavina, að sögn Ófeigs og Ólafar.

Til að nefna dæmi um mánaðargreiðslur nefna þau að bíll á borð við Hyundai i10 kosti frá 46.900 kr. á mánuði. Innifalið í þeim samningi eru allt að 20.000 km. á hverju 12 mánaða tímabili sem er í samræmi við árlegan meðalakstur innanbæjar. Auk þess inniheldur leigan árstíðabundin dekkjaskipti, eftirlit, olíuskipti, viðhald, bifreiðagjöld og tryggingar, þar með talið kaskótryggingu. „Það eina sem leigjandinn greiðir er það bensín sem er notað við aksturinn. Ekki er um neina innborgun að ræða eða aukagreiðslur af nokkrum toga en leiguverðið er tengt við vísitölu neysluverðs.“ Viðskiptavinir í langtímaleigu geta einnig fengið afnot af stærri bílum á góðum kjörum ef halda þarf út fyrir bæinn eða skjótast milli landshluta yfir veturinn.



Viðskiptavinir sem vilja leiga í langtímaleigu geta valið úr rúmlega 60 ólíkum bílategundum hjá Avis bílaleigu.

MYND/DANIEL

0 kr. útborgun - Ekkert vesen

Kynntu þér langtímaleigu

AVIS

Bílaleiga

Treysta ekki drægi rafbíla

Rafbílar hafa ekki náð þeim vinsældum sem bílaleigubílar í Bandaríkjunum sem sumir hefðu haldið og kosið. Meginástæðan er sú að þeir sem leigja bíla treysta því ekki að komast á áfangastað vegna lélegs drægis batteríanna.

Fólk sem leigir rafbíla af Enterprise Holdings Inc., sem er stærst á bandarískum bílaleigumarkaði, skilar þeim fljótlega og skiptir þeim út fyrir bensínbíla. Frá þessu greinir Bloomberg-fréttaveitan. „Margir eru tilbúnir til að prófa rafbíla en flestir bakka út úr samningunum eftir stuttan tíma,” segir talsmaður Enterprise. Helsta ástæða er er óttinn við að drægi bílsins nægi ekki til að koma honum á milli hleðslustöðva.

Lítill eftirspurn

Hjá Enterprise leigja viðskiptavinir rafbíla að meðaltali í 1,6 daga en hefðbundna bíla í sex til sjö daga. Fyrirtækið er með um 300 rafbíla á sínum snærum sem er 40 prósent færri en ætlunin var að bjóða upp á árið 2010. Fyrirtækið Hertz Global Holdings Inc. tilkynnti árið 2010 að það ætlaði að vera með 500 til 1.000 rafbíla í flota sínum árið 2011. Því markmiði hefur ekki verið náð enn vegna lélegrar eftirspurnar.

Tvinnbílar vinsælli

Auðveldara hefur verið að kynna og leigja út tvinnbíla, blendinga af raf- og bensínbílum, þar sem þeir líkjast fremur hefðbundnum bif-

reiðum. Enterprise er til að mynda með 11 þúsund tvinnbíla á sínum snærum. „Fólk á auðveldara með að skilja tvinnbíla og hræðslan við drægið er ekki til staðar,” segir talsmaður bílaleigufyrirtækis.

Rafbílavæðing í uppnámi

Takmarkað drægi hefur hamlað eftirspurn eftir rafbílum í Bandaríkjunum, bæði hjá bílaleigum og í almennri sölu.

Nú eru um 140 þúsund rafbílar á bandarískum vegum en opinber stefna Baracks Obama Bandaríkjaforseta var að árið 2015 yrðu milljón rafbílar í landinu. Þessi seinkun á rafbílavæðingu hefur sömuleiðis áhrif á mengunarsvæði þar sem bílaumferð veldur þriðjungi af koltvísýringslosun landsins.

Tesla dregur lengst en kostar mikið

Hertz bætti nýlega Tesla-bílum við flotann á tveimur stöðum, í Los Angeles og San Francisco, sem hluta af Draumabílaaverkefningu sem einnig inniheldur Ferrari- og Viper-sportbíla. Tesla hefur lengst drægi rafbíla á markaði – Tesla Model S kemst lengst 483 kílómetra en flestir rafbílar missa kraftinn eftir 160 km. Leiga á slíkum bíl er há en bíll frá Tesla kostar



Rafbílar hafa ekki náð miklum vinsældum sem bílaleigubílar í Bandaríkjunum. Ástæðan er lélegt drægi þeirra og fáar hleðslustöðvar.

NORDICPHOTOS/GETTY

60 þúsund krónur á dag hjá Hertz en 35 til 60 þúsund krónur hjá Enterprise. Til samanburðar kostar 7 til 15 þúsund krónur á dag að leigja Nissan Leaf.

Einstök upplifun

Verðið á leigunni á Teslu bendir til að fólk líti oft á það sem einstaka upplifun að fá að prófa rafbíla frekar en að það telji þá henta til daglegra nota. Forsvarsmenn bílaleigufyrirtækjanna telja að

rafbílar verði ekki vinsælir fyrr en búid sé að auka drægi þeirra, þeir verði á viðráðanlegu verði auk þess sem setja þurfi upp fleiri hleðslustöðvar um land allt.

Tesla Model S hefur gott drægi en hins vegar kostar morð fjár að leigja slíkan bíl í Bandaríkjunum, allt frá 35 til 60 þúsund krónur á dag.

NORDICPHOTOS/GETTY



NORDICPHOTOS/GETTY

GEYSIR

KAGGINN BÍÐUR Í HÖRPUNNI

Smelltu á vefinn og skoðaðu alla hina kaggana sem eru til leigu og fáðu kannski díl líka.

WWW.GEYSIR.IS

SÍMI: 893 44 55

Gott að hafa í huga

1. Gerðu léttu athugun á netinu

Skoðaðu ferðasiður og fáðu tilfinningu fyrir þeim möguleikum sem eru í boði áður en þú skoðar heimasíður bílaleiganna sjálfra.

2. Taktu allt með í reikninginn

Áður en þú hrósar happi yfir verði skaltu skoða það sem þú gætir þurft að borga aukalega fyrir og meta hvað þú raunverulega hefur þörf fyrir. Er til dæmis nauðsynlegt að bóka auka bílstjóra?

3. Þefaðu uppi tilboð

Hafðu augun opin fyrir helgartilboðum og sérstökum afsláttardögum í miðri viku.

4. Veldu minni bíl

Athugaðu vandlega hvort þörf sé á stórum bíl í ferðina. Minnstu bílarnir eru yfirleitt ódýrastir.

5. Hafðu á hreinu hvert má aka

Ef ætlunin er að aka yfir landamæri í ferðinni er vert að athuga hvort einhverjar takmarkanir eru á því í samningnum, til að forðast óvæntan kostnað.

6. Er þörf á sérstakri tryggingu aukalega?

Athugaðu hvaða tryggingar þú ert þegar með gegnum kreditkortid þitt og hvort þær bifreiðatryggingar sem þú ert með dekkja jafnvel það sem þarf við leigu á bíl.

7. Fylltu tankinn

Það getur verið ódýrara að fylla á bílinn á bensínstöð en greiða fyrir bensín á bílaleigunni. Ekki gleyma að fylla á tankinn áður en bílnum er skilað.

8. Á réttum tíma

Skipuleggðu ferðalagið vel svo þú skilir bílnum á tilsettum tíma. Í mörgum tilfellum gæti talsverður kostnaður bæst við ef bílnum er skilað of seint. Þetta er eitt af því sem gott er að hafa á hreinu í upphafi ferðar.

9. Slepptu flugvallargjaldinu

Hugsanlega fylgja aukaleg gjöld því að leigja bíl á flugvelli. Það gæti borgað sig að leigja bílinn frekar á bílaleigu í bænum ef það passar inn í ferðaáætlunina.

10. Eigin aukabúnaður

Ef börnin eru með í ferðinni gæti borgað sig að taka eigin bílstól með og sleppa þannig við að leigja hann með bílnum.

heimild: www.today.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, s. 512-5432, sverrirbs@365.is

Abyrgðarmaður: Jón Laufdal.





MIÐVIKUDAGUR 30. OKTÓBER
22. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



GALDRAMÁNUÐUR

Harry Potter verður á dag-
skrá á föstudagskvöldum
í nóvember.



GREY'S ANATOMY

Ellen Pompeo slúðrar um
lífið á bakvið tjöldin.



ENSKA ÚRVALSDEILDIN

Arsenal mætir Liverpool í
toppslag deildarinnar.



HASAR Í VÆNDUM

HASAR OG SKEMMTILEGHEIT MUNU
EINKENNA BÍLAPÁTTINN Á FULLU GAZI
SEM HEFST Á STÖÐ 2 Í NÓVEMBER.

**FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD**

krakkar





KOLLA
Miðvikudag
kl. 20.25



SÆLKERAFERÐIN
Fimmtudag
kl. 20.05



LOGI Í BEINNI
Föstudag
kl. 19.45



SPAUGSTOFAN
Laugardag
kl. 19.30



ÁSTRÍÐUR
Sunnudag
kl. 20.40



UM LAND ALLT
Mánudag
kl. 20.05



BONES
Þriðjudag kl. 21.15

HARRY POTTER Í NÓVEMBER

Myndirnar um **Harry Potter** verða sýndar á Stöð 2 á föstudagskvöldum í nóvember.

HARRY POTTER AND THE PHILOSOPHER'S STONE
Föstudag 1. nóvember kl. 21

Fyrsta myndin af átta í einum flottasta ævintýrabálki síðari ára verður sýnd á Stöð 2 næstkomandi föstudagsvöld.

Harry Potter er ellefu ára munaðarlaus drengur sem missti foreldra sína á voveiflegan hátt. Hann elst upp hjá frændfólki sínu og á ekki sjö dagana sæla. Þegar Harry kemst að því að hann er göldróttur og fær inngöngu í Hogwarts-galdraskólann, tekur líf hans óvænta og ævintýrlega stefnu. Það verður þó enginn dans á rósum. Harry á sér öflugna og stórhættulega óvini sem tengjast dauða foreldra hans. Ásamt vinum sínum Hermione og Ron tekst Harry á við áskoranir sem virðast óyfírstíganlegar ellefu ára dreng.

Sagan um Harry Potter hefur farið sigurför

um heiminn síðan fyrsta bók J.K. Rowling kom út árið 1997. Alls urðu bækurnar sjö og hafa allar verið kvikmyndaðar.

Daniel Radcliffe fer á kostum í hlutverki Harrys. Hann hafði áður leikið í sjónvarpsþáttum um töframanninn David Copperfield en vakti athygli framleiðanda Harry Potter þegar þeir voru báðir gestir í leikhúsi og Daniel heillaði nærstadda með einlægri forvitni sinni. Emma Watson og Rupert Grint, sem fara með hlutverk Hermione og Ron, höfðu enga reynslu af kvikmyndaleik en voru valin úr hópi þúsunda barna. Þau unnu hug og hjörtu áhorfenda með einlægum leik, einungis tíu og ellefu ára.

LÍFIÐ EFTIR HARRY POTTER

Daniel Radcliffe

- Lék á sviði bæði í London og New York eftir að Harry Potter lauk. Fyrsta kvikmyndahlutverk hans þar á eftir var *The Woman in Black* árið 2012.
- Daniel var einn af sex launahæstu Hollywood-leikurunum árið 2010.

Emma Watson

- Sagðist „aldrei þurfa að vinna launaða vinnu framar“ eftir að síðasta myndin um Harry Potter kom út árið 2007.
- Árið 2010 var hún launahæsta leikkonan í Hollywood en það ár þénaði hún 19 milljónir dollara.

Rupert Grint

- Segir vináttu þeirra þriggja eins og systkinasamband.
- Rupert lét æskudraum sinn rætast þegar hann fékk launatékkann sinn í Harry Potter og keypti sér ísbíl.
- Kvikmyndaferill Ruperts fór rólega af stað. Næsta kvikmynd hans verður *Enemy of Man* en tókur hefjast eftir áramótin.

- 1. nóvember 2013 Harry Potter and the Philosopher's Stone (2001)
- 8. nóvember 2013 Harry Potter and the Chamber of Secrets (2002)
- 15. nóvember 2013 Harry Potter and the Prisoner of Azkaban (2004)
- 22. nóvember 2013 Harry Potter and the Goblet of Fire (2005)
- 29. nóvember 2013 Harry Potter and the Order of the Phoenix (2007)



Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi Kaffitárs.



MYND/STEFÁN

EKTA KRUÐERÍ OG KAFFITÁR

Meðlimir í **Stöð 2 Vild** fá framvegis frábær afsláttarkjör af kaffipökkum **Kaffitárs**. Nú er bakað ekta krósant, íslenskar beyglur og gómsætt kruðerí fyrir kaffihús þess.

„Ég ætlaði mér reyndar bara að verða sérfræðingur í kaffi en eftir 23 ár í bransanum vildi ég gera það sama við matinn,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi og stofnandi Kaffitárs, sem nú hefur fært út kvíarnar og opnað matvælafyrirtækið Kruðerí Kaffitárs.

„Við höfum ætíð státað okkur af kaffi án krókaleiða og 75 prósent kaffis sem við framleiðum kemur frá bændum sem við þekkjum og eru með afbragðsvöru. Fyrir það greiðum við um 30 prósent hærra verð en Fair Trade-verðið en fáum í staðinn frábært hráefni,“ útskýrir Aðalheiður.

Kaffihús Kaffitárs eru opin flesta daga ársins og að sögn Aðalheiðar hefur verið vandkvæðum bundið að fá ferskt brauð og kökur send á átta kaffihús frá bókurum. Því ákvað hún að stofna Kruðerí sem framleiðir matvöru Kaffitárs frá grunni úr besta fánlega hráefni.

„Við þurfum daglega ferska matvöru á kaffihúsin og höfðum áður bakað kökur en keypt inn frosin, forbökuð brauð, eins og margir. Hugmyndafræðin er að framleiða matvæli sem eru frábærlega góð eins og kaffið okkar en einnig rekjanleg því æ fleiri verða meðvitaðir um hvað þeir borða. Við forðumst því skyndilausnir til að vera fljótari eða láta kökurnar endast lengur,“ segir Aðalheiður um góðgætið sem þegar býðst gestum.

„Beyglurnar fást nú nýbakaðar frá grunni í Kruðerí og í krósantið notum við einungis íslenskt smjör sem gerir þau einstaklega stökk og ljúffeng.“

Meðlimir Stöðvar 2 Vildar fá 15% afslátt af öllum vörum Kaffitárs fyrsta mánuðinn en eftir það tekur við 20% afsláttur af öllum kaffipökkum. Sjá nánar á www.kaffitar.is.



VILDI EKKI WASHINGTON



Ellen Pompeo með eiginmanni sínum, tónlistarframleiðandanum Chris Ivery. Pompeo með dóttur sína, Stellu. NORDICPHOTOS/GETTY



Ellen Pompeo sem leikur **Meredith** í *Gray's Anatomy* sagði frá því nýverið að hún hefði kosið Dempsey fram yfir Washington þegar kom að vali á mótaleikara.

Ellen Pompeo, aðalsöguhetja *Gray's Anatomy*, hefur leikið Meredith í yfir 200 þáttum. Í nýlegu viðtali við *New York Post* greindi hún frá því að höfundur þáttanna, Shonda Rhimes, hefði upphaflega ætlað leikaranum Isaiah Washington að leika ástmög hennar, Derek Shephard. „Þau vildu að Washington léki kærastann minn en Shondu var mjög í mun að koma svörtum manni að. Mér fannst það ekki nógu góð hugmynd og vildi ekki fá hann sem mótaleikara, fannst það of líkt raunveruleikanum,“ sagði Pompeo í viðtalinu en leikkonan er gift tónlistarframleiðandanum Chris Ivery, sem er svartur. „Ég sagðist heldur vilja Dempsey-gaurinn.“

Pompeo fékk sínu framgengt og Washington fékk í staðinn hlutverk Peter Burke. Þessi stöðulækkun fór ekki vel í Washington að sögn Pompeo. Leikarinn var síðar látinn taka poka sinn vegna fordómfullra ummæla hans um samleikara sinn T.R. Knight.

Þó Pompeo hafi ekki viljað endurspegla eigið líf með því að eiga svartan elskhuga í þáttunum má segja að nýtt hlutverk Meredith sem móður dragi dóm af hennar eigin lífi. Í þáttunum á Meredith Zolu, fjögurra ára ættleidda svarta dóttur, og í raunveruleikanum á hún dótturina Stellu á svipuðum aldri.



STÓRBROTIN SAGA

WORLD WITHOUT END
Hefst á mánudag kl. 22.35

Stöð 2 hefur sýningar á þáttaröðinni *World Without End* á mánudagskvöld. Þættirnir eru byggðir á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett og eru sjálfstætt framhald þáttaraðarinnar *Pillars of the Earth* sem sýnd var á Stöð 2 sl. vetur. Follett styðst við sögulegar staðreyndir og spinnur í kringum þær magnaða

sögu um völd og baráttu, trú og ást. Hann notar tvo sögulega viðburði, upphaf hundrað ára stríðsins sem Bretar háðu við Frakka og svartadauða, sem var einn skæðasti heimsfaraldur sögunnar og náði hámarki í Evrópu um miðja 14. öld. Meðal leikenda eru Cynthia Nixon (*Sex and the City*), Ben Chaplin, Peter Firth og Miranda Richardson. Leikstjóri er Michael Caton-Jones sem m.a. leikstýrði stórmyndinni *Rob Roy*.

FRILLURNAR SNÚA AFTUR

MISTRESSES
Í kvöld kl. 21.40

Lokabáttur *Mistresses* fer í loftið í kvöld. Á nýja árinu er von á nýrri þáttaröð sem sýnd verður á Stöð 2 strax í kjölfar frumsýningar þáttanna á ABC-sjónvarpsstöðinni vestra. Söguþráðurinn spinnst um vinkvennahóp sem flæktur er í óuppbyggileg og á stundum harðbönnuð ástarsambönd og glímur við framhjáhöld, elti-hrella, afturgöngur og fleira sem rígheldur áhorfendum.

Pokkagyðjan Alyssa Milano fer með aðalhlutverkið, lögfræðinginn Savi sem í byrjun þáttanna lenti í einnar nætur gamni með vinnufélaga og þarf að takast á við eftirmál þess.

„Endalokin verða tvísýn en ýmsum spurningum svarað, eins og því hver barnsfaðir Savi er,“ segir Alyssa sem verður gestgjafi í stjórnuútgáfu *Project Runway* á milli þáttaraða.

„Ég vona að Savi nái áttum í næstu þáttaröð og fyrirgefi sjálfri sér öll mistök. Þeir sem vilja komast á bragðið ættu að horfa á síðasta þáttinn því frillurnar eru heillandi kvensur á sérstökum stað í lífinu og framhaldið verður krassandi.“



Jólin þín byrja í IKEA

AKTAD kökudiskur á fæti
m/hjálmi 3.490,-
Gler. Ø17, H40cm. Rautt/glært

SNÖMYS gjafabox
995,-/3 í setti
Pappi. Ýmsir litir

2.990,-/stk.

AKTAD kökudiskur á fæti
Gler. Ø33, H13cm. Rautt/glært

GODTA könnur 395,-/stk.
Gler. 21cl. H8cm. Ýmis mynstur

© Inter IKEA Systems B.V. 2013



Skoðaðu fleiri jólavörur
á www.IKEA.is

Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

1.890,-/stk.

SNÖMYS luktur f/sprittkerti
Má nota utandyra. Stál/gler. Ýmsir litir

SMYCKA gerviblóm 1.290,-/stk.
Hjarðlilja. L62cm. Ýmsir litir

BLADET blómavasi 1.990,-
Ø20, H28cm. Glært gler

**SNÖMYS skraut-
hjörtu 695,-/6 í pk.**
H8cm. Ýmsir litir

SNÖFINT löber 995,-
100% bómull, B40xL250cm. Marglitt

995,-/8 í pk.

JUBLA kerti
H28cm. Rautt
Einnig til hvítt

IKEA®

MYND HELGARINNAR



HAYWIRE
Kl. 22.20 laugardag

Njósna- og spennutryllir úr smíðju leikstjórans Stevens Soderbergh. Það er Gina Carano (fyrrverandi meistari í blönduðum bardagalistum MMA) sem fer með aðalhlutverkið en auk hennar leika Ewan McGregor, Michael Douglas, Antonio Banderas, Bill Paxton, Channing Tatum og Michael Fassbender stór hlutverk. Myndin segir frá málaliðanum Mallroy Kane sem vinnur að verkefnum sem yfirvöld vilja láta framkvæma en geta ekki heimilað og loka þess í stað augunum fyrir.

RUBY SPARKS
Kl. 20.35 laugardag

Rómantísk gamanmynd sem hlotið hefur mjög góða dóma. Hún fjallar um rithöfund sem glímir við eftirköst sambandslita og ákveður að skrifa um draumastúlkuna sína eins og hann ímyndar sér að hún ætti að vera.



THE BOX
Kl. 23.30 föstudag

Rómantísk gamanmynd sem hlotið hefur mjög góða dóma. Hún fjallar um rithöfund sem glímir við eftirköst sambandslita og ákveður að skrifa um draumastúlkuna sína eins og hann ímyndar sér að hún ætti að vera.

BÍÓ TOPPMYNDIR
Kl. 22.00 alla daga



Pandorum
LAUGARDAGUR



127 hours
SUNNUDAGUR



Sunshine Cleaning
MÁNUDAGUR



Magicians
ÞRIÐJUDAGUR



The Next Three days
FIMM'TUDAGUR



The Way of War
MIÐVIKUDAGUR



Snow White and the Huntsman
MÁNUDAGUR

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

GENGUR ÚT Á HASAR OG GLEÐI

Líflegur og skemmtilegur bílapáttur hefur göngu sína á Stöð 2 í lok nóvember. Umsjónarmenn fá þjóðþekkt einstaklinga til að keppa í rallíkrossi, breyta gömlum sendiferðabílum í draumabíla og heimsækja þekkt og óþekkt bílaáhugamenn.



Á FULLU GAZI

Hefst þriðjudaginn 26. nóvember kl. 20.05

Mikill hasar og skemmtilegheit einkenna nýjan bílabátt sem verður frum-sýndur í lok nóvember á Stöð 2 og ber heitið Á fullu gazi. Þátturinn er þó ekki hefðbundinn bílabáttur heldur verður meiri áhersla lögð á lifandi og skemmtilega umfjöllun í bland við fjörugar upptökur. Umsjónarmenn þáttarinnar eru Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir, fréttakona á Stöð 2, og Finnur Thorlacius, blaðamaður hjá Fréttablaðinu, visir.is og Stöð 2. Finnur segir áhorfendur Stöðvar 2 mega eiga vona á eintómri gleði um flest allt er viðkemur bílum. „Við munum bjóða upp á skemmtilega þáttaröð og við getum lofað miklu fjöri um flest allt er viðkemur bílum. Efni þáttanna er í grófum dráttum þrískipt; við fáum sextán þjóðþekkt einstaklinga til að keppa í rallíkrossi, við Sigga fáum sitt hvorn sendiferðabílinn sem við reynum að breyta í draumabíl með aðstoð góðra manna og að lokum þá munum við heimsækja þjóðþekkt og minna þekkt einstaklinga sem eru miklir bílaáhugamenn.“

Grimmleg barátta

Finnur og Sigríður fá sextán þjóðþekkt einstaklinga til að keppa í tveggja manna liðum í rallíkrossi á rallíkrossbrautinni í Kapelluhrauni í nágrenni Hafnarfjarðar. „Kynjahlutföllin voru jöfn, einn karl og ein kona í hverju liði. Liðin háðu grimmilega baráttu sín á milli og að lokum stóð eitt liðið uppi sem sigurvegari. Það var virkilega gaman að sjá hasarinn, lætin og keppnisþráir í keppendum. Margir keppendur sýndu á sér nýjar hliðar og góða takta sem áhorfendur munu hafa gaman af.“

Annar hluti þáttanna gengur út á skemmtilegt verkefni sem Sigríður og Finnur fá. „Við fengum það krefjandi verkefni að breyta gömlum sendiferðabílum í draumabíl fyrir ferðalagið. Ein helgi fór í verkefnið og fengum við aðstoð mikilla snillinga hvors á sínu verkstæðinu. Það mun koma áhorfendum á óvart hversu mikið er hægt að breyta einum bíl yfir helgi.“ Tveir dóm- arar sáu um að dæma afraksturinn, Sigga Heimis iðnhönnuður og Völvi Snær matreiðslumaður, en Sigga og Finnur þurftu að elda fyrir Völva Snæ og heilla hann upp úr skónum.

Bílaáhugamenn heimsóttir

Síðast en ekki síst munu Finnur og Sigríður heimsækja þjóðþekkt og minna þekkt bílaáhugamenn. „Þetta eru margir hverjir þekktir bílaáhugamenn en það var ekki síður gaman að hitta þá sem eru minna þekktir. Flestir eiga spennandi bíla sem gaman er að skoða og sumir jafnvel marga bíla.“

Finnur hefur í mörg ár fjallað um bifreiðar og allt sem þeim viðkemur í íslenskum fjölmiðlum. Sigríður hefur hingað til verið þekktust sem liðsmaður Íslands í dag á Stöð 2. „Við myndum í sameiningu skemmtilegt teymi. Sigga er tækjajáluð og sérstaklega í öll tæki sem hreyfast. Svo er hún með flug- próf og það skín svo sannarlega í gegn hvað hún þælir mikið í græjum.“



Stórstjörnurnar Derrick Rose og LeBron James mættust í gær. MYND/AFP

NBA DEILDIN KOMIN Í GANG

NBA deildin í körfubolta hófst í gær þriðjudag þegar þrjú leikir fóru fram. Stórleikur gærdagsins var leikur Chicago Bulls og núverandi meistara Miami Heat á heimavelli þeirra síðarnefndu. Þar mættust tvö af sigurstranglegustu liðum deildarinnar auk þess sem Derrick Rose, besti leikmaður Bulls, sneri til baka eftir eins og hálfis árs fjarveru vegna alvarlegra hnémeiðsla. Lið Miami Heat hefur unnið NBA deildina síðustu tvö ár og lið Chicago Bulls með heilbrigðan Rose innanborðs ætlar sér stóra hluti í vetur. Í æfingarleikjum haustsins hefur Rose sýnt að hann er kominn í gott form og hefur hann sýnt gamalkunna takta. Kjarni meistara Miami Heat verður sá sami og í fyrra en liðið hefur bætt nokkrum leikmönnum í hópinn. Greg Oden er mættur til leiks eftir nær fjögurra ára fjarveru vegna alvarlegra hnémeiðsla. Nái hann sér á strik, auk vandræðapésans Michael Beasley sem gekk til liðs við Miami í haust, verður bekkur meistaranna sterkur í vetur. Utan Miami og Chicago búast spekingar við góðu gengi San Antonio Spurs, Los Angeles Clippers, Oklahoma City Thunder og Golden State Warriors. Gömlu stórveldunum Boston Celtics og Los Angeles Lakers er hins vegar spáð erfiðum vetri.



Mikið mun mæða á Mesut Özil og Luis Suarez um helgina.

TOPPSLAGURINN Í ENSKA BOLTANUM UM HELGINA

Arsenal og Liverpool mætast í ensku úrvalsdeildinni á laugardag. Þetta er einn af stórleikjum vetrarins, enda eru þessi fornfrægu stórlíð að berjast um toppsætið í deildinni. Leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2.

Arsenal trónir á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir níu umferðir með 22 stig. Liðið hefur ekki tapað leik í deildinni síðan það steinlá í fyrstu umferðinni gegn Aston Villa. Síðan þá hefur liðið spilað frábæran fótbolta og margir spá því meistaratitlinum þegar upp er staðið næsta vor.

Liverpool hefur einnig spilað vel í vetur og getur náð toppsætinu með sigri í leiknum. Félagið er með 20 stig og er ásamt Chelsea í 2.-3. sæti deildarinnar. Markahrókurinn Luis Suarez er kominn aftur eftir að hafa hafið tímabilið í leikbanni og hann var óstöðvandi gegn West Bromwich Albion um síðustu helgi. Aðdáendur Liverpool virðast vera búnir að fyrirgefa Suarez eftir að hann reyndi að komast í burt frá félaginu í sumar. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, freistaði þess að kaupa Suarez en sá taldi sig hafa rétt á að yfirgefa Liverpool ef eitthvert annað félag væri tilbúið að borga meira en 40 milljónir punda. Arsenal reyndi að láta á það reyna en forráðamenn Liverpool þvertóku fyrir að selja kappann. Í staðinn eyddi Arsenal nánast sömu upphæð í Þjóðverjann Mesut Özil frá Real Madrid sem hefur verið lykilmáður í velgengni liðsins það sem af er tímabilsins.

„Ég held að leikur Arsenal og Liverpool hafi ekki verið jafn spennandi í mörg ár. Liverpool eru með heitasta framherjapar heims í þeim Sturridge og Suarez. En Arsenal-liðið er stútfullt lið af léttleikandi miðjumönnum eins og Özil, Wilshere, Cazorla og auðvitað Ramsey sem er sjóðheitur um þessar mundir,“ sagði Hjörvar Hafliðason dagskrárstjóri Stöðvar 2 Sport aðspurður um leikinn.

FJÖLVARPIÐ STÆKKAR

Fjölvarpið er að taka stórfelldum breytingum og er fjöldi sjónvarpsrása að bætast við. Áskriftarpakkarnir bólgnu út og er boðið upp á margar glænýjar sjónvarpsstöðvar. Evrópskum stöðvum fjölgar umtalsvert auk þess sem bætist í flóru kvikmynda- og lífsstílsstöðva. Þá er boðið upp á nýjar barnastöðvar úr smiðju Disney.

Rásur í áskriftarpakkanum Fjölvarp Toppur hefur verið fjölgað úr 12 í 26. Helstu viðbætur eru í flokki fræðslu- og afþreyingarstöðva. Má þar nefna Eurochannel sem er ný stöð sem sérhæfir sig í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Hún hefur verið að sækja í sig veðrið að undanförunu og er Fjölvarp 365 fyrsta dreifiveitan hér á landi til að kynna hana. Fashion One er lífsstílsstöð sem einnig er ný hér á landi. Þar er boðið upp á fjölbreytt tískutengt efni og er stöðin væntanleg í háskerpu innan skamms. VH1 Classic er sömuleiðis ný stöð sem kemur fyrst á markað hjá Fjölvarpi 365 en stöðin höfðar til eldri áhorfshóps en VH1 Hits. Af öðrum viðbótum má nefna Manchester United TV, Hustler TV, norsku ríkisrásina NRK1 og kvikmyndarásirnar Turner Classic Movies & MGM Movie Channel.

Rásur í áskriftarpakkanum Fjölvarp Skemmtun hefur verið fjölgað úr 13 í 30. Hann er nú stútfullur af stöðvum sem ættu að höfða til allrar fjölskyldunnar. Norrænu ríkisrásirnar eru þar fyrirferðar-

miklar með nýjum viðbótum á borð við NRK3 og NRK Súper auk nýrra stöðva á borð við Fine Living, MTV Rocks, Star og Boomerang.

Fjölvarp Fræðsla hefur stækkað úr 16 rásur í 27. Meðal nýrra stöðva má nefna BBC Knowledge sem hefur notið mikilla vinsælda erlendis og er nú í fyrsta skipti í boði hér á landi. Pakkanum fylgja sömuleiðis þrjár nýjar krakka-stöðvar frá Disney; Disney XD, Disney Channel & Disney Junior. Allir pakkarnir kosta 3.990 krónur á mánuði.

Þess bera að geta að vegna plássleysis á núverandi dreifikerfi Digital Ísland eiga breytingarnar sér stað á dreifikerfum símafélanna Vodafone og Símans, þar sem möguleikar til stækkunar eru nær ótakmarkaðir. Breytingarnar nú eru þær mestu frá upphafi Fjölvarpsins.

Innan skamms mun Fjölvarpið kynna nýjan háskerpu- og þrívíddarpakka. Í honum verða 19 stöðvar. Hann býðst áskrifendum Fjölvarpspakka fyrir aðeins 990 krónur aukalega.

Fashion|One

Sjónvarpsstöðin Fashion One var stofnuð árið 2010 og hefur náð gífurlegri útbreiðslu síðan. Þar eru sýndir lífsstíls-, skemmti- og tískupættir auk þess sem fjallað er um stórstirni á rauða dreglinum, hátísku-hús og ferðalög. Þá stendur stöðin fyrir framleiðslu á raunveruleikasjónvarpi og heimildarþáttum.



ÞESSAR STÖÐVAR BÆTAST VIÐ



Sérhæfir sig í efni fyrir yngri krakka með þáttum eins og Doctor McStuffins og Small Einsteins.



Ný hér á landi og býður fjölbreytt úrval afþreyingar.



Býður fjölbreytt úrval af teiknimyndum fyrir krakka á öllum aldri.



Skemmtilegt barnaefni frá morgni til kvölds.



Fjölbreytt úrval eldri tónlistarmyndbanda.



Frábær ný krakka-stöð fyrir 4-10 ára með Spiderman & Phineas & Ferb.



Ný lífsstílsrás með fjölbreyttu og fræðandi efni.



Þetta er sjónvarpsstöðin fyrir unndur rokk-tónlistar.



Ný evrópsk sjónvarpsstöð sem sérhæfir sig í evrópskum kvikmyndum.



Lífsstílsstöð sem tekur púlsinn á öllu sem gerist í Hollywood.



Ný lífsstílsrás sem hefur notið mikilla vinsælda.



Sjónvarpsstöð fyrir bílaáhugamenn.



Sjónvarpsstöð frá TVP sem sendir út innlent efni fyrir Pólverja nær og fjær.



Vandaðir, fróðlegir og skemmtilegir þættir frá BBC.



Fjölbreytt úrval af skemmtilegum og fróðlegum þáttum.

AVIS Langtímaleiga

0 kr. útborgun

Vetrarleiga frá
46.900 kr.
á mánuði!



Losnaðu við vesenið með langtímaleigu

Langtímaleiga AVIS er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. Í langtímaleigu fæst nýr eða nýlegur bill, engin útborgun, tryggingar innifaldar, engin endursöluáhætta og ekkert vesen við dekkjaskipti, olíuskipti eða smáviðhald.

AVIS

Við
gerum
betur.

Kynntu þér málið í síma 591-4000

**Vildarpunktar
Icelandair fylgja
hverri leigu**



Ert þú til í langtímasamband?

(Sixt langtímaleiga - fast mánaðargjald - engin óvænt útgjöld)



JÓLAPEYSAN

30. OKTÓBER - 13. DESEMBER



VERTU MEÐ og styrktu mannréttindi barna





HLUTI FJÖLMIDLAFLÓRUNNAR Eitt merki um að rekstur standi ekki undir sér er ef handbært fé frá rekstri er neikvætt. Þannig var á síðasta ári komið fyrir DV og Skjáránn stóð mjög tæpt hvað þetta varðar. Þar var handbært fé í lok árs 22 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PETUR

Fimm fjölmiðlar af sjö reknir með tapi

Tap fjölmiðlafyrirtækja á síðasta rekstrarári nam tæpum 368 milljónum króna. Mest er tapið hjá Skjánum, RÚV og DV. Eigið fé tveggja fyrirtækja er neikvætt. Á sama tíma hagnaðist 365 um 305 milljónir og rekstrarfélag Viðskiptablaðsins um 5,6 milljónir króna.

FJÖLMIDLAMARKAÐUR

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Einungis tvö af sjö fjölmiðlafyrirtækjum sem skilað hafa ársreikningi skiluðu hagnaði á síðasta ári.

Samstæða 365, sem meðal annars á Fréttablaðið, Stöð 2 og Bylgjuna, skilaði langmestum hagnaði, 305 milljónum króna. Þá skilaði Myllusetur, sem rekur Viðskiptablaðið, tæplega 5,6 milljóna króna hagnaði.

Samanlagt tap hinna, Árvakurs/Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV), Skjásins, DV og Morgundags/Fréttatímans er 367,8 milljónir króna árið 2012.

Langmest er tap Skjásins upp á tæpar 165 milljónir króna. Næstmest er tapið svo hjá RÚV 85,4 milljónir og svo er DV í þriðja sæti með 65,2 milljóna króna tap.

Raunar er sérstaða Skjásins og DV nokkur í þessum samanburði því þau eru einu fyrirtækjin sem í lok síðasta rekstrarárs voru með neikvæða eiginfjárstöðu. Eigið fé Skjásins var neikvætt um 817,5 milljónir króna og DV um 15 milljónir.

Þá var handbært fé DV líka neikvætt um tæplega 4,2 milljónir króna. Skjáránn átti um áramót handbærar 22 þúsund krónur.

Í áritun stjórnenda Skjásins á ársreikningi segir að þrátt fyrir neikvæða eiginfjárstöðu telji stjórnendur ekki leika vafa á áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins þar sem móðurfélag þess, sem jafnframt sé stærsti lánardrottinn fyrirtækisins, muni styðja fjárhagslega við rekstur félagsins og tryggja áframhaldandi rekstur þess. „Að minnsta kosti næstu 12 mánuði.“

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi DV 2012 er líka vísað til þess að gripð hafi verið til víðtækrar hagræðingar í rekstri, auk þess sem hlutfé hafi verið aukið um ríflega 55 milljónir króna á fyrsta fjórðungi þessa árs. Talan er forvitnileg í samhengi við endurmat á virði óefnislegra eigna (útgáfuréttar og hugbúnaðar) upp á 39,7 milljónir í ársreikningi DV. Án hans hefði halli á rekstri félagsins verið 54,7 milljónir króna í árslok 2012.

FÁIR STANDAST LÁNAMÆLISTIKU BANKANNA

Þegar bankar leggja mat á lánshæfi fyrirtækja er gjarnan horft til kennitölu sem fengin er út með því að deila rekstrarhagnaði án afskrifta

817,5 Eigið fé Skjásins var um síðustu áramót neikvætt um rúmar 817 milljónir króna. Í ársreikningi fyrirtækisins segja stjórnendur að móðurfélag Skjásins, Skipti, sem einnig á Símann og Mílu, styðji við reksturinn og tryggi áframhald hans, að minnsta kosti í 12 mánuði.

(EBITDA) í vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé. Hlutfallið gefur fjárfestum, eða lánveitendum, hugmynd um hversu langan tíma fyrirtæki væri að greiða upp skuldir sínar, án tillits til vaxta, skatta, afskrifta og rýrnunar. Af spjalli við sérfræðinga í fyrirtækjarekstri og greiningu ársreikninga má ráða að bankar telji fyrirtæki hæf til lántöku ef hlutfallið er undir 3 til 3,5 árum.

Í greiningu á ársreikningum íslenskra fjölmiðlamarkaði kemur í ljós að einungis eitt fyrirtæki fellur innan þess ramma, en það er Myllusetur, eigandi Viðskiptablaðsins. Þar er skulda/EBITDA-hlutfallið 2,9.

Rétt við mörkin er svo 365-samstæðan með hlutfall upp á 3,7 og herma heimildir blaðsins að þar á bæ sé stefnt að því að ná hlutfallinu mjög hratt niður á þessu og allra næstu árum.

Sé þessi mælistika hins vegar lögð á samstæðu Árvakurs/Morgunblaðið er hlutfallið 9,4 ár og 9,2 ár hjá RÚV.

„Við hlutfall yfir 4 eða 5 fara viðvörðunarbjóllur alla jafna að glymja því hlutfallið bendir til þess að fyrirtækið sé ólíklega til að standa undir skuldabyrði sinni og þar af leiðandi síður í aðstöðu til þess að bæta við sig skuldsetningu sem þyrfti til vaxtar,“ segir í útskýringu Investopedia á hlutfallinu.

Taprekstur og neikvæðar EBITDA-tölur annarra miðla, svo sem DV, Skjásins og Morgundags/Fréttatímans, gera að hlutfallið nýttist ekki til samanburðar hjá þeim fyrirtækjum.

Vefpressan, sem meðal annars rekur vefmiðlana Pressuna og Eyjuna, hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta rekstrarár og er því ekki með í samanburðinum. Í árslok 2011 var hins vegar tap á rekstrinum upp á rúmar 29,8 milljónir króna og EBITDA var neikvæð um 32 milljónir.

TÖLUR ÚR REIKNINGUM HELSTU MIÐLA 2012

Fjölmiðill	Hagnaður/Tap	EBITDA	Handbært fé	Eigið fé	Skuldir
365-samstæðan	305,0 m.kr.	1.088,0 m.kr.	106,0 m.kr.	2.561,0 m.kr.	7.227,0 m.kr.
Myllusetur/Viðskiptablaðið	5,6 m.kr.	7,8 m.kr.	8,2 m.kr.	23,3 m.kr.	61,1 m.kr.
Morgundagur/Fréttatíminn	-5,5 m.kr.	3,5 m.kr.	13,9 m.kr.	17,8 m.kr.	44,5 m.kr.
Árvakur/Morgunblaðið	-46,7 m.kr.	100,9 m.kr.	141,6 m.kr.	974,5 m.kr.	1.246,6 m.kr.
DV	-65,2 m.kr.	-57,0 m.kr.	-4,2 m.kr.	-15,0 m.kr.	168,1 m.kr.
RÚV ohf.	-85,4 m.kr.	341,9 m.kr.	5,1 m.kr.	651,4 m.kr.	4.919,8 m.kr.
Skjáránn	-165,0 m.kr.	-83,9 m.kr.	22.000 kr.	-817,5 m.kr.	2.166,8 m.kr.

Heimild: Ársreikningar. Ath. allar tölur í milljónum króna, nema handbært fé Skjásins, sem talið er í krónum.

Loksins á Íslandi!

Nicotinell með Spearmint bragði - auðveldar þér að hætta reykingum

NÝTT



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn er lyfið dregur úr nikótínþörf og fráfarvæðingum og það auðveldar þér að hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Ef þú reyrir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmi), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stik við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stik, þó ekki fleiri en 15 stik af 4 mg og 25 stik af 2 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Meðferðarfernd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfjatyggigúmmis lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólki hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki séðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ónámi fyrir nikótíni eða einhverju hjáþærmanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing þó ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdom, af háan blóðþrýsting, sykursýki, óvirknan skjaldkirtili/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmi er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með argengt fruktosapól skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og butýlhydroxytöluen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlæðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfshafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suburhrauni 12a, 210 Garðabæ

Fyrirtæki búa sig undir harðan slag

Póst- og fjarskiptastofnun mun á næstu mánuðum taka ákvörðun um breytingar sem eiga að auka samkeppni í sölu á upplýsingum um símanúmer og taka 118 úr notkun. Bæði Já og Miðlun vilja selja þessar upplýsingar.

FJARSKIPTI

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) mun á næstu mánuðum taka ákvörðun um hvort farið verði í breytingar sem eiga að stuðla að aukinni samkeppni í sölu á upplýsingum um símanúmer einstaklinga og fyrirtækja. Stofnunin ætlar einnig að taka símanúmerið 118 úr notkun og afturkalla leyfi fyrirtækisins Já fyrir notkun á því.

Já hefur undanfarin ár þurft að halda utan um heildstæðan gagnagrunn yfir innlend símanúmer. Með fyrirhuguðum breytingum PFS á að gera fjarskiptafyrirtækjum skylt að safna þessum sömu upplýsingum. Fyrirtækjunum er samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum ætlað að safna þeim en síðustu ár hafa þau látið Já sjá um skráninguna.

„Fyrirtækið Já á því miklu nákvæmari gögn um símanúmer en fjarskiptafyrirtækin, svo sem nákvæmar upplýsingar um fjölskylduhagi fólks eða starfsheiti. Fyrirtæki sem ætlaði að byrja að selja upplýsingar um símanúmer með einhverjum hrágögnum væri því ekki í sömu stöðu og Já er í nú og undir þetta sjónarmið hafa stofnanir eins og PFS tekið,“ segir Andri Árnason, framkvæmdastjóri Miðlunar, en hann hefur lengi gagnrýnt núverandi fyrirkomulag og sagt

“Fyrirtækið Já á því miklu nákvæmari gögn um símanúmer en fjarskiptafyrirtækin, svo sem nákvæmar upplýsingar um fjölskylduhagi fólks eða starfsheiti.



ANDRI ÁRNASON

það koma í veg fyrir að fyrirtæki geti keppt við Já þegar kemur að sölu á upplýsingum um símanúmer.

Andri segir Miðlun hafa gert tilraunir til að kaupa aðgang að þessum gögnum Já en að verð fyrirtækisins hafi verið of hátt til að geta staðið undir rekstri slíkrar þjónustu.



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR

„Allir þeir sem ákveða að fara í rekstur þurfa að fjárfesta í því að fara í rekstur. Allt frá því að Já var stofnað höfum við náð samningum við öll starfandi fjarskiptafyrirtæki um afhendingu símanúmeraupplýsinga, líkt og aðrir geta gert. Það eru því



FARA YFIR MÁLIN Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar fara nú yfir athugasemdir sem stofnuninni bárust vegna fyrirhugaðra breytinga. Fréttablaðið/Vilhelm.

engin einkaréttindi til handa Já varðandi slíka starfsemi,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já.

Spurð um hvernig Já ætli að bregðast við ákvörðun PFS um afturköllun á leyfi fyrir notkun á númerinu 118, segir Sigríður að fyrirtækið ætli ekki að hætta að veita sömu þjónustu.

„Við höfum fjárfest verulega í markaðssetningu og höfum byggt upp þekkingu á vörumerkinu 118 og við munum að sjálfsögðu ekki hætta að veita þjá þjónustu þó númerið verði lagt niður heldur veita sömu þjónustu í símanúmerinu 1818,“ segir Sigríður.

Andri tekur í sama streng og segir að ef PFS ákveði á end-

anum að fara í breytingarnar þá ætli Miðlun að bjóða upp á sömu þjónustu.

„Þá ætlum við einfaldlega að bjóða neytendum upp á fleiri en einn valkost. Við höfum fengið úthlutað símanúmerinu 1800 og teljum að það sé hægt að gera þetta á ódýrari hátt fyrir neytendur,“ segir Andri.

haraldur@frettabladid.is

Hefur gaman af útivist og fótbolta

Orri Hauksson, fráfarandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur verið ráðinn forstjóri Skipta. Hann er alinn upp í Vesturbænum í Reykjavík, nam vélaverkfræði við HÍ og er með MBA-gráðu frá Harvard Business School.

SVIPMYND

Samúel Karl Ólason | samuel@frettabladid.is

Orri Hauksson var nýlega ráðinn forstjóri fjarskipta- og upplýsingatækniyrirtækisins Skipta. Hann er 42 ára gamall og hefur unnið mikið í tengslum við fjarskiptamarkaðinn.

Orri er fæddur og uppalinn í Vesturbænum og bjó við hliðina á Melabúðinni þar til hann var rúmlega tvítugur. Hann er með stúdentspróf frá MR og eftir það nam hann vélaverkfræði við Háskóla Íslands. „Eftir það nám vann ég um hríð og fór svo í Harvard Business School og þar náði ég mér í MBA-gráðu.“ Orri á tvo syni og er trúlofaður konu sem á einnig tvo syni. „Þetta er skemmtileg íslensk nútímafjölskylda. Sex manna húshald þegar allir eru saman komnir.“

Áhugamál Orra eru margvísleg og partur af þeim eru stjórnsmál og efnahagsmál. „Síðan erum við feðgarnir, ég, sonur minn og stundum faðir minn, áhugasamir um að fara saman á fótbolta-leiki. Ég hef gaman af útivist, fjallgöngum og slíku. Það skýrist líklega af því að ég var einu sinni í skátunum. Þó ég hafi ekki verið virkur í því starfi lengi þá situr ýmislegt eftir frá því. „Einu sinni skáti, ávallt skáti.“ Fjölskylda og vinir leika líka stórt hlutverk í lífi mínu.“

Orri hefur verið framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins frá árinu 2010 en þar áður hafði hann starfað hjá Novator frá árinu 2007 til 2010. Orri hefur mikið verið viðloðandi fjarskiptamarkaðinn og frá 2003 til 2007 vann hann sem framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans. „Hjá Novator var ég lengi bæði í Finnlandi og Svíþjóð að vinna að fjarskiptum og verkefnum í umhverfistækni. Ég sat lengi í stjórn fyrirtækis sem heitir Scandinavian Biogas, sem tekur skólp og alls konar annan skemmtilegan lífrænan úrgang og býr til orku úr því.“ Orri var einnig í stjórn Sulphco í Texas en það fyrirtæki braut niður brennisteins-sameindir úr olíuafurðum.



NÝR FORSTJÓRI SKIPTA Orri Hauksson hefur lengi verið viðloðandi fjarskiptamarkaðinn.

SKEMMTILEGUR OG FÆR Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM



EINAR GUNNAR GUÐMUNDSSON forstöðumaður nýsköpunarmála hjá Arion banka. segir Einar og bætir við: „Hann er einfaldlega með skemmtilegri mönnum.“

„Orri er mikill „prinsipp“ maður sem er gríðarlega fljótur að greina kjarnann frá hisminu í umræðunni. Hann er úrræðagóður og lausnamiðaður. Fyrir utan það að vera trúr sér og sínum,“ segir Einar. „Hann hefur alltaf verið gríðarlega metnaðargjarn og tilbúinn til að leggja mikið á sig. Þó þannig að það bitni ekki á öðrum,“ segir Einar og bætir við: „Hann er einfaldlega með skemmtilegri mönnum.“



ILLUGI GUNNARSSON menntamálaráðgjafi.

„Í fyrsta lagi er Orri einstaklega góður vinur. Það er hægt að reida sig á hann í gegnum þykkt og þunnt og leita góðra ráða hjá honum,“ segir Illugi. „Hann er einhver skarpgreindasti maður sinnar kynslóðar og er einn af þeim mönnum sem sér stóru myndina um leið og hann getur sett sig í öll smáatriðin. Hann er að eðlisfari mjög málefnalegur og gefst aldrei upp í rökræðu. Þar fyrir utan er hann líka mjög skemmtilegur maður.“



SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR formaður Samtaka iðnaðarins.

Hann nær oft skemmtilegu sjónarhorni á mál. Það er mikilvægt þegar sætta á ólík sjónarmið og auka skilning. Þessi hæfileiki hefur t.d. reynst Orra vel þegar hann hefur stjórnað umræðum.“

„Orri er gríðarlega öflugur maður og skemmtilega leiftrandi. Hann er mjög snöggur að átta sig og hann er afar fær í mannlegum samskiptum,“ segir Svana. „Hann hefur góða sýn á tækni og er opin fyrir nýjungum. Hann er hugmyndaríkur og mjög frjór í hugsun. Hann hefur góða kímigáfu og er orðheppinn og hnyttinn. Hann nær oft skemmtilegu sjónarhorni á mál. Það er mikilvægt þegar sætta á ólík sjónarmið og auka skilning. Þessi hæfileiki hefur t.d. reynst Orra vel þegar hann hefur stjórnað umræðum.“



Reitir varðveita ásýnd og sögu borgarinnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum. Með vönduðu viðhaldi á eignum varðveitum við sögu borgarinnar, gefum henni fallega ásýnd og sköpum um leið góðan vinnustað fyrir þig og þína.

: REITIR

Velkomin til starfa



Hin hliðin Segðu já við því að segja nei

Hvað gerir það að verkum að sumt fólk kemst hratt áfram með verkefni sín á meðan aðrir eru alltaf á fullu en áorka þó litlu? Sem manneskja með eigin rekstur þá er áskorun mín ítrekað þessi: Hvernig kem ég öllu í verk sem ég þarf og vil koma í verk? Þegar upp er staðið þá er sú tímastjórnunaraðferð sem hefur virkað hvað best fyrir mig það að segja ekki eins oft „já“.

Auðvelt að segja „já“

Þetta litla orð skiptir sköpum þegar kemur að því að virða tíma okkar og framlag til umheimsins. Það er nefnilega mjög auðvelt að segja „já“ en alls ekki svo auðvelt að segja „nei“. Við viljum ekki valda fólki vonbrigðum og viljum vera jákvæð og þjónustulundúð og eins viljum við segja já við tækifærum og viðskiptavinum. En hvað eru öll þessi „já“ að kosta okkur? Það sem eyðir tíma okkar og eykur streitu fremur en annað er endurtekin jákvæðni gagnvart því að gefa tíma okkar í að sinna málum sem annað fólk setur í forgang á meðan okkar eigin forgangsatíði sitja á hakanum.

Þegar þú ert beðinn um að gera eitthvað, gefðu þér tíma til þess að hugsa málið. Skoðuðu hvað mælir með og á móti því að segja já. Er þetta eitthvað sem er þér mögulegt, hefurðu tíma og geturðu sinnt því vel? Er þetta eitthvað sem færir þig nær eigin markmiðum eða tekur þig frá því sem þú ert að vinna að?

Segðu oftar „nei“

Það að segja „nei“ þýðir ekki að þú sért slæm manneskja, starfsmaður eða stjórnandi heldur að þú hafir önnur forgangsatíði og takmarkanir. Þegar einhver biður þig um eitthvað sem hentar þér ekki, íhugaðu þá hvort einhver annar gæti öðlast tækifæri á því að fá verkefnið og bjóddu jafnvel fram tillögur að því hvernig hægt væri að leysa verkefnið þó svo þú getir ekki sinnt því.

Þú þarft ekki að afsaka þig fyrir að gera það sem er réttast fyrir þig og þitt starf eða rekstur. Þegar þú gefur fólki „vinalagt“ nei með einfaldri útskýringu þá virðir fólk afstöðu þína og treystir þér í raun enn frekar þar sem þú ert með þín forgangsatíði á hreinu.

Prófaðu að segja oftar „nei“ við því sem hentar þér ekki og þú segir í leiðinni „já“ við því sem skiptir þig mestu máli, nýtir tíma þinn margfalt betur og eykur eigin afköst.

3

Frábær dagskrá á Stöð 3

1.
mánuðurinn
ÓKEYPIS

Laugardagsþátturinn með Frikka Dór*

Arrow

Sleepy Hollow*
Einn vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum.

Carrie Diaries

Shameless
„Frábær sjónvarpsþáttur sem grípur mann frá fyrsta augnabliki.“
– The Hollywood Reporter
Verðlaunaleikarinn William H. Macy leikur aðalhlutverkið í þessum mögnuðu þáttum.

Dads*

Grimm*

Graceland

Banshee

The Mindy Project

Super Fun Night

Í eldhúsinu hennar Evu

Krakka stöðin
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga.

Nikita

SkjárEinn 4.990 kr. á mánuði

X Factor USA

Pretty Little Liars

Stöð + **Krakka stöðin** + = **2.990 kr. á mánuði**

*Hefst í nóvember

Tryggðu þér áskrift á www.stod3.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Virðu öðru
börn eiga rétt á
vernd og umöngun

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEG TEFNI Á NETINU

VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- mívíðgerðir
- þakviðgerðir
- málingarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- pipulagnir
- raflagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- heilulagnir
- glierskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Jói Smíður. Viðhald og nýsmíði. Tilboð eða tímavinna. HEIMASÍÐA: joismidur.is. Jóhann 897 3006.

Spádómar

SPÁSÍMI 908-6116
Ástir, fjármál & heilsa.

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktafi
www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

www.stolpiehf.is

Geymslugámar

til sölu og leigu

Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100



HITAVEITUSKELJAR OG LOK

Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax. Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfbærandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000. (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

GÁMUR TIL SÖLU

20ft geymslugámar til sölu, 200þús
Uppl. í s. 898 4202.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,
220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA

SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Nudd

TANTRA NUDD


Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Byð upp á gott nudd, heilnudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opíð til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.



HÚSNÆÐI


Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.

Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18.
www.leiguherbergi.is

námskeið



Námskeið í kinesio-teipun

Frábært meðferðarform sem eykur árangur þinn í meðhöndlunum.

Námskeið í kinesio-teipun verður haldið fyrir fagfólk sem hefur lært kinesiologi eða vöðvaprófanir.

Á föstudag er upprifjun á vöðvaprófunum og leiðréttingu orkuflæðis til þeirra. Farið er í undirstöðuatriði kinesiö -teipunar og fá nemendur verklega þjálfun í teipungum á laugardag og sunnudag

Námskeiðið verður í Reykjavík 15.-17. nóv. n.k.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Svövu í síma 894 0550 eða á www.nuddstofan.is e-mail: nuddstofan@nuddstofan.is

Andar þú að þér heilbrigðu lofti?

Hjóðlátu vifturnar

Tilboð í okt frá **7990**

Heilbriggt loft
Minna ryk
Jafnt rakastig

íshúsið

Eigum yfir **300** gerðir á lager
www.viftur.is • S:566 6000
Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

Blásarar

Öflugir loftskipti-blásarar. Tilboð frá **34.990 kr**
Úrval barka.

Röraviftukitt

Röraviftur með barka, viftuhlífum og klemmum. Verð frá **11.990 kr.**

Útsogsblásarar

Útsogsblásarar og þakblásarar. Verð frá **29.900 kr**
Margar útfærslur.

fasteignir



Stakfell

535_1000

Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

Aðalheiður Karlsdóttir
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

Fasteignasala · Íbúðarhúsnæði · Skúlatún 2 · 105 Rvk

Byggingalóð – íbúðarhúsnæði

Höfum til sölu mjög vel staðsetta byggingalóð með sjávarútsýni. Má byggja upb. 3000m² birta fermetra

Allar nánari upplýsingar hjá Stakfell í síma 535-1000

Til sölu: Hafnarskeið 8 í Þorlákshöfn
4,000 ferm. fasteign
við hafnarkant í Þorlákshöfn



Til sölu fasteignirnar nr. 8A og 8C við Hafnarskeið í Þorlákshöfn. Um er að ræða fyrrum loðnuverksmiðju, mjölskemmu og aðrar fasteignir upphaflega tengdar sjávarútvegi. Fasteignirnar eru alls um 4,000 m² og standa á 7,500 m² lóð við hafnarkant í Þorlákshöfn.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður: aquaomnis ehf., Þorsteinn Guðnason, rekstrarhagfræðingur, s. 862 0489, universal@internet.is.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

ÍBÚÐ ÓSKAST

Höfum traustan kaupanda að íbúð fyrir eldri borgara við Skúlagötu 20, Hvassaleiti eða í Bólstaðarhlíð.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Sóltún 7 - Reykjavík. 3ja herbergja íbúð.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00



Mjög falleg, björt og vel skipulögð 102,6 fm. íbúð á 3. hæð í vönduðu og vel staðsettu fjölbýlishúsi við Sóltún auk sér stæðis í bílageymslu í kjallara. Mikið var lagt uppúr vandaðri hljóðeinangrun á milli íbúða við byggingu hússins og er hún afar góð. Íbúðin skiptist í forstofu/anddyri, hol, geymslu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar samstæðar innréttingar úr eik. Tvær góðar geymslur í kjallara ásamt stæði í bílageymslu. Góð aðkoma er að húsinu og hiti er í hluta stétta fyrir framan hús. Íbúðin er laus til afhendingar mjög fljótlega. Verð 38,5 millj.

Húsnæði í boði

Fyrirtæki/einstaklingar. 70 fm íbúð til leigu.svæði 105. Innifalið í leigu: rafmagn, hiti, húsjóður, öll húsgögn & allur búnaður í eldhúsi. v. 250 þús. laus strax til 1.maí. uppl. í s. 6934848 eða á facebook.com/apartmentreykjavik

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2. herb., 70fm íbúð í Kóp. m. húsgögnum. Leigut. 6 mán. Verð. 135þús. s. 777-4661.

atvinna

SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARAR SEM
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

fasteignir



JÖFUR

ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



TIL LEIGU

Faxafen 10, 108 Reykjavík
668,4 fm. skrifstofu-/kennslu-
húsnæði á jarðhæð

Allar nánari upplýsingar veitir:

Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólaflokkur, 2 stór fundarherbergi, eitt tækniými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!

Húsnæði óskast

Par leitar eftir húsnæði í Reykjavík.

Birgir R. J. s: 820-2223.

Óska eftir húsnæði fyrir litla nudd og snyrtistofu sirka 50-100 fm. S. 896-0082

Húsnæði til sölu

Til leigu 50 fm 2ja herb./íbúð í 109 langtímal laus strax v. 100.000 Uppl. 8699584

Atvinnuhúsnæði

Verkstæði/vinnustofa á skemmuvegi 100fm frá 1 nóv 772-3282

Gott 150fm atvinnulagerhúsnæði á góðum stað í Garðabæ til leigu. Einar innkeyrsludyr. Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR TIL LEIGU.

3 stærðir í boði 11 til 20fm. Einnig leiga á brettum undir minni búslóðir. Nánari upplýsingar í síma 571 6005 og 898 8070. Aðalgeymslur Lynghalsi 10.110 Rvk

GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjólf ofl. Uppl. í s. 864 3176.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m². Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymslurhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUHÚS.IS

Hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar, upph. húsnæði. Uppl. í síma 770-5144.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði



Óskum eftir vönum pizzabökurum á Hróa Austurstræti. Uppl. 775 3939 Geir eða hroi@hroi.is

Sexy Iceland leitar samstarfs við konur sem vilja blogga um kynlíf gegn greiðslu. Sjá nánar á SexyIceland.com (Atvinna).

Hressingarskálinn leitar að yfirmanni í eldhús sem sér um ráðningar, skipulag og birgðastjórnun. Reynsla af slíku þarf að vera til staðar. Áhugasamri sendið póst á hresso@hresso.is

LITALÍNAN EHF

Óskar eftir lærðum málurum í málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445.

SOS Barnabörpin óska eftir fólki í úthringistörf 2-3 kvöld í viku. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 564 2910 og ragnar@sos.is.

Celtic Cross óskar eftir vönum barþjónum og dryravörðum. Tekið við umsóknum á staðnum á milli 16-18 á fimmtud.

Atvinna óskast

Tveir húsasmiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. 841-9839 eða husasmidir@gmail.com

Fasteignir.is

-Nú með Fasteigna-App

Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!



- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnötendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

visir.is

NOONTEC MEÐ BLUETOOTH!



Hágæða tískuheyrnartólin frá Noontec sem eru að slá í gegn erlendis fást nú í öllum verslunum Tölvulistans. Vinsæl hönnun og einstakur hljómur á sanngjörnu verði.



noontec
ZORO
Wireless Hi-Fi Headphone



Samanbrjótanleg með ferðapoka
Samanbrjótanleg svo fari lítið fyrir þeim á ferðalagi. Ferðapoki fylgir. Fyrirferðalítill og þægileg.

Práðlaus með Bluetooth
Það er ótrúlega þægilegt að þurfa engar snúrur og geta spilað tónlist beint úr símanum í gegnum Bluetooth.

Þrjú vinsælir litir
Zoro eru harðgerð og hönnuð fyrir mikla notkun. Piano glansáferð. Svört, rauð og hvít.

 **Bluetooth**

Zoro eru fráðlaus með nýjustu Bluetooth tækni sem skilar meiri styrk og tærari hljóm. Engar snúrur að flækjast fyrir þegar þú spilar tónlistina beint úr símanum. HD afspilun í gegnum snúru sem fylgir.

TILBOÐSVERÐ 19.990

tl.is



20
ÁRA

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



KL. 20:25 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:05

HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 20:55

GREY'S ANATOMY

Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloane Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



KL. 21:40

MISTRESSES

Fjórar vinkonur hafa ólíkar þarfir og þrjár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.



KL. 19:00

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN

Stígvélaði kötturinn ávinnur sér virðingu fyrir einstaka sverðfimi sína og útsjónarsemi í erfiðum aðstæðum.



KL. 19:50

THE CARRIE DIARIES

Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekja úr þáttaröðinni Sex and the City.



KL. 20:35

ARROW

Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**



SUDOKU

7	2	9				3		
		9	7					
	1			8		5		
5	4				1	2	8	
3			1					
	2	6	5		4	7		
				7	2	9		
2	3	4			6		5	
			4	6				

LÉTT

			8					
4	2	8	6		9			
6			2	4	7	8		9
			3			4	8	
		3	7	9			1	
						3	6	
9			4	3				
2				8			3	
			8	7	5			2

MIDLUNGS

	7	5			3			
	3						5	
	2				7			
5							2	3
		3	4				8	
		7					1	6
				6		1		2
6			5	4	9	8	7	
			1	8				

PUNG


5	1	3	2	8	4	7	6	9
4	6	7	9	1	5	8	2	3
2	9	8	3	6	7	4	1	5
8	7	2	6	9	3	5	4	1
9	3	1	4	5	8	2	7	6
6	4	5	7	2	1	3	9	8
1	2	4	8	3	9	6	5	7
7	8	9	5	4	6	1	3	2
3	5	6	1	7	2	9	8	4
7	1	3	6	8	4	5	9	2
9	4	5	2	7	1	6	8	3
8	6	2	3	5	9	1	7	4
2	9	6	4	1	7	3	5	8
1	3	7	8	2	5	4	6	9
4	5	8	9	6	3	7	2	1
5	2	4	1	9	6	8	3	7
3	7	9	5	4	8	2	1	6
6	8	1	7	3	2	9	4	5
9	3	1	7	4	5	2	8	6
4	5	8	6	9	2	1	3	7
2	7	6	3	1	8	9	4	5
1	2	9	4	7	3	5	6	8
7	8	5	1	2	6	3	9	4
6	4	3	8	5	9	7	1	2
3	6	2	9	8	7	4	5	1
5	9	4	2	6	1	8	7	3
8	1	7	5	3	4	6	2	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Það er fréttu fljótast sem í frásögn er ljótast.
Íslenskur málsháttur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT 2. blick, **6.** pot, **8.** húsfreyja, **9.** tækifæri, **11.** ekki, **12.** hlátur, **14.** kjöt, **16.** í röð, **17.** mánuður, **18.** ról, **20.** átt, **21.** ánægjublossi.

LÓÐRÉTT 1. íþrótt, **3.** hvort, **4.** fargið, **5.** slit, **7.** raddfæri, **10.** fjallaskarð, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** ris, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. gólf, 3. ef, 4. pressan, 5. maí, 18. ark, 20. ný, 21. kikk.
LÓÐRÉTT: 1. depl, 6. of, 8. frú, 9. lag, 11. ei, 12. fliss, 14. flesk, 16. þæ, 17. maí, 18. ark, 20. ný, 21. kikk.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Grogorz Gajewski (2637), Víkinga-klúbbum, átti leik á móti Jakob Aabling Thomson (2375), Skákfélagi Akureyrar á Íslandsmóti skákfélaga. **Hvítur á leik**



32. e6! (margvíslegar hótanir sem svartur ræður ekki við) 32... Kh8 33. e7! Svartur gafst upp. Skemmtilega frásögn Einars S. Einarssonar frá æskunni og ellinni má finna á www.skak.is. **www.skak.is** Vetrarmót öðlinga (40+) hefst í kvöld.

THE LOCAL BEER

FINELY TUNED



ICELAND
AIRWAIVES
'13

2.25%
ALC. VOL.

FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR  OCT 30 - NOV 03

Saumum saman barnaföt

Í Pfaff laugardaginn
2. nóvember frá kl. 11-16

- **Sýnikennsla** – Hvernig á að sauma barnaföt – jólaföt fyrir stelpur og stráka.
- **Nýjasta nýtt** – Snið og ný efni frá Föndru sýnd.

Frábær tilboð á saumavélum og overlockvélum



Husqvarna Emerald 116 – verð kr. 54.900
Tilboð kr. 44.900

Husqvarna Emerald 118 – verð kr. 64.900
Tilboð kr. 54.900

Husqvarna Opal 650 – verð kr. 109.900
Tilboð kr. 89.900



Huskylock S-15 – verð kr. 79.900
Tilboð kr. 64.900

Singer – verð kr. 69.900
Tilboð kr. 54.900

25% afsláttur af fylgihlutum fyrir saumavélar

PFAFF

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is



LÖNG MEDGANGA „Upphafið má rekja til þess að í æsku var ég í sveit í Meðallandinu,“ segir Pétur um kveikju Eldklersins.

Saga Jóns er svo mikil og merkileg

Eldklerkurinn, nýr einleikur eftir Pétur Eggerz, verður frumsýndur á Kirkjubæjarklaustri um helgina. Verkið er byggt á ritum séra Jóns Steingrímssonar, eldklersins úr Skaftáreldum. Sýningar verða í Hallgrímskirkju næstu þrjár helgar.

„Þetta verk er að miklu leyti unnið upp úr ævisögu og Eldriti Jóns, auk annarra heimilda,“ segir Pétur Eggerz um einleik sinn Eldklerkinn en hann fjallar um líf og störf séra Jóns Steingrímssonar sem frægur varð fyrir eldmessu sína sem talin var hafa stöðvað hraunrennslið í Skaftáreldum árið 1783. „Ég skrifaði textann en síðan unnum við Sigrún Valbergsdóttir leikstjóri hann áfram í sameiningu.“

Verkið hefur verið um tvö ár í vinnslu að sögn Péturs en meðgöngutíminn er þó mun lengri. „Upphafið má rekja til þess að í

æsku var ég í sveit í Meðallandinu og þar er þetta hraun og sögurnar af Skaftáreldum mjög nærri. Þannig að þessir viðburðir hafa verið mér hugstæðir alveg síðan þá. Upphaflega var nú meiningin að gera leikverk fyrir börn sem gerðist í Skaftáreldum en þegar nánar var skoðað var saga Jóns bara svo mikil og merkileg að hún kallaði á það að yrði séreineikur um hann, ætlaður fyrir fullorðna.“

Eldklerkurinn var forsýndur í Hallgrímskirkju um síðustu helgi en eiginleg frumsýning fer fram á Kirkjubæjarklaustri á föstu-

dagskvöldið. Síðan verður sýnt í Hallgrímskirkju á sunnudaginn og tvær næstu helgar, en Pétur segir framhaldið ráðast nokkuð af undirtektum. Ætlunin sé þó að fara með leikinn aftur á söguöldir og jafnvel tengja hann menningartengdri ferðaþjónustu næsta sumar.

Sýningin er á vegum Möguleikhússins, það er Pétur sem skrifar og leikur, Sigrún Valbergsdóttir leikstýrir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búningsa Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson. fridrikab@frettabladid.is

Ævisaga og aldarspegill

BÆKUR ★★★★★

Alla mína stelpuspilatíð
SIGRÍÐUR KRISTÍN ÞORGRÍMSDÓTTIR

MÁL OG MENNING

Alla mína stelpuspilatíð er ævisaga „venjulegrar konu“, Sigríðar Kristínar Þorgrímsdóttur sem er að nálgast sextugt þegar hún sest niður og skrifar endurminningar sínar. Hún er hvorki fræg né alræmd og hefur ekki lifað neina stóratburði umfram flesta jafnaldrina sína. Samt er líf hennar í frásögur færandi. Saga hennar er merkileg, bæði sem spegill á þá tíma sem hún hefur lifað og sem heidarleg og opinská saga einstaklings.

Eins og oftast vill verða með endurminningar eru kaflarnir sem lýsa æsku og uppvexti Sigríðar áhugaverðastir. Sigríður ólst upp við óvenjulegar aðstæður. Hún er dóttir Jakobínu Sigrúardóttur skáldkonu í Garði í Mývatnssveit og Starra Björgvínssonar. Fjölskyldan er bæði venjuleg og óvenjuleg í samhengi sveitalífsins. Annars vegar er þetta bændafólk með barnahóp þar sem karlinn sinnir útverkum og konan fer með allt innan stokks. Á hinn bóginn er fjölskyldan líka óvenjuleg og utangarðs, Jakobína og Starri voru bæði róttæk og vinstrisinnuð í skoðunum og hús-

frejjan ofan á allt annað

skáld sem skrifaði umdeildar bækur bæði vegna orðfæris og skoðana. Eins og nærri má geta bitnar þetta á börnunum, hlutskipti þeirra í skóla verður að berjast fyrir tilveru sinni gegn einelti og árásum. Til að flækja málin enn frekar býr afi Sigríðar á heimilinu og er þungur kross að bera. Hann er líklega veður á geði á tímum þar sem minni hjálpar var að fá en í dag og afleiðingarnar eru ofbeldi, bæði líkamlegt og andlegt. Lýsingin á honum í bókinni er ekki löng en áhrifamikil.

Auðvitað er forvitni manns um móður Sigríðar, Jakobínu, mest. Á nokkrum stöðum í bókinni er vitnað í bréf frá henni og henni er fallega lýst, tilvera hennar sem nútímahöfundar í sveitinni hefur ekki alltaf verið tekin út með sældinni. Forvitni manns um Jakobínu, ævi hennar og hlutskipti er þó hvergi nærri svalað og það hefði verið áhugavert að fræðast meira um hana.

Þegar bernskunni og ungdómnum lýkur taka við rötlaus ár þar til söguhetjan finnur sjálfa sig í

námi og einkalífi, finnur sér starfsvettvang og stofnar fjölskyldu. Þessir kaflar bókarnar heilla ekki jafn mikið og fyrri hlutinn og vangaveltur um samfélag og sögu, samskipti kynjanna og fleira í þeim dúr verða á köflum fullspjallkenndir og endurtekningsamir. Sigríður fléttar víða tilvitnunarinnar inn í texta sinn, vitnar oft í gömul bréf og ljóð ættingja sinna og það

er iðulega fróðlegt og stundum stórmerkilegt. Tilvitnunarinnar í aðra, skáldskap, fræði og aðra texta bæta á hinn bóginn litlu við frásögn og vangaveltur hennar sjálfar. Meðal annars þess vegna verður seinni hluti bókarnar svolítið sundurlaus og undirritaður tengdi ekki við hann. Það breytir því þó ekki að þegar á heildina er litið er þetta fróðleg bók og áhuga-verð, fyrir þá sem ekki þekkja það samfélag og þann tíma sem hún fangar, en kannski ekki síst fyrir þá sem deila reynslu Sigríðar á einhvern hátt og geta speglað sig í henni.

Jón Yngvi Jóhannsson

NIÐURSTADA: Áhugaverð ævisaga, uppfull af vangaveltum um samfélag og sögu sem oft hitta í mark.



100%
Íslensk bók



Afmælisveislubókin

123 hugmyndir að töfrandi Disney afmælisveislum

Flottasta
afmælisbókin
er komin
í verlanir!

Afmælisveislubókin

123 hugmyndir að töfrandi Disney afmælisveislum

Afmælisveislubók Disney
-uppskrift að ævintýrlegu afmæli!

Fyrir afmælisbörn á öllum aldri!



Allt gott að fréttu bara

BAKPANKAR ÉG fæ stundum hroll þegar ég les athugasemdirnar á kommentakerfum netmiðlanna þegar fjallað er um ofbeldi gegn konum. Hryllti mig einmitt þegar fréttir bárust af aðgerðum lögreglunnar í Reykjavík á kampavínslúbbi þar sem hún handtók grunaða vændiskaupendur því hrollurinn er hvað mestur yfir því, hversu margir hneykslast á því að kaupendur vændis séu yfirleitt handteknir. Hversu óhugnanlega mörgum finnst sjálfsagt að geta keypt kynlífsaðgang að annarri mannesku. Það sé óeðlilegt að banna það, óeðlilegt að handtaka menn fyrir slíkt. Að fólk skuli tala um vændi sem eðlilegan hluta af samfélaginu, eins og að það sé bara í lagi.

GET ég þá gengið út frá því að fólk sem hefur þessa skoðun kippi sér ekki upp við að systur þeirra eða dætur „velji“ sér vændi að atvinnu? Nefni það í framhjá-hlaupi ásamt öðrum fréttum af fjölskyldunni þegar það rekst á gamla kunningja?

fyrir. Strákurinn fór í smíðinn og var að komast á samning, stelpa er í vændinu, þénar svona helvíti vel. Jú, jú, alltaf nóg að gera hjá henni, komin með fastakúna og svona. Þeir eru nokkrir vinnufélagar mínir sem versla við hana og ég hef ekki heyrt annað en að þeir séu ánægðir! En hvað segir þú, er ekki allt gott annars? Í lagi? Held ekki.

SVALA Heiðberg, verkefnisstjóri í athvarfi fyrir vændiskonur í hinni alræmdu Istedgade í Kaupmannahöfn, lýsti í viðtali í Kjarnanum fyrr í haust nútíðarlegum veruleika vændiskonanna þar eins og hann blasti við henni. Hún sagði umræðuna í Danmörku einmitt togast sitt á hvað um það hvort gera ætti kaup á vændi ólögleg eða ekki og var sjálf á þeirri skoðun, ef viðhorf til vændis ætti nokkurn tíma að breytast. Smám saman yxu þá upp kynslóðir sem myndist slíkrar verslun með manneskjur ekki í lagi.

ÞAD væri óskandi. En getur maður verið bjartsýnn þegar meira að segja þingmenn segja það ranga forgangsröðun hjá lögreglu að eltast við vændiskaupendur.



„Jú, allt gott að fréttu, þakka þér

Andköfum fagnað

Útgáfuhófi var haldið í Eymundsson í Austurstræti vegna fimmtu glæpasögu Ragnars Jónssonar, Andkafa. Hún fjallar eins og fyrri bækur Ragnars um lögreglumanninn Ara Þór Arason sem nú rannsakar morðmál norðan Skagastrandar.



ÁNÆGÐUR HÖFUNDUR Glæpasagnahöfundurinn Ragnar Jónsson með nýju bókina sína í hendinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



JÓNAS OG GÍSLI Jónas Sigurgeirsson og Gísli Hauksson mættu í Eymundsson.



GÓÐIR GESTIR Vigfús Þór Árnason, Skúli Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Jónas Skúlason voru á meðal gesta.



FÖGNUMU ANDKÖFUM Áslaug Emma Magnússon, Orri Ólafur Magnússon og Þóra Guðjónsdóttir fögnumu Andköfum.



MAMMA OG TVÆR FRÆNKUR Sigrún Reykdal, frænka Jónasar, Katrín Guðjónsdóttir, móðir hans, og Guðrún Reykdal, frænka hans, voru að sjálfsgöngu á staðnum.



SÓLVEIG OG MARGRÉT Sólveig Jörgensdóttir og Margrét Sigurðardóttir mættu í hófið.

PARADÍS: TRÚ

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

TO THE WONDER

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

SMÁRABÍÓ

CAPTAIN PHILLIPS KL. 5 - 8 - 10.45

CAPTAIN PHILLIPS LÚXUS KL. 5 - 8 - 10.45

INSIDIUS CHAPTER 2 KL. 8 - 10.20

KONAN Í BÚRINU KL. 8 - 10.15

BATTLE OF THE YEAR KL. 5.40

MÁLMAUS KL. 5.45 - 8 - 10.15

TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL KL. 3.30 - 5.40

TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL KL. 3.30

AULINN ÉG 2 2D KL. 3.30

HÁSKÓLABÍÓ

CAPTAIN PHILLIPS KL. 8 - 10.15

FRANCES HA KL. 6

KONAN Í BÚRINU KL. 5.45 - 10

GRAVITY 3D KL. 8 - 10.50

MÁLMAUS KL. 5.45 - 8 - 10.15

HROSS Í OSS KL. 6 - 8

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

CAPTAIN PHILLIPS KL. 8 - 10.30

INSIDIUS CHAPTER 2 KL. 8 - 10

KONAN Í BÚRINU KL. 6

MÁLMAUS KL. 6

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

CAPTAIN PHILLIPS

INSIDIUS: CAPTER 2

MÁLMAUS

ABOUT TIME

AULINN ÉG 2 - ÍSL. TAL

Sýningartímar

CAPTAIN PHILLIPS 6, 9

INSIDIUS: CAPTER 2 8, 10:20

MÁLMAUS 5:50

ABOUT TIME 9

AULINN ÉG 2 - ÍSL. TAL 6 2D

SAMBIÓIN

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR JACKASS MYNDIRNAR KEMUR „BAD GRANDPA“

FRÁ ÆM GRÍNMYND! Jackass presents **BAD GRANDPA**

98% ROTTEN TOMATOES

GRAVITY

RUSH

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IN

MYNDIN SEM ALLIR FÖRELDRAR ÁTTU AÐ FARA Á MEÐ BÖRNUM SÍNUM

ÍSLENSK STUTTMYND EFTIR BRAGA ÞÓR HINRIKSSON

DISCONNECT/HEILABROTINN

PRISONERS

AKUREYRI

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ	BORGARBÍÓ
BAD GRANDPA KL. 5:50 - 8 - 10:10	BAD GRANDPA KL. 5:50 - 8 - 10:10	BAD GRANDPA KL. 5:50 - 8
GRAVITY 3D KL. 5:50 - 8 - 10:10	GRAVITY 3D KL. 5:50 - 8 - 10:10	DISCONNECT/HEILABROTINN KL. 5:20 - 8 - 10:40
GRAVITY VIP 2D KL. 5:50 - 8 - 10:10	PRISONERS KL. 6 - 9 - 10:10	GRAVITY 2D KL. 5:50
RUSH KL. 5:30 - 8 - 10:40	THE NOSE KL. 6	PRISONERS KL. 8 - 10:10
PRISONERS KL. 6 - 8 - 9	BAD GRANDPA KL. 8:30 - 11	BAD GRANDPA KL. 5:50 - 8
AULINN ÉG 2 KL. 6	DISCONNECT/HEILABROTINN KL. 5:20 - 8 - 10:40	DISCONNECT/HEILABROTINN KL. 8
BAD GRANDPA KL. 8 - 10:10	GRAVITY 2D KL. 5:50	GRAVITY 3D KL. 10:10
GRAVITY 3D KL. 8	PRISONERS KL. 8 - 10:10	RUSH KL. 10:40
PRISONERS KL. 10:10	BAD GRANDPA KL. 5:50 - 8	PRISONERS KL. 5

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

MILT

HREIN TILVERA

ÁN OFNÆMIS- VALDANDI EFNA

Með því að nota mild þvottaefni eins og MILT, dregur þú úr líkum á því að þú eða einhverjir í þinni fjölskyldu fái ofnæmi eða exem.

**40 ÞVOTTAR
Í 2 KG PAKKA**

Þú þarft minna af MILT því það er sérþróað fyrir íslenskt vatn.



FARÐU MILDUM HÖNDUM UM
ÞIG, ÞVOTTINN OG UMHVERFIÐ

KEFLAVÍKURLIÐIN
BÆÐI Á SIGURBRAUT

STRÁKARNIR 6 SIGRAR Í RÖÐ

98-77 sigur á Þór P.	Lengjubikarinn
96-70 sigur á Snæfelli	Lengjubikarinn
89-58 sigur á KR	Lengjubikarinn
88-63 sigur á Stjörninni	Dominos-deildin
95-67 sigur á KFÍ	Dominos-deildin
88-85 sigur á Njarðvík	Dominos-deildin

Hafa unnið 11 af 12 keppnisleikjum undir stjórn Andys Johnston

STELPURNAR 8 SIGRAR Í RÖÐ

83-35 sigur á Stjörninni	Lengjubikarinn
92-70 sigur á Hamar	Lengjubikarinn
77-74 sigur á Val	Meistarakeppni KÍ
76-74 sigur á Haukum	Dominos-deildin
84-67 sigur á Grindavík	Dominos-deildin
86-85 sigur á Val	Dominos-deildin
79-63 sigur á Hamar	Dominos-deildin
73-64 sigur á Njarðvík	Dominos-deildin

Hafa unnið 8 af 10 keppnisleikjum undir stjórn Andys Johnston.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

Við fengum himnasendingu

Andy Johnston er með bæði Keflavíkurlíðin á toppi Dominos-deildanna í körfubolta. Falur Harðarson og félagar í stjórninni vildu fá ferska vinda inn í körfuboltann í Keflavík og sjá ekki eftir ákvörðun sinni.

KÖRFUBOLTI Falur Harðarson og félagar í stjórn Körfuboltadeildar Keflavíkur tóku stóra ákvörðun í sumar, ákvörðun sem kom mikið á óvart en er heldur betur farin að borga sig.

Ákveðið var að Sigurður Ingimundarson, sigursælasti körfuboltaþjálfari landsins, yrði ekki áfram með meistaraflokkana en í staðinn myndi stjórnin ráða Bandaríkjamanninn Andy Johnston fyrir bæði líðin.

„Það eru alltaf einhverjir óánægðir,“ segir Falur Harðarson, formaður Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, um viðbrögðin við að láta Sigurð fara í sumar.

Tveir mánuðir eru nú liðnir af tímabilinu, báðir meistaraflokkarnir hafa unnið alla sína leiki í Dominos-deildunum og bæði líð hafa þegar unnið sinn titilinn hvort.

„Það er langt frá því að ég geti eignað mér heiðurinn einn af þessu því það var sameiginleg ákvörðun stjórnarinnar að breyta til og fá ferska vinda inn í starfið,“ segir Falur.

Falur Harðarson hefur haldið góðu sambandi við Glenn Thomas sem þjálfaði Hauka 1990-91 og útvegaði Fal skólavist í Bandaríkjunum á sínum tíma. „Glenn kom okkur í samband við Andy og okkur Alla (Albert Óskarsson) leist svona svakalega vel á hann. Við Alli tókum með honum þrjá eða fjóra Skype-fundi og fengum þessa himnasendingu,“ segir Falur.

Falur segir að Andy hafi breytt miklu hjá líðinu og það hafi reynt mikið á mannskapinn til að byrja með. „Þetta er ekki búinn að vera einhver dans á rósum. Leikmennirnir eru búnir að leggja gríðarlega mikið á sig í að skipta algjörlega um leikskipulag. Það er allt alveg nýtt í sókninni og það hefur enginn spilað þetta áður,“ segir Falur og bætir við:

„Það eru menn sem eru búnir að vera lengi í körfubolta sem sögðu það eftir fyrstu vikunum að þeim líði eins og þeir kynnu ekki neitt



AD STÖRFUM Andy Johnston talar við leikmenn kvinnaliðsins. Falur Harðarson er til hægri.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

í íþróttinni,“ segir Falur og sögusagnir eru á kreiki um þéttskrifaðar töflur inni í klefa fyrir hvern leik.

„Að mínu mati er snilldin við þetta kerfi hjá honum að þetta er ekki fyrir einhverja superstjörnu því það eiga allir sinn möguleika. Það er það sem við erum að sjá bæði í karla- og kvinnaliðinu. Það er ekkert verið að taka skotkerfi fyrir Magga Gunnars því það er bara verið að hlaupa kerfið og þá kemur inn körfuboltagreindin sem allir þurfa að hafa til að meta hvað leikurinn er að bjóða upp á,“ segir Falur.

„Við Alli Óskars tókum það að okkur að tala við Andy á sínum tíma og við fórum í gegnum það með honum hvernig körfubolta hann vildi spila. Við hefðum aldrei ráðið einhvern gæja sem hefði látið líðið spila labbandi sókn á hálfum velli sem Keflavík hefur aldrei verið

þekkt fyrir,“ segir Falur. Hann segir Andy líka vera með mikinn aga og að hann sjái mun á því hvað leikmenn liðsins eru minna að röfla í dómurinum.

„Þetta er yndislegur maður og með körfubolta sem sitt stærsta áhugamál. Hann hefur mikla ástríðu fyrir körfuboltanum. Hann var með frábært viðhorf þegar við sögðum við hann að til þess að þetta væri hægt fjárhagslega þá yrði hann að vera með bæði líðin. Þá sagði hann að hann hefði ekki mikið komið nálægt því að þjálfra kvenfólk en að það yrði ekkert vandamál. Það er hægt að kenna öllum að spila körfubolta sagði hann,“ rifjar Falur upp. Keflavík hefur ekki unnið stóra titla ennþá en frammistaða liðanna tveggja lofar góðu.

„Það er nóg eftir af tímabilinu en það er ekkert að því að njóta þess á meðan vel gengur,“ sagði Falur að lokum.

ooj@frettabladid.is

Láttu hjartað ráða



10 KRÓNUR

AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS

LJÓSIÐ

„Hrískökurnar mínar eru glútenlausar og góðar með ýmsu áleggi. Þær eru hollar og henta því vel á milli mála.“

Sella

BONUS

HAGKAUP



HIMNESKT

6th
sense[®] INDUCTION

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



SPANSUÐU BYLTINGIN: BESTA ÚTKOMA Í MATAGERÐ Á HELMINGI STYTTRI TÍMA

Nýji Whirlpool 6th SENSE spansuðu ofninn kynnir til sögunnar alveg nýja aðferð við matagerð sem vekja mun aðdáun matargesta þinna og gera lífið einfaldara. Umbreytir notkun hefðbundinna ofna með nýrri 6th SENSE spansuðu tækni sem skilar þér matarréttum sem eru fullkomlega brúnaðir að utan en jafnt matreiddir að innan á helmingi styttri tíma. Þetta er gert mögulegt með byltingarkenndum spansuðu bakka sem staðsettur er innan í ofnrýminu, sem inniheldur sérstaka spansuðu pönnu. Útkoman? Þú getur matreitt eins og meistarakokkur en sparað um leið allt að 50% orkunnar*. Byltingin er hafin, með ótrúlega einstökum ofni.



*Sé spansuðu tæknin notuð, samanborið við Whirlpool ofn án spansuðu tækninnar og með forhitun.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Stöð 2 kl. 20.25 Kolla

Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna. Um-ræðuefnin verða af ýmsum toga og margar hugmyndir í gangi.



Í KVÖLD



Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs 2013

SJÓNVARPIÐ KL. 22.20 Uptaka frá verðlaunahátíð Norðurlandaráðs í Óperuhúsinu í Ósló fyrr í kvöld. Kynnar eru Sofia Helin, aðalleikkonan í Brúnni, og Hans Olav Brenner. Anna Porvaldsdóttir tónskáld afhendir tónlistarverðlaun.



Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course

SKJÁR EINN KL. 20.00 Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heildarlega heimaeldamennsku.

IMDb 5,5



Órlogadagurinn

STÖÐ 2 GULL KL. 20.25 Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirry frá deginum sem breytti lífi þess. Julie Sif Sigurðardóttir er ung stúlka í Háskóla Íslands.

Rás 2 kl. 09.05 Virkir morgnar

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum stjórna Andri Freyr Viðarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir. Þátturinn er í léttum dúr og fjallar hann um skemmtileg mál líðandi stundar ásamt líðinna og ólíðinna stunda.



DOMINO'S DEILD KVENNA

HAUKAR - SNÆFELL KL. 18:00

DOMINO'S DEILD KARLA

HAUKAR - SNÆFELL KL. 20:00

MIÐVIKUDAGINN 30. OKTÓBER
SCHENKER HÖLLINI, HAFNARFIRÐI

VALITOR

BÝÐUR ÖLLUM Á SPENNANDI LEIKI

THX 5.1 KERFI

Fyrir þá sem leggja mikið upp úr góðum hljóð fyrir bíómyndirnar, tölvuleikina og tónlistina. Skilar 500W RMS og er THX vottað. 165W bassabox.

99.990

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

STÖÐ 2

- 06.15 How I Met Your Mother
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Glee
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Chuck
- 13.45 Covert Affairs
- 14.30 Big Time Rush
- 14.55 Last Man Standing
- 15.15 Tricky TV
- 15.40 Fjörugi teiknimyndatímminn
- 16.05 Kalli kanína og félagar
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stelpurnar (5:20)
- 19.40 The Big Bang Theory (20:24)
- 20.05 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilinu eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
- 20.25 Kolla Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
- 20.55 Grey's Anatomy (6:22) Tíunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
- 21.40 Mistresses (13:13)
- 22.25 Hung (6:10)
- 22.55 American Pie 2 Bráðsmellin gamanmynd þar sem skrautlegar persónur snúa aftur. Eftirminnilegt skólaár er að baki og nú er allt sumarið fram undan með stanslausum gleðskap.
- 00.45 The Blacklist
- 01.30 Person of Interest
- 02.15 NCIS. Los Angeles
- 03.00 Diary of a Nymphomaniac
- 04.40 A Family Thanksgiving
- 06.10 The Big Bang Theory

SPORT

besta sætið

- 07.00 Man. Utd - Norwich
- 14.15 Miami - Chicago
- 16.15 Arsenal - Chelsea
- 17.55 Celta - Barcelona
- 19.35 Newcastle - Man. City Bein útsending
- 21.40 Man. Utd - Norwich
- 23.20 Newcastle - Man. City
- 01.00 Real Madrid - Sevilla

SPORT 2

enski boltinn

- 16.05 Football League Show
- 16.35 Tottenham - Hull
- 18.15 Aston Villa - Everton
- 19.55 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
- 20.50 Messan
- 22.00 Crystal Palace - Arsenal
- 23.40 Southampton - Fulham

INN

- 20.00 Árni Páll
- 20.30 Tölvur, tækni og kennsla
- 21.00 Fasteignaflofan
- 21.30 Á ferð og flugi

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

- 17.50 Bunheads
- 18.35 Bob's Burgers
- 19.00 Junior Masterchef Australia
- 19.50 The Carrie Diaries (1:13) Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekka úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og var að taka sín fyrstu spor á framabrotinu.
- 20.35 Arrow (3:23)
- 21.15 Damages (8:10)
- 22.05 2+6 (8:8) Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnr sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
- 22.35 Shameless (7:12)
- 23.30 Banshee (7:10)
- 00.20 Junior Masterchef Australia
- 01.10 The Carrie Diaries
- 01.55 Arrow
- 02.40 Damages
- 03.30 2+6
- 04.00 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Dóra könnuður
- 07.23 Svampur Sveinsson
- 07.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 07.59 Áfram Diego, áfram!
- 08.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 08.45 Latibær
- 08.59 Strumpanir
- 09.24 Ævintýri Tinna
- 09.46 Skoppa og Skríttla
- 09.59 Lukku láki
- 10.23 Ofurhundurinn Krypto
- 10.44 UKI
- 10.49 Hvellur keppnisbill
- 11.00 Dóra könnuður
- 11.23 Svampur Sveinsson
- 11.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 11.59 Áfram Diego, áfram!
- 12.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 12.45 Latibær
- 12.59 Strumpanir
- 13.24 Ævintýri Tinna
- 13.47 Skoppa og Skríttla
- 14.00 Lukku láki
- 14.24 Ofurhundurinn Krypto
- 14.45 UKI
- 14.50 Hvellur keppnisbill
- 15.00 Dóra könnuður
- 15.23 Svampur Sveinsson
- 15.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 15.59 Áfram Diego, áfram!
- 16.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 16.45 Latibær
- 16.59 Strumpanir
- 17.24 Ævintýri Tinna
- 17.46 Skoppa og Skríttla
- 17.59 Lukku láki
- 18.23 Ofurhundurinn Krypto
- 18.44 UKI
- 18.49 Hvellur keppnisbill
- 19.00 Puss N'Boots
- 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (1:22)
- 20.00 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (6:10)
- 20.25 Órlogadagurinn (22:30) Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirry frá deginum sem breytti lífi þess.
- 20.55 Cold Feet (5:8) Fjórða þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu bresku þáttum sem fjalla um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins, hvert með sínum hætti.
- 21.45 Prime Suspect 4 (1:3) Stöð 2 Gull rifjar upp þessa bresku og vinsælu þætti um lögreglukonuna Jane Tennison sem leikin er af Helen Mirren.
- 23.30 The Drew Carey Show (12:24)
- 23.55 Curb Your Enthusiasm
- 00.25 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
- 00.50 Órlogadagurinn
- 01.20 Cold Feet
- 02.10 Prime Suspect 4
- 03.55 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 11.20 Philadelphia
- 13.25 The Dilemma
- 15.15 The Marc Pease Experience
- 16.40 Philadelphia
- 18.45 The Dilemma
- 20.35 The Marc Pease Experience
- 22.00 The Way of War
- 23.30 Rock of Ages
- 01.35 The Goods. Live Hard, Sell Hard
- 03.05 The Way of War

RÚV

- 16.40 360 gráður
- 17.10 Friðþjófur forvitni
- 17.33 Nína Pataló
- 17.40 Geymslan
- 18.05 Táknaálsfréttir
- 18.15 Djöflaeyjan
- 18.45 Íþróttir
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Læknamiðstöðin (13:13) (Private Practice VI)
- 20.45 Krabbinn (5:8) (The Big C IV) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í út-hverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Að-allhlotverkið leikur Laura Linney og hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir þættina.
- 21.15 Kiljan Bókabáttur Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs 2013 Uptaka frá verðlaunahátíð Norðurlandaráðs í Óperuhúsinu í Ósló fyrr í kvöld. Kynnar eru Sofia Helin, aðalleikkonan í Brúnni, og Hans Olav Brenner. Fram koma tónlistarkonurnar Ane Brun og Mari Boine, finnski harmónikkuleikarinn Kimmo Pohjonen, trompetleikarinn Nils Petter Mølvær og Barnakór Óperunnar sem syngur Astrid Lindgren-syrpu með Georg Riedel. Anna Porvaldsdóttir tónskáld afhendir tónlistarverðlaun.
- 23.35 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - Aurar. Leikstjóri: Emil Moravek. Verðlaunamynd við útskrift í Kvikmyndaskóla Íslands vorið 2012.
- 00.00 Kastljós
- 00.20 Fréttir
- 00.30 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr.Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.50 Design Star
- 17.40 Dr.Phil
- 18.20 Kitchen Nightmares
- 19.10 Parks & Recreation
- 19.35 Cheers (4:26)
- 20.00 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course (12:20)
- 20.30 Borð fyrir fimm (3:8) Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggí Hall, Svavar Örn og vinsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla. Vinirnir Sindri og Ármann ætla að bjóða upp á björtengda matargerð enda er hægt að nota bjór í ýmislegt annað en að þjóra hann.
- 21.10 Unforgettable (7:13)
- 22.00 Ray Donovan (6:13)
- 22.50 CSI Miami (6:24) H
- 23.40 Sönn íslensk sakamál
- 00.10 Dexter
- 01.00 Borð fyrir fimm
- 01.30 Ray Donovan
- 02.20 The Borgias
- 03.10 Excused
- 03.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport
- 08.10 Golfing World
- 09.00 CIMB Classic 2013
- 13.00 CIMB Classic 2013
- 15.00 CIMB Classic 2013
- 18.00 Golfing World
- 18.50 CIMB Classic 2013
- 20.40 Champions Tour - Highlights
- 21.35 Inside the PGA Tour
- 22.00 Golfing World
- 22.50 The Open Championship Official Film 2005
- 23.45 Golfing World
- 00.35 Eurosport

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun



50% AFSLÁTTUR Jólatilboð á arineldstæðum



20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Sérfræðingar í heilsurúmum

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.

**Að vakna endurnærð/ur
eftir góðan svefn er ein
besta stund dagsins**



FAGLEG
RÁÐGJÖF OG
**FRÍ LEGU-
GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna, og fáðu faglega
ráðgjöf um val á heilsudýnum,
án skuldbindinga!

SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



BÍÓMYNDIN



„Kvikmyndin High Fidelity er í uppáhaldi hjá mér. Mér finnst hún mjög skemmtileg og ekki spillir fyrir hversu góð tónlist er í myndinni.“

Erla Jónatansdóttir, tónlistarkona og háskólanemi.

Airwaves-tónleikar fyrir unglunga í fyrsta sinn

Í ár fara fram í fyrsta sinn Airwaves-tónleikar fyrir unglunga sem ekki hafa aldur til að sækja formlegu hátíðina.

„Þetta er í fyrsta skiptið sem að þetta er haldið og er allt unnið í samvinnu við Airwaves,“ segir Svava Gunnarsdóttir, leiðbeinandi hóps sem hefur unnið að skipulagningu Airwaves-tónleika fyrir unglunga á vegum Samfés.

„Hugmyndin að tónleikum vaknaði hjá Samfés, við ákváðum að setja saman unglingahóp sem hefur unnið að skipulagningunni. Þetta er sérstaklega gert fyrir unglungana sem ekki eru komnir með aldur til að mæta á formlegu Airwaves-hátíðina. Markmið þeirra er að bæta tónleikamenningu ungs fólks. Skólaböll og diskótek eru í rauninni það helsta sem unglungar hér á landi hafa aðgang að,“ útskýrir Svava.

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, er mjög

hrifinn af framtakinu en fyrsta skref skipulagningarhópsins var að tala við Grím.

„Við fengum styrk frá Evrópu unga fólksins, samtökum þar sem hægt er að sækja um styrki, en þau vinna að málum ungs fólks í Evrópu,“ segir Svava.

Tónleikarnir eru einnig unnir í samstarfi við tónleikaröðina Drullumall, sem fer fram einu sinni í mánuði í Austurbæjarskóla.

Tónleikarnir fara fram í Risinu í Austurbæjarskóla í dag og á morgun og eru hluti af utandagskrá Airwaves-hátíðarinnar. Þar koma fram fimm unglingasveitir og fimm reyndari sveitir, þeirra á meðal eru Emmsjé Gauti, Meistarar Dauðans, Dikta og Lockerbie.



LEIÐBEINIR SKIPULAGSHÓPNUM Svava Gunnarsdóttir sér um að leiðbeina hópnum sem skipuleggur fyrstu Airwaves-unglingatónleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TILBOÐ VIKUNNAR

ÞORSKBITAR

Roðlausir og beinlausir

1.390

kr.kg

HUMAR

Stærð 30/40

2.600

kr.kg

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
fiskikongurinn.is
s. 587 7755



SIGURVEGARAR Í GÖTUDANSI

Keppni í street-dansi fór fram á laugardag. Fv. Stefán Halldór, Anastasiya Pulgari, Hallmann, Agnes Einarsson, Fim Suwit Chotnok, Hrafnhildur Svala og Brynjar Dagur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ástfangin af waacking-dansinum

Keppni í street-dansi fór fram á laugardaginn var. Keppt var í flokki ólíkra hópa og í einstaklingsflokki. Hrafnhildur Svala og Cyborgs voru í hópi sigurvegaranna.

Keppni í street-dansi fór fram í íþróttahúsinu við Seljaskóla á laugardag. Þar var meðal annars keppt í breikdansi, hipp hoppi og popping. Dansskóli Brynju Pétursdóttur stóð fyrir viðburðinum og var bandaríski danshöfundurinn Emilio Austin Jr. gestadómari.

Hrafnhildur Svala Sigurjónsdóttir fór með sigur af hólmum í waacking-dansi, en hún keppti einnig í dancehall og í hópaflökki með Diamonds-danshópnum.

„Ég byrjaði í ballett þegar ég var sex ára og skipti svo yfir í djassballett. Ég byrjaði ekki að æfa waacking fyrr en á síðasta ári og varð strax ástfangin af dansin-

um, þetta er það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Hrafnhildur Svala sem æfði stíft í allt sumar. Hún undirbjó sig meðal annars með því að horfa á dansmyndbönd á YouTube.

Hrafnhildur hóf nám á náttúrufræðibraut við Menntaskólann í Reykjavík í haust og hyggur á lækningarnám í framtíðinni. „Það er svolítið erfitt að vera svona mikið í dansi með náminu, en ég reyni bara að skipuleggja mig vel,“ segir hún.

Danshópurinn Cyborgs bar sigur úr bótum í hópaflökki. Hallmann Sigurðarson, Stefán Halldór og Brynjar Dagur Albertsson

skipa hópinn, en piltarnir eru á aldrinum tólf til fimmtán ára.

Hallmann hefur æft popping í tvö ár en hópurinn hefur æft saman í rúmum árum. „Ég sá myndband af popping á netinu og fór að æfa mig sjálfur. Svo fann ég Dansskóla Brynju og byrjaði að æfa hjá henni, ég kynntist Stefáni og Brynjari þar,“ útskýrir Hallmann. Hann segir keppnina í ár hafa verið sérlega harða. „Við náðum bara að æfa vikuna fyrir keppni. Við búum langt hver frá öðrum sem gerir æfingar flóknar, þannig að sigurinn kom skemmtilega á óvart,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

Scintilla safnar fyrir speglum

Linda Björg Árnadóttir textílhönnuður segir Karolina Fund góða leið fyrir einstaklinga til að styðja við bakið á íslenskum sprotafyrirtækjum.

„Okkur langaði að gera eitthvað nýtt og fallegt. Við ætlum að reyna að safna 3.500 evrum upp í framleiðslukostnað speglanna sem við sýnum í Spark Design í nóvember,“ segir Linda Björg Árnadóttir, fata- og textílhönnuður. Fyrirtæki hennar, Scintilla, safnar nú fyrir framleiðslu sandblásinna spegla á söfnunarsíðunni Karolina Fund. Þeir sem leggja verkefninu lið geta eignast slíkan spegil.

Scintilla hefur hingað til lagt áherslu á umhverfisvænar heimilisvörur á borð við púða, handklæði og kerti. Ætlunin er að bæta vörum við línuna í framtíðinni og eru speglarnir liður í því. Linda Björg segir Karolina Fund vera skemmtilega leið fyrir fólk til að styðja við bakið á íslenskum sprotafyrirtækjum. „Þú ert ekki aðeins að hjálpa ungu vörumerki að koma nýrri vöru á

340 evrur höfðu safnast í gær. Enn er 21 dagur eftir af söfnunaráttakinu.

markað, heldur einnig að styðja við nýsköpun, og um leið eignastu hönnunargrip sem mun endast út ævina.“

Líkt og áður sagði eru speglarnir með sandblásnu munstri að framan og aftan, að auki er munstur málað í lit aftan á spegilinn og sést það aðeins í gegn þar sem gleríð er sandblásið. Speglnir eru í fimm ólíkum stærðum. Aðspurð kveðst Linda Björg bjartsýn um að takmarkið náist. „Þetta er spurning um allt eða ekkert, ef við náum ekki að safna allri upphæðinni fær fólk endurgreitt. En við erum mjög bjartsýnar á að þetta takist,“ segir hún að lokum.



SAFNA FÜRIR SPEGLUM Linda Björg Árnadóttir hönnuður safnar fyrir nýrri vöru á Karolina Fund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Megas hlýtur heiðursverðlaun Félags tónskálda og textahöfunda




Loksins fánleg á ný – árituð mynd af meistaranum fylgir

„Stétt okkar er mikill sómi að slíkum andans jöfrum.“

Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



Nýtt á Domino's

50%

AFSLÁTTUR AF

COKE ZERO



Í DAG OG Á MORGUN FÁ VIÐSKIPTAVINIR DOMINO'S ÍSKALDA
2 LÍTRA COKE ZERO Á AÐEINS 199 KR. MEÐ MÁLTÍÐINNI!



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Krefjandi hlutverk

Leik- og söngkonan **Ágústa Eva Erlendsdóttir** fer með eitt af aðalhlutverkunum í nýjustu mynd leikstjórans Olafs de Fleur, Blóð hraustra manna.

Myndin er framhald kvikmyndarinnar Borgríkis sem kom út árið 2011 og tókum á nýju myndinni lauk nýverið. Tökurnar gengu að sögn Ágústu vel en í Blóð hraustra manna eru ýmis krefjandi áhættuatriði.



„Þetta hafðist með marblettum, rífnum fötum og smá blóði hér og þar,“ segir Ágústa.
- hag

Mikil aðsókn í Jólaljónunna

Skráningu í söngvakeppnina Jólaljónunna 2013 lauk fyrir skömmu en tæplega 500 manns sendu inn umsókn. Þátttakendurnir eru ungt fólk á aldrinum sextán ára og yngri, en þetta er í þriðja sinn sem keppnin fer fram. Jólaljónunna kemur fram á Jólagestum **Björgvins Halldórssonar** sem fram fara hinn 14. desember í Laugardalshöllinni. Dómnefndin vinnur nú hörðum höndum við að leita að Jólaljónunni en nefndina skipa ásamt Björgvini Halldórssyni þau Gunnar Helgason, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Hulda Björk Garðarsdóttir.

-glp

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Getum ekki boðið upp á aukasýningu eins og Björgvin Halldórsson“
- 2 Twitter logar: Takk Klúðursamband Íslands
- 3 Ætla að kæra Tal og Flix til lögreglunnar
- 4 Barnafjölskylda missir allt sitt
- 5 „KSÍ er ekki geðslegur klúbbur“

Kætum krílin!



Stútfull af hugmyndum

Glæsileg hekluppskriftabók eftir Marín Þórsdóttur



WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

WOW, TIL HAMINGJU

Við óskum vinum okkar hjá **WOW air** innilega til hamingju með **flugrekstrarleyfið**.
Haldið áfram að gera góða hluti í háloftunum!

